

# **Einkavæðing 1999 -2003**

*Skýrsla framkvæmdanefndar um einkavæðingu*

Maí 2003

**Einkavæðing 1999-2003**  
**Skýrsla**  
**ISBN XXX-xXX**  
**2003**  
**Prentsmiðjan Oddi hf.**

## Efnisyfirlit

<b>1. INNGANGUR .....</b>	<b>6</b>
1.1. STARF NEFNDARINNAR .....	7
1.2. ALMENN MARKMIÐ OG STEFNUMÓTUN UM EINKAVÆÐINGU .....	9
1.3. TEKJUR RÍKISSJÓÐS AF SÖLU HLUTABRÉFA .....	10
1.4. KOSTNAÐUR AF SÖLU HLUTABRÉFA RÍKISINS .....	11
1.5. ÞRÓUN SÖLUADFERÐA .....	12
1.6. SVEIFLUR Á VERÐBRÉFAMÖRKUÐUM .....	14
1.7. VERKLAGSREGLUR UM EINKAVÆÐINGU OG ATHUGASEMDIR RÍKISENDURSKOÐUNAR Í TENGLUM VIÐ SÖLU Á KJÖLFESTUHLUT Í LANDSBANKA ÍSLANDS HF. ....	15
<b>2. EINKAVÆÐINGARVERKEFNI .....</b>	<b>17</b>
2.1. HÓLALAX HF. ....	17
2.2. FJÁRFESTINGARBANKI ATVINNULÍFSINS HF. ....	19
2.3. ÍSLENSKA MENNTANETIÐ .....	23
2.4. LANDSBANKI ÍSLANDS HF. ....	25
2.5. BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS HF. ....	32
2.6. INTERNET Á ÍSLANDI HF. ....	34
2.7. KÍSILÍÐJAN HF. ....	36
2.8. STOFNFISKUR HF. ....	38
2.9. LANDSSÍMI ÍSLANDS HF., SEPT. 2001 .....	40
2.10. STEINULLARVERKSMÍÐJAN HF. ....	49
2.11. ÍSLENSKA JÁRNBLENDIFÉLAGIÐ HF. ....	52
2.12. ÍSLENSKIR AÐALVERKTAKAR HF. ....	54
2.13. SEMENTSVERKSMÍÐJAN HF. ....	58
<b>3. VIÐAUKAR.....</b>	<b>61</b>
3.1. GREINARGERÐ UM UNDIRBÚNING OG FRAMKVÆMD SÖLU Á HLUTABRÉFUM RÍKISSJÓÐS Í LANDSSÍMA ÍSLANDS HF. ....	61
3.2. VERKLAGSREGLUR UM EINKAVÆÐINGU .....	75
3.3. SALA Á HLUTABRÉFUM RÍKISSJÓÐS KJÖRTÍMABILÍÐ 1999-2003 .....	78

## Formáli

Einkavæðing og sala hlutabréfa í fyrirtækjum ríkisins, sem starfa í samkeppnisumhverfi, hefur verið eitt af helstu stefnumálum ríkisstjórnarinnar. Í upphafi voru skilgreind skýr markmið um að ríkið hygðist hætta afskiptum af tilteknum mörkuðum og einkavæðing ríkisfyrirtækja undirbúin á öðrum. Við lok kjörtímabilsins virðist ljóst að markmið ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu hafa náðst. Í nýlegri skýrslu OECD um stöðu efnahagsmála á Íslandi kemur fram að eitt af þeim atriðum sem stuðlað hafa að góðu efnahagsumhverfi hér á landi sé einkavæðing og telur stofnunin einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar hafa tekist mjög vel. Mikilvægt er að hafa þetta í huga þegar árangur af einkavæðingu er metinn í lok kjörtímabilsins.

Sem fyrr hefur einkavæðing og framkvæmd hennar verið tilefni umræðu bæði á Alþingi og í fjölmiðlum. Í þessu samhengi er rétt að hafa í huga að einkavæðing getur oft á tíðum verið flókið ferli þar sem mun fleiri þættir skipta máli en einungis sala á hlutabréfum. Áður en salan fer fram á sér gjarnan stað nákvæm skoðun á rekstri viðkomandi fyrirtækja þar sem reynt er að tryggja að fyrirtækið sé reiðubúið til að starfa á almennum markaði. Í þessu ferli koma iðulega upp mál sem þarf að leysa áður en til einkavæðingar kemur og verður það oft til þess að um þau skapast heitar umræður. Fjölmörg dæmi eru um þetta í einkavæðingarverkefnum á síðustu árum. Slík mál þurfa ekki að vera tengd framkvæmd einkavæðingar heldur hefur einkavæðingarferlið afhjúpað þau. Að sama skapi og einkavæðingarferlið reynir mjög á innviði fyrirtækja má færa rök fyrir því að þær breytingar sem fylgja einkavæðingu hafi jafnan góð áhrif á rekstur þeirra.

### Undirbúningur og framkvæmd

Einkavæðing ríkisfyrirtækja felst ekki einungis í vali á söluaðferð og framkvæmd sölu. Í mörgum tilvikum er um að ræða langan undirbúningsferil sem felst í því að gera viðkomandi fyrirtæki og þá markaði sem þau starfa á hæfari til að takast á við þær breytingar sem einkavæðing hefur í för með sér. Sem dæmi um þetta starf má nefna hlutfélagavæðingu sem var fyrirferðarmikil hér á landi á árunum 1996-1998 þegar ríkisviðskiptabönkunum var breytt í hlutafélag, Landssími Íslands hf. var stofnaður, Íslenskum aðalverktökum hf. var breytt í hlutafélag og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. komið á fót.

Segja má að góður undirbúningur frá fyrra kjörtímabili hafi skilað sér í viðamikilli sölu á hlutabréfum ríkissjóðs á því kjörtímabili sem senn lýkur og má í því sambandi sérstaklega nefna fjármálastofnanir. Undirbúningar einkavæðingar Landssíma Íslands hf. sker sig þó úr hvað þetta varðar enda liggur þar að baki sértæk vinna bæði innan fyrirtækisins og varðandi umhverfi fjarskipta hér á landi sem miðaði að því að undirbúa fjarskiptamarkaðinn og fyrirtækið undir einkavæðingu.

Ljóst er að ríkisstjórninni hefur tekist að marka einkavæðingu ríkisfyrirtækja stefnu og jafnframt tekist að hrinda þessari stefnu með farsælum hætti í framkvæmd. Sú staðreynd ætti að reynast næstu ríkisstjórn haldbært vegarnesti í áframhaldandi einkavæðingu á næsta kjörtímabili.

## 1. Inngangur

Kjörtímabilið hefur verið viðburðaríkt á sviði einkavæðingar. Alls fóru fram 13 sölur á hlutbréfum í eigu ríkisins í 9 fyrirtækjum. Söluvirði seldra hlutabréfa á tímabilinu er rúmlega 54,6 milljarðar króna. Í upphafi kjörtímabilsins var seldur eftirstandandi hlutur ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. eða 49% alls hlutafjár í félaginu. Um var að ræða stærstu einstöku sölu á hlutabréfum sem hafði farið fram á þeim tíma sem skilaði ríkissjóði meira en 9700 milljónum króna. Áður hafði eftirstandandi hlutur í Hólalaxi hf. verið seldur. Í desember 1999 var svo stigið fyrsta skrefið í því að selja hlut ríkisins í viðskiptabönkunum tveimur, Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf., en ríkisstjórnin hafði í stefnuyfirlýsingu sinni lagt á það áherslu að ríkið myndi fyrir lok kjörtímabilsins alfarið draga sig út úr eignarhaldi á bönkunum.

Árið 2000 einkenndist af viðamiklum undirbúningi framkvæmdanefndar um einkavæðingu fyrir sölu á Landssíma Íslands hf. en sú einkavæðing krafðist mikillar vinnu m.a. hvað varðaði umræðu um grunnnet, samkeppni og verðlagningu á símaþjónustu. Á árinu voru seld hlutabréf ríkisins í tveimur félögum, annars vegar í Interneti á Íslandi hf. og hins vegar í Kísiliðjunni við Mývatn. Í september 2001 fór fram útboð á eftirstandandi hlut ríkisins í Stofniskerfi og voru þar með stigin lokaskrefin í einkavæðingu fyrirtækisins sem hafði á tímabili verið nánast að öllu leyti í eigu ríkisins.

Í sama mánuði fór fram fyrsti áfangi sölu hlutabréfa í Landssíma Íslands hf. og voru 16% heildarhlutafjár í félaginu boðin almenningi til sölu í opnu útboði og 8% í tilboðssölu til fjárfesta. Rúmlega 1900 einstaklingar tóku þátt í almenna útboðinu og að auki rúmlega 600 starfsmenn sem voru boðin sérstök kjör í sölunni. Í framhaldi af almennu útboði var hafist handa við leit að kjölfestufjárfesti til að kaupa stóran eignarhlut í Landssímanum og fór fram umfangsmikil vinna við söluferli sem miðaði að því að laða að erlend símafyrirtæki til að koma að rekstri félagsins. Nokkrir aðilar höfðu sýnt áhuga á kaupum á þessum tíma en ljóst var að umhverfi símafyrirtækja í heiminum var að breytast og sú bjartsýni sem einkennt hafði fjarskiptamarkaði var ekki lengur til staðar. Í stað þess að lækka verð niður fyrir þau mörk sem skilgreind höfðu verið sem lágmarksverð var því ákveðið að fresta sölu. Samhliða og í kjölfar sölutilrauna gekk fyrirtækið í gegnum umfangsmiklar breytingar bæði hvað varðar stjórnun og í almennu umhverfi fjarskipta hér á landi. Þessar breytingar hafa skilað jákvæðum árangri í rekstri og gert fyrirtækið samkeppnishæfara á markaði. Það starf sem unnið var við undirbúning einkavæðingar Landssímans hefur leitt af sér að fyrirtækið er betur í stakk búið fyrir frekari sölu á hlutabréfum ríkisins þegar markaðsaðstæður batna og ásætlanlegt verð fæst fyrir hlutabréfin.

Á árinu 2002 voru tekin mikilvæg skref á sviði einkavæðingar. Í kjölfar þess að hinn svokallaði Samson hópur ritaði bréf til nefndarinnar og lýsti yfir áhuga á kaupum á umtalsverðum hlut í Landsbanka Íslands hf. var hafinn söluferill

sem miðaði að því að selja kjölfestuhlut bæði í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Hafist var handa um sölu Landsbankans og Búnaðarbankinn fylgdi í kjölfarið. Niðurstaða þessa söluferils varð sú að Samson ehf. keypti 45,8% hlutabréfa í Landsbankanum en Eglu hf., Vátryggingafélag Íslands hf., Samvinnulífeyrissjóðurinn og Eignarhaldsfélag Samvinnutrygginga keyptu samsvarandi hlut í Búnaðarbankanum. Gengið var frá samningum um Landsbankann á gamlársdag 2002 en Búnaðarbankann 16. janúar 2003. Samanlagt eru þessi verkefni þau stærstu sem unnin hafa verið á vegum framkvæmdanefndar um einkavæðingu og mörkuðu þau þáttaskil í íslensku fjármálalífi þar sem ríkið hefur með sölu á þessum hlut dregið sig út úr rekstri fjármálastofnana.

Síðustu mánuðir kjörtímabils núverandi ríkisstjórnar hafa verið annasamir á sviði einkavæðingar. Í febrúar samþykkti ríkisstjórnin tillögur framkvæmdanefndar um einkavæðingu um verkefni næstu mánaða. Í tillögunum var gert ráð fyrir að tekjur af einkavæðingu vorið 2003 yrðu í kringum 5 milljarðar króna. Meðal verkefna var lagt til að seldur yrði eftirstandandi hlutur ríkisins í báðum viðskiptabönkunum og eftirstandandi hlutur í Íslenskum aðalverktökum hf. Sala á eftirstandi hlut ríkisins í bönkunum gekk afar vel og seldust þau hlutabréf sem voru til sölu í útboðunum á svipstundu. Hafinn var undirbúningur að sölu á hlut ríkisins í Íslenskum aðalverktökum hf. og Sementsverksmiðjunni hf. þar sem leitað var tilboða í allan hlut ríkisins af einum fjárfesti eða einum hóp fjárfesta.

Þegar á heildina er litið hefur náðst markverður árangur á sviði einkavæðingar á kjörtímabilinu og þau markmið sem sett voru í upphafi kjörtímabilsins hafa náðst. Gjörbreytt staða er uppi á fjármálamarkaði, ríkið hefur dregið sig út úr eignarhaldi á verktakastarfsemi, rekstri verksmiðja og laxeldi. Tekist hefur að vinna að framkvæmd þessara verkefna þannig að eftir standa öflug fyrirtæki á viðkomandi markaði og ríkið hefur notið góðra tekna af sölu þeirra.

### **1.1. Starf nefndarinnar**

Sem fyrr hefur yfirstjórn einkavæðingar verið í höndum ríkisstjórnar og fjögurra manna ráðherra nefndar á hennar vegum. Í ráðherra nefnd um einkavæðingu eiga sæti forsætisráðherra, utanríkisráðherra, fjármálaráðherra og iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Á kjörtímabilinu hafa setið í ráðherra nefndinni Davíð Oddsson, Halldór Ásgrímsson, Geir H. Haarde auk Finns Ingólfssonar og Valgerðar Sverrisdóttur sem tók sæti Finns í desember 1999.

Í upphafi kjörtímabilsins skipaði forsætisráðherra framkvæmdanefnd um einkavæðingu og áttu sæti í nefndinni sömu einstaklingar og setið höfðu í nefndinni á kjörtímabilinu 1995-1999. Nefndin var skipuð eftirfarandi einstaklingum: Hreinn Loftsson hrl., sem skipaður var formaður nefndarinnar, Jón Sveinsson hrl., Steingrímur Ari Arason hagfræðingur og Sævar Þór Sigurgeirsson löggiltur endurskoðandi. Breytingar urðu á skipan nefndarinnar á árinu 2002 þegar Ólafur Davíðsson, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu, tók

sæti Hreins Loftssonar í febrúar og þegar Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, tók sæti Steingríms Ara Arasonar í september 2002. Starfsmenn nefndarinnar á tímabilinu voru Skarphéðinn B. Steinarsson, fyrrv. skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu og Guðmundur Ólason, stjórnsýslufræðingur í fjármálaráðuneytinu. Við undirbúning og framkvæmd einstakra verkefna hafa fulltrúar viðkomandi ráðuneyta tekið sæti í nefndinni og ber þar sérstaklega að nefna Benedikt Árnason skrifstofustjóra í viðskiptaráðuneyti sem vann með nefndinni að þeim fjölmörgu verkefnum sem heyrðu undir það ráðuneyti.

Hlutverk framkvæmdanefndar um einkavæðingu er að annast undirbúning og samræmingu verkefna á sviði einkavæðingar. Á verksviði nefndarinnar er yfirumsjón með breytingu ríkisfyrirtækja í hlutafélög, sölu ríkisfyrirtækja, ríkiseigna, sölu eignarhluta ríkisins í öðrum fyrirtækjum svo og útboðum á verkefnum og þjónustu á vegum ríkisins og ríkisstofnana. Þá er hlutverk nefndarinnar að gæta þess að við breytingar á rekstrarformi eða eignarhaldi í fyrirtækjum sé réttur starfsmanna tryggður.

Kaup á utanaðkomandi ráðgjöf hefur verið stór þáttur í starfi nefndarinnar enda krefjast verkefni hennar margvíslegrar sérfræðipækkingar á hinum ýmsu sviðum. Meðal sérfræðinga sem nefndin hefur leitað til eru sérfróðir menn á sviði fjarskipta og tæknimála, þróun hlutabréfamarkaðar, verðmyndunar á hlutabréfum auk umsjónar með sölu á hlutabréfum. Stærri verkefni á vegum nefndarinnar hafa verið boðin út, bæði innanlands og á alþjóðlegum fjármálamarkaði og er þá átt við umsjón og undirbúning með öllum stærstu verkefnum nefndarinnar á kjörtímabilinu. Útboðin hafa skilað markverðum árangri og hefur nefndin notið hagstæðra kjara við kaup á sérfræðiráðgjöf. Meðal þeirra fjármálafyrirtækja sem unnið hafa fyrir nefndina frá árinu 1999 eru Landsbanki Íslands hf., Búnaðarbanki Íslands hf., Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. (nú Íslandsbanki hf.), Verðbréfastofan hf., PWC á Íslandi og í London og HSBC Investment Bank. Auk framangreindra fyrirtækja hefur nefndin, í þeim tilvikum þar sem um minni félög er að ræða, leitað til Ríkiskaupa varðandi auglýsingar og umsjón sölunnar.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu hefur á tímabilinu unnið að kynningu á framkvæmd einkavæðingar og einstökum verkefnum sem hafa verið á döfnni hverju sinni. Nefndin hefur litið á það sem mikilvægt hlutverk sitt að koma upplýsingum á framfæri í því skyni að tryggja gagnsæi við framkvæmd einkavæðingar og stuðla að málefnalegri umræðu um einkavæðingu. Í þessu sambandi má nefna útgáfu á skýrslu nefndarinnar um undirbúning og einkavæðingu Landssíma Íslands hf. og fundi víða um land til að kynna tillögur nefndarinnar, ítarlega greinargerð um sölufarlið í Landssímanum, fréttatilkynningar um stöðu einstakra verkefna auk þess sem fulltrúar nefndarinnar hafa haldið fjölmargar kynningar á fundum, ráðstefnum og í menntastofnunum. Í tengslum við löggjöf er snýr að verkefnum eða tillögum nefndarinnar hafa nefndarmenn veitt Alþingi upplýsingar um tiltekin mál og



nefndin hefur fengið allmörg lagafrumvörp til umsagnar. Vert er að nefna að nefndin hefur kappkostað gott samstarf við helstu aðila á verðbréfamarkaði og má í því sambandi nefna Kauphöll Íslands hf., Fjármálaeftirlitið og fjölmargir fundir því verið haldnir á vegum nefndarinnar með fjármálastofnunum og helstu fagfjárfestum.

### **1.2. Almenn markmið og stefnumótun um einkavæðingu**

Markmið með einkavæðingu geta verið efnahagsleg, pólitísk eða fjárhagsleg. Þessi markmið eru ekki alltaf samrýmanleg og vel er þekkt að ólík lönd hafa lagt mismunandi áherslu á markmið með einkavæðingu ríkisfyrirtækja. Markmið með einkavæðingu geta jafnframt breyst milli mismunandi verkefna og milli tímabila. Almenn er talið mikilvægt að ríkið hverfi úr starfsemi þar sem samkeppni ríkir og gefi þar með einstaklingum og einkafyrirtækjum aukið svigrúm til athafna á viðkomandi sviði án afskipta ríkisvaldsins. Einkavæðing hefur einnig lengi verið hluti af hugmyndafræði stjórnmalaflokka þó mismunandi áherslna gæti milli flokka. Fjárhagsleg markmið hafa um árabíl haft mikið að segja um áherslur við einkavæðingu. Í fjölmörgum löndum hefur kreppa í ríkisfjármálum orðið hvati að einkavæðingu ríkisfyrirtækja til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð.

Hér á landi hafa markmið með einkavæðingu verið nokkuð skýr enda hefur einkavæðing verið skilgreint markmið síðustu ríkisstjórna.

Almenn markmið með einkavæðingu á ríkisfyrirtækjum komu fram í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks frá 23. apríl 1995.

Efnahagslegur stöðugleiki og jafnvægi í ríkisfjármálum eru forsendur framfara, lágra vaxta, öflugis atvinnulífs og atvinnuöryggis. Framtak einstaklinga verður virkjað í þágu aukinnar verðmætasköpunar. Á þann hátt verður stuðlað að hagsæld, félagslegum umbótum og afkomuöryggi. ...

Nánar er vikið að einkavæðingu, sérstaklega þar sem rakin eru meginmarkmið ríkisstjórnarinnar. Þar segir m.a.:

Að vinna að nýskipan í ríkisrekstri, t.d. með auknum útboðum, sameiningu stofnana, þjónustusamningum, breyttu launakerfi og aukinni ábyrgð stjórnenda. Stefnt verður að meiri hagkvæmni við opinberar framkvæmdir. Unnið verður að því að gera ríkisrekstur einfaldari en um leið skilvirkari. Aðstöðumunur verður jafnaður þar sem ríkið stundar atvinnurekstur í samkeppni við einkaaðila. Arðsemiskröfur verða gerðar til fyrirtækja ríkisins.

Að leggja fram áætlun á sviði einkavæðingar sem unnið verður að á kjörtímabilinu. Áhersla verður lögð á að breyta rekstrarformi ríkisviðskiptabanka og fjárfestingarlánasjóða. Það á einnig við um fyrirtæki og stofnanir í eigu ríkisins sem eru í samkeppni við einkaaðila. Unnið verður að sölu ríkisfyrirtækja á kjörtímabilinu í samræmi við ákvarðanir Alþingis.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks frá 28. maí 1999 segir um einkavæðingu ríkisfyrirtækja:

Við sölu hlutabréfa ríkisins verði jafnframt hugað að því að salan hafi í för með sér aukinn sparnað almennings.

Að halda áfram einkavæðingu ríkisfyrirtækja, einkum þeirra sem eru í samkeppni við fyrirtæki í eigu einkaaðila. Hlutabréf í ríkisbönkunum verði seld með það að markmiði að ná fram hagræðingu á fjármagnsmarkaði en tryggja um leið virka samkeppni á markaðnum til að ná fram ódýrari þjónustu. Við söluna verði þess gætt að ríkið fái hámarksverð fyrir eign sína í bönkunum. Hafinn verði undirbúningur að sölu Landssímans. Við sölu hans verði þess gætt að tryggja góða þjónustu á sem hagstæðustu verði við byggðir landsins og einnig að tryggja virka samkeppni á fjarskiptamarkaði. Stefnumörkun á sviði einkavæðingar fari fram í ráðherranefnd um einkavæðingu en undirbúningur og framkvæmd verkefna á þessu sviði verði í höndum framkvæmdanefndar um einkavæðingu.

Auk þeirrar almennu stefnumörkunar sem fram kemur í þessari yfirlýsingu hafa í tengslum við einstök verkefni á sviði einkavæðingar verið sett viðbótarmarkmið. Hafa þau ýmist komið fram í sérstakri lagasetningu, umfjöllun á Alþingi, í ákvörðunum ríkisstjórnar eða einstakra ráðherra. Jafnframt hafa verið sett fram almenn markmið með einkavæðingarstarfinu af hálfu ráðherranefndar um einkavæðingu. Helstu markmið af þessum toga eru:

1. Að auka samkeppni og skilvirkni í þjóðfélaginu.
2. Að draga úr pólitískum áhrifum í fyrirtækjum.
3. Að efla hlutabréfamarkað.
4. Að bæta stöðu ríkissjóðs.
5. Að bæta hag neytenda.
6. Að draga úr áhrifum sérhagsmunahópa.

### **1.3. Tekjur ríkissjóðs af sölu hlutabréfa**


Tekjur af sölu hlutabréfa í eigu ríkissjóðs á kjörtímabilinu nema 52,5 milljörðum króna á verðlagi ársins 2003. Þeim hefur að mestu verið ráðstafað til að greiða niður skuldur, þ.á.m. að bæta erlenda stöðu ríkisins, og til verkefna á sviði samgöngu- og fjarskiptamála.

Stærstu einstöku sölurnar voru í Landsbanka Íslands hf., samtals rúmlega 22,4 milljarðar króna, Búnaðarbanka Íslands hf., tæplega 17 milljarðar króna, og í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. fyrir rúmlega 11 milljarða króna. Rétt er að taka fram að hér er einungis um að ræða sölur sem fóru fram á kjörtímabilinu.

Markvisst hefur verið unnið að einkavæðingu frá árinu 1991. Síðustu fjögur ár hafa sérstöðu miðað við árin þar á undan þar sem tekjur af einkavæðingu hafa verið margfalt meiri en áður. Eftirfarandi mynd sýnir tekjur af einkavæðingu frá árinu 1991. Eins og sjá má skera árin 1998, 1999, 2002 og 2003 sig nokkuð

úr hvað varðar söluverðmæti hlutabréfa þegar seld voru hlutabréf fyrir á bilinu 7,5 milljarða króna til tæplega 20 milljarða króna.


Heildarsöluvirði hlutabréfa árin 1991-2003 á verðlagi ársins 2003



#### 1.4. *Kostnaður af sölu hlutabréfa ríkisins*

Eitt af þeim atriðum sem hefur verið til umræðu í tengslum við störf framkvæmdanefndar um einkavæðingu er kostnaður við störf hennar. Hann samanstendur að langmestu leyti af greiðslu til ráðgjafa, umsjónaraðila sölu og annarri sérfræðipjónustu eins og sjá má af eftirfarandi mynd. Hún sýnir heildarkostnað við einkavæðingu á tímabilinu og hlutfall kostnaðar vegna sölupóknunar og kaupa á sérfræðipjónustu af heildarkostnaði.

Heildarkostnaður við einkavæðingu og hlutfall sölutengds kostnaðar



Eins og sjá má af myndinni var kostnaður nefndarinnar mestur á árunum 2001 og 2002 og markast það að sjálfsögðu af þeim verkefnum sem þá voru í gangi. Á árinu 2001 féll til umtalsverður kostnaður í tengslum við undirbúning sölu á

hlutabréfum í Landsíma Íslands hf. og á árinu 2002 fór fram viðamikill undirbúningur í tengslum við sölu á kjölfestuhlut í ríkisviðskiptabönkunum.

Stærstur hluti kostnaðar af hálfu nefndarinnar er tengdur árangri í tengslum við tilgreind verkefni. Munar þar mest um sölubóknun sem yfirleitt er að stærstum hluta árangurstengd þó að í flestum tilfellum sé um einhvern fastan kostnað að ræða. Áhugavert er að bera saman kostnað af einkavæðingu annars vegar og heildartekjur af einkavæðingu til að fá raunhæfan samanburð við það sem eðlilegt má teljast á almennum markaði. Á almennum markaði er ekki óalgengt að við útboð eða sölu á markaðsbréfum sé gert ráð fyrir 1-3% kostnaði. Hins vegar hefur þessi kostnaður einkavæðingarnefndar verið undir 1% í flestum verkefnum sem verður að teljast vel ásættanlegt.

Grundvöllur þess að tekist hefur að halda kostnaði við einkavæðingu eins lágum og raun ber vitni er sú aðferðafræði sem beitt hefur verið við val á sérfræðingum til vinnu fyrir nefndina. Umsjónaraðilar sölu og aðrir ráðgjafar hafa iðulega verið valdir með útboðum þar sem leitað hefur verið til verðbréfafyrirtækja eða ráðgjafafyrirtækja um tilboð í tiltekin verkefni. Óhætt er að segja að þetta hafi skilað góðum árangri enda hefur verið lögð áhersla á í slíkum útboðum að gengið verði að því tilboði sem er hagkvæmast með tilliti til kostnaðar, reynslu tilboðsgjafa og lýsingar á því hvernig viðkomandi hyggist takast á við verkefnið.

### **1.5. Þróun söluaðferða**

Ríkið býr við mikla sérstöðu við sölu hlutabréfa. Gerðar eru kröfur um gegnsæi, jafnræði o.s.frv. til að tryggja trúverðugleika sölufेरilsins hverju sinni ásamt því að ákvarðanatáka er í mörgum tilvikum flóknari en gengur og gerist á almennum markaði. Við mótun skilmála um fyrirkomulag við sölu á hlutabréfum getur framkvæmdanefnd um einkavæðingu þ.a.l. sjaldnast byggt á fordæmum frá hinum almenna markaði heldur verður að aðlaga sölufेरilinn m.t.t. þeirra aðstæðna og meginreglna sem gilda hjá ríkinu. Raunar hefur fyrirkomulag sölu á hlutabréfum ríkisins síðar orðið fyrirmynd á markaði í ljósi þess að um hlutfallslega stór verkefni hefur verið að ræða.

Reynsla hefur reynst lykilatriði við ákvörðun á fyrirkomulagi sölu af hálfu nefndarinnar og hefur þróun mismunandi söluaðferða jafnan tekið mið af því hvernig til hefur tekist í fyrri verkefnum. Í meginatriðum er hægt að skipta söluaðferðum í tvo flokka. Annars vegar er selt í svokölluðu almennu útboði þar sem tilgangur sölunnar er að bjóða einstaklingum og minni lögaðilum hlutabréf til kaups. Hins vegar er um að ræða svokallaða tilboðssölu þar sem leitað er til fagfjársfesta um kaup á stærri hlutum í viðkomandi fyrirtækjum. Um þessi mismunandi söluförml gilda ólíkar reglur sbr. lög um verðbréfavíðskipti.

Ýmsar útfærslur hafa verið þróaðar af þessum tveimur aðferðum. Nefndin hefur í almennum útboðum í skráðum félögum lagt mikla áherslu á samstarf við

Kauphöll Íslands hf. sem áður hét Verðbréfaþing Íslands hf. Á fyrri hluta tímabilsins voru sölur á hlutabréfum á grundvelli útboðslýsingar og fasts verðs áberandi og nægir þar að nefna stórar sölur í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. þar sem tugir þúsunda tóku þátt. Í þessum útboðum var um gríðarmikla eftirspurn að ræða og þurfti að grípa til þess að skerða hlut hvers og eins umtalsvert. Á síðari hluta tímabilsins, m.a. í júní 2002 og á fyrri hluta árs 2003, fóru fram almenn útboð í ríkisviðskiptabönkunum þar sem verð var ákveðið skömmu áður en útboð hófst með hliðsjón af mati á eftirspurn sem unnið var af umsjónaraðila sölunnar. Í útboðinu í júní 2002, þar sem boðin voru út 20% hlutafjár í Landsbanka Íslands hf., var unnin ítarleg útboðslýsing en í útboði á 2,5% hlut í Landsbanka Íslands hf. og 9,11% hlut í Búnaðarbanka Íslands hf. á fyrri hluta árs 2003 var einungis byggt á þegar birtum upplýsingum í Kauphöll Íslands hf. Er þetta í samræmi við reglur þar sem heimilt er að sækja um undanþágu frá birtingu útboðslýsingar við sölu á minna en 10% heildarhlutafjár í almennu útboði.

Tilboðssölu má skipta í tvennt. Annars vegar er horft til verðs eingöngu og hins vegar eru fleiri markmið með sölunni tekin inn í mat á tilboðum. Í fyrri tilfellinu er oftast um að ræða minni fyrirtæki og hefur í þeim tilvikum verið leitað til Ríkiskaupa með auglýsingar og umsjón sölunnar í samráði við nefndina. Slíkt fyrirkomulag er afar einfalt í framkvæmd enda liggur uppgefið tilboðsverð einvörðungu til grundvallar ákvörðun um hvaða tilboði skuli tekið. Öðru máli gegnir um þær sölur þar sem lagðar hafa verið til grundvallar fleiri forsendur en verð. Segja má að þessi tegund sölu sé flóknust í framkvæmd enda verður að leggja mat á ýmsa þætti sem lúta að stöðu og framtíðarsýn bjóðenda. Það leiðir af sér að ákvörðun um niðurstöðu getur byggst á matskenndum atriðum en ekki hlutlægum eins og þegar eingöngu er horft til verðs. Tilboðsaðferð af þessu tagi er þó augljóslega til þess fallin að velja þann bjóðanda sem líklegastur er að uppfylla fyrirframskilgreind markmið stjórnvalda með viðkomandi sölu.

#### Söluaðferðir við einkavæðingarverkefni 1999-2003

Fyrirtæki	Ár	%	Söluaðferð
Hólalax hf.	1999	33,00	Tilboðssala
Íslenska menntanetið	1999	100	Tilboðssala
FBA	1999	51,00	Tilboðssala
Búnaðarbanki Íslands hf.	1999	13,00	Almennt útboð
Landsbanki Íslands hf.	1999	13,00	Almennt útboð
Intis hf.	2000	22,00	Tilboðssala
Kísiliðjan hf.	2001	51,00	Samningar
Stofnfiskur hf.	2001	33,00	Tilboðssala
Landssími Íslands hf.	2001	2,69	Almennt útboð
Steinullarverksmiðjan hf.	2002	30,11	Samningar
Landsbanki Íslands hf.	2002	20,00	Almennt útboð
Íslenska járnblendif. hf.	2002	19,49	Samningar
Landsbanki Íslands hf.	2002	45,80	Tilboðssala

Búnaðarbanki Íslands hf.	2003	45,80	Tilboðssala
Landsbanki Íslands hf.	2003	2,50	Almennt útboð
Búnaðarbanki Íslands hf.	2003	9,11	Almennt útboð
Íslenskir aðalverktakar hf.	2003	39,86	Tilboðssala
Sementsverksmiðjan hf.	2003	100	Tilboðssala

### 1.6. Sveiflur á verðbréfamörkuðum

Aðstæður á fjármálamörkuðum hafa mikið að segja varðandi eftirspurn eftir hlutabréfum við einkavæðingu fyrirtækja. Á kjörtímabilinu hafa orðið miklar sveiflur á gengi hlutabréfa á helstu mörkuðum í heiminum og hefur íslenski hlutabréfamarkaðurinn ekki verið þar undantekning. Ákvörðun um einkavæðingu og undirbúningur mótast af aðstæðum á markaði en þó er í mörgum tilvikum erfitt að sjá fyrir um þróun eftirspurnar eftir hlutabréfum. Í sumum tilvikum hefur eftirspurn verið meiri en gert hafði verið ráð fyrir en í öðrum mun minni eins og gengur. Með aukinni reynslu og samráði við markaðsaðila hefur þó tekist að geta sér æ betur til um ástand markaða. Eftirfarandi myndir sýna gengisþróun vísitalna á helstu verðbréfamörkuðum og þær miklu sveiflur sem hafa einkennt tímabilið 1998-2003.

#### Þróun vísitalna á nokkrum verðbréfamörkuðum



Eins og sjá má af myndunum einkenndist tímabilið frá 1998 til áramóta 1999 af gríðarlegri hækkun á hlutabréfum almennt en þó skera íslenska vísitalan og NASDAQ hlutabréfamarkaðurinn sig nokkuð úr. Í framhaldi af því hefst mikið sig á gengi hlutabréfa á öllum þessum fjórum hlutabréfamörkuðum sem hefur

staðið nánast sleitulaust á hinum alþjóðlegu en hér á landi hefur gengi hlutabréfa batnað umtalsvert frá síðari hluta ársins 2001.

Þrátt fyrir sveiflur á hlutabréfamörkuðum má segja að vel hafi tekist til með tímasetningar á sölu hlutabréfa ríkisins. Undirbúningur og sala á hlutafé í Landssíma Íslands hf. fór hins vegar fram þegar sveiflurnar voru hvað mestar og þegar kom að fyrirhugaðri sölu höfðu hlutabréf fallið mjög í verði. Gerð er ítarleg grein fyrir áhrifum þessa á söluferilinn síðar í skýrslunni. Fróðlegt er að hafa þróun á hlutabréfamarkaði í huga við frekari lestur skýrslunnar.

### **1.7. Verklagsreglur um einkavæðingu og athugasemdir Ríkisendurskoðunar í tengslum við sölu á kjölfestuhlut í Landsbanka Íslands hf.**

Samræmd framkvæmd einkavæðingar er mikilvægur þáttur í því að vel takist til gagnvart almenningi og öðrum fjárfestum. Hér á landi hefur þetta verið tryggt með verklagsreglum um einkavæðingu sem samþykktar voru af ríkisstjórn 9. febrúar 1996. Reglurnar voru byggðar á reynslu við fyrri einkavæðingarverkefni og með þeim var reynt að draga lærdóm bæði af því sem vel og miður hafði tekist. Reglurnar mynda ramma um verklag sem ber að viðhafa við einkavæðingu hér á landi og kveða á um þau atriði sem hverju sinni á að tryggja.<sup>1</sup>

Við undirbúning sölu á hlutabréfum í Landsbanka Íslands hf. í september 2002 óskaði forsætisráðuneytið eftir því við Ríkisendurskoðun að stofnunin færi yfir vinnubrögð framkvæmdanefndar um einkavæðingu við undirbúning á sölu hlutabréfa ríkisins í málinu. Ríkisendurskoðun féllst á beiðnina og skilaði skýrslu í október sama ár. Að undangenginni ítarlegri umfjöllun um verklagsreglur um útboð og sölu ríkisfyrirtækja, söluferil, sjónarmið mismunandi aðila og mat á tilboðum, var það meginniðurstaða Ríkisendurskoðunar að verklagsreglur hafi ekki verið brotnar og að ákvarðanir í málinu hafi verið eðlilegar miðað við þær forsendur og áherslur sem lagðar voru til grundvallar.

Þrátt fyrir þessar niðurstöður Ríkisendurskoðunar má draga ákveðinn lærdóm af umfjöllun stofnunarinnar með tilliti til þeirra verklagsreglna sem gilda um sölu ríkisfyrirtækja. Ríkisendurskoðun telur að tímabært sé að endurskoða verklagsreglur um einkavæðingu m.a. í ljósi eftirfarandi atriða:

- Birting stjórnvaldsákvarðana þarf að vera nægilega skýr.
- Atriði er tengjast verk- og tímaáætlunum.
- Aðferðafræði við mat.
- Upplýsingaskylda á báða bóga, meðan á söluferli stendur og þegar það er afstaðið.
- Tímafrestrir.

<sup>1</sup> Sjá ennfremur skýrslu framkvæmdanefndar um einkavæðingu, *Einkavæðing 1996-1999*.

- Staða og hlutverk framkvæmdanefndar um einkavæðingu.
- Ráðgjöf.

Ljóst er að starfsumhverfi og verkefni í einkavæðingu hafa breyst töluvert frá því að reglurnar voru settar árið 1996. Verkefni undanfarinna ára hafa verið mun umfangsmeiri og flóknari en fyrri verkefni á sviði einkavæðingar. Hlutabréfamarkaður hefur þróast og bylting hefur orðið á upplýsingastreymi varðandi þau félög sem skráð hafa verið í Kauphöll Íslands hf. Markmið stjórnvalda með sölu á hlutabréfunum geta einnig verið mismunandi. Þessi atriði hafa kallað á meiri sveigjanleika í framkvæmd þó grunnforsendur aðferðafræðinnar verði ávallt að vera skýrar. Telja verður að markmið verklagsreglnanna þ.e. að tryggja jafnan aðgang, samræma vinnubrögð og tryggja faglegan undirbúning, séu í fullu gildi.

Lögð hefur verið sérstök áhersla á það í störfum framkvæmdanefndar um einkavæðingu að taka tillit til ábendinga Ríkisendurskoðunar þrátt fyrir að verklagsreglum um sölu ríkisfyrirtækja hafi ekki verið breytt. Hefur áhersla m.a. verið lögð á að auka upplýsingastreymi og gagnsæi í einstökum verkefnum og að skjalfesta ákvarðanir með formlegri hætti en áður var.



## 2. Einkavæðingarverkefni

### 2.1. Hólalax hf.

Hólalax hf. var stofnað á Hólum í Hjaltadal 6. júlí 1979. Í stofnsamþykktum félagsins kemur fram að tilgangur þess er bygging og rekstur fiskeldisstöðva, kennsla og leiðbeiningarstarfsemi í fiskeldi í samvinnu við Bændaskólann á Hólum og sala á vatnafiski, svo og önnur skyld starfsemi og atvinnurekstur.

Starfsemi Hólalax hf. byggist að mestu leyti á framleiðslu og rannsóknum á bleikju. Í upphafi var lögð áhersla á framleiðslu á seiðum til fiskiræktar en fljótlega fór fyrir því eins og mörgum öðrum fiskeldisfyrirtækjum á þessum tíma, að reksturinn stóð ekki undir sér. Eftir fjárhagslega endurskipulagningu og endurskilgreiningu á viðfangsefnum fyrirtækisins tókst þó að halda framleiðslunni áfram.

Fyrir sölu var ríkissjóður eigandi að 40% hlut eða 7,4 m.kr. nafnvirði. Aðrir eigendur voru Veiðifélag Miðfirðinga, Veiðifélag Vatnsdalsár og nokkur önnur veiðifélög ásamt fjölmörgum smærri hluthöfum.

Til glöggvunar eru sýndar eftirfarandi tölur úr rekstri fyrirtækisins fyrir sölu.

Í þús.kr.	1995	1996	1997	1998
Rekstrartekjur	30.910	36.387	42.385	39.492
Hagn./tap	242	148	640	-3
Eignir samtals	51.899	51.182	51.680	47.896
þ.a. veltufjármunir	24.731	25.979	28.146	26.918
Eigið fé	43.138	44.452	45.983	43.136

Um mitt ár 1996, í kjölfar skipulagsbreytinga sem orðið höfðu á rekstri Hólalax hf., varð umræða um breytingu á eignarhaldi ríkisins í fyrirtækinu. Í bréfi sem fjármálaráðuneytið, en það ráðuneyti fer með eignarhlut ríkisins í Hólalaxi hf., skrifaði stjórn fyrirtækisins í mars 1997 kemur eftirfarandi fram:

Starfsemi Hólalax hf. hefur tekið umtalsverðum breytingum á liðnum árum. Seiðældi er ekki lengur uppistaðan í rekstrinum heldur framleiðsla á bleikju til útflutnings. Umsvif fyrirtækisins hafa aukist jafnt og þétt og afkoman batnað á allra síðustu árum. Líkur benda til að fyrirtækið geti haldið áfram að vaxa en það hefur væntanlega í för með sér harðari samkeppni við önnur fyrirtæki í framtíðinni.

Fjármálaráðuneytið telur að við þessar aðstæður sé eðlilegt að ríkissjóður dragi sig út úr rekstri Hólalax hf. Ráðuneytið hefur því ákveðið að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið að selja allt hlutafé ríkisins í Hólalaxi hf.

Í nóvember 1997 fól fjármálaráðuneytið framkvæmdanefnd um einkavæðingu að hefja undirbúning fyrirhugaðrar sölu. Við undirbúninginn leitaði framkvæmdanefndin liðsinnis Ríkiskaupa við gerð sölulýsingar og umsýslu tilboða. Einnig var leitað til Stoðar endurskoðunar hf. í því skyni að gera verðmat á hlutabréfum í félaginu. Niðurstaða verðmats var sú að upplausnarvirði félagsins miðaðist a.m.k. við gengið 1,4.

Útboð á hlutbréfum ríkisins var auglýst af Ríkiskaupum í júní 1998. Söluskilmálar voru einfaldir. Þjóðendum var gefinn kostur á að bjóða í allan hlut ríkissjóðs eða 7,4 m.kr. að nafnvirði. Við mat á tilboðum skyldi gengið að hæsta tilboði á hlut, þá því næsthæsta og svo koll af kolli uns öll bréfin væru seld. Þá var starfsmönnum fyrirtækisins gefinn kostur á að kaupa bréf í fyrirtækinu á sérstökum kjörum. Þeim var heimilt að kaupa bréf fyrir allt að 250 þús.kr. og skyldi kaupvirðið greiðast á þremur árum þannig að 1/7 yrði greiddur í upphafi og svo tvær afborganir á ári.

Aðeins barst eitt tilboð og var það frá starfsmönnum fyrirtækisins, Jóni Georg Aðalsteinssyni og Fiskiðjunni Skagfirðingi hf. Tilboðið var á genginu 1,03 í hlutabréf að nafnvirði 5.580 þús.króna.

Að höfðu samráði við fjármálaráðuneyti ákvað framkvæmdanefnd um einkavæðingu að hafna þessu tilboði og var þá litið til fyrirliggjandi verðmats. Ljóst var að gengið í tilboðinu var talsvert lægra en upplausnarvirði félagsins. Á fundi framkvæmdanefndar um einkavæðingu 18. ágúst 1998 var ákveðið að þar sem ekki sýndist stefna í samkomulagsátt hvað varðaði gengi á bréfunum yrði hætt við frekari sölu að svo stöddu. Forsendan fyrir þessari ákvörðun nefndarinnar var sú að ekki væri forsvaranlegt að taka tilboðum sem væru lægri en sem næmi upplausnarvirði félagsins. Jafnframt var ákveðið að þegar nýjar forsendur lægju fyrir yrðu kannaðir frekari möguleikar á sölu.

Eftir að ársreikningar 1998 lágu fyrir var hafist handa við að undirbúa nýtt verðmat á fyrirtækinu sem yrði grundvöllur frekari viðræðna um sölu á hlut ríkissjóðs í fyrirtækinu.

Í júlí 1999 var ákveðið að fela Ríkiskaupum að bjóða út hlut ríkisins að nýju. Eitt tilboð barst í hlutabréfin á genginu 1,2 eða sem nam 8.928 að kaupvirði. Tilboðið var frá starfsmönnum fyrirtækisins og Fiskiðjunni Skagfirðingi hf. Að undangengnu mati á tilboðinu og að fenginni tillögu umsjónaraðila sölunnar lagði framkvæmdanefnd um einkavæðingu til við fjármálaráðherra að gengið yrði að tilboðinu enda væri það ásættanlegt m.t.t. verðmats endurskoðunarskrifstofu Deloitte & Touche. Fjármálaráðherra féllst á tillögu nefndarinnar og þegar ljóst var að forkaupsréttarhafar hugðust ekki neyta réttar síns var gengið frá sölunni.

## 2.2. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf.

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. (FBA) var stofnaður 30. júní 1997, samkvæmt lögum nr. 60/1997. Starfsemi FBA hófst 1. janúar 1998 þegar bankinn tók við eignum, skuldum og skuldbindingum fjögurra fjárfestingarlánasjóða: Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Iðnþróunarsjóðs og Útflutningslánasjóðs, öðrum en þeim sem sérstaklega var ráðstafað til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Var hlutafé bankans ákveðið 6.800 milljónir króna að nafnverði en eigið fé var 8.043 m. kr. og heildareignir námu 54.432 m.kr.

Stefna bankans var grundvölluð á þeim breytingum sem orðið höfðu á íslenskum fjármálamarkaði á undanförunum áratug og endurspegluðu þær breytingar sem átt höfðu sér stað á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Við stofnun FBA höfðu stjórnvöld eftirfarandi meginmarkmið í huga:

- að draga úr eignarhaldi ríkisins á fjármálamarkaði með því að selja hlutabréf í FBA
- að auka samkeppni og breikka þjónustusvið
- að styrkja stoðir fjármálamarkaðarins með því að sameina fjóra fjárfestingarlánasjóði í einn öflugan fjárfestingarbanka
- að skilja í sundur fjárfestingarbankastarfsemi annars vegar og lán og styrki til nýsköpunar hins vegar
- að draga úr hólfun og aðgreiningu fjármálafyrirtækja eftir atvinnugreinum
- að auka alþjóðlega þátttöku á íslenskum fjármálamarkaði.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu var falin framkvæmd sölu hlutafjár í FBA með bréfi iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra dags. 27. júlí 1998. Skyldi það gert í nánú samráði við ráðuneytin tvö og stjórnendur bankanna. Lagt var fyrir í bréfinu að stefnt skyldi að dreifðri eignaraðild með því að gefa almenningi kost á að kaupa hlut í bankanum. Einnig kom fram í bréfinu að erlent verðbréfafyrirtæki skyldi fengið til að verðmeta hlutabréf í bankanum.

Eins og fram kom í skýrslu framkvæmdanefndar um einkavæðingu um einkavæðingu 1996-1999 var 49% hlutur ríkisins í FBA seldur í byrjun nóvember 1998. Útboðsgengi var 1,4. Alls skráðu sig 10.734 einstaklingar í útboðinu fyrir um 18.900 m.kr. að söluvirði. Til sölu höfðu hins vegar aðeins verið 4.665 m.kr. og því kom til skerðingar á hlut hvers og eins.

Á 123. löggjafarþingi 1998-1999 fékkst heimild Alþingis til að selja allt hlutafé ríkissjóðs í FBA. Það var mat ríkisins að mikilvægt væri að hraða sölu hlutafjár í FBA og stefna bæri að því að selja allt hlutafé ríkissjóðs í bankanum á fyrri hluta ársins 1999 ef aðstæður leyfðu. Ástæðan var einkum sú að engin rök hnigju lengur að því að ríkið væri stór eigandi hlutafjár að bankanum. Það var sameiginleg afstaða stjórnvalda og stjórnenda bankans að staða bankans á samkeppnismarkaði væri betur tryggð með því að ríkið seldi allan hlut sinn og að engin ástæða væri til lengri aðlögunartíma. Þá væri sala hlutafjár liður í

aðgerðum til að sporna við þenslu, auk þess sem ríkissjóður fengi góðar tekjur af sölunni.

Mikil umræða var í þjóðfélaginu um FBA á árinu 1999. Stór hluti seldra hlutabréfa í FBA safnaðist fljótt á fárra manna hendur og gengi bréfi félagsins tvöfaldaðist frá skráningu í kauphöll og fram á haustið 1999. Sumarið 1999 eignaðist svokallaður ORCA-hópur stóran hlut í félaginu og varð stærsti hluthafi félagsins eftir ríkissjóði. Þá fór jafnframt fram mikil þjóðfélagsumræða um kosti og galla þess að setja takmarkanir á eignarhald hluthafa í fjármálafyrirtækjum.

Sumarið 1999 vann framkvæmdanefnd um einkavæðingu að tillögugerð um fyrirkomulag á 51% hlutafjár ríkisins í FBA. Nefndin vann tillögur fyrir ráðherranefnd um einkavæðingu um þær meginleiðir sem kæmu til greina við framkvæmd sölunnar. Í kjölfarið fól ráðherranefndin framkvæmdanefndinni að útfæra nánar eina þeirra leiða. Að fengnum tillögum framkvæmdanefndarinnar og samþykki ráðherranefndar kynntu iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra fyrirkomulag á sölu 51% hlutar ríkisins í FBA þann 21. september 1999.

Fyrirkomulagið var kynnt með eftirfarandi hætti í fréttatilkynningu iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra 21. september 1999:

„Öllum er heimilt að gera tilboð í 51% eignarhlut ríkisins í FBA á grundvelli þess fyrirkomulags sem um útboðið mun gilda.

Í framhaldi af dreifðri sölu á 49% hlut í FBA á síðasta ári eru markmið útboðs á sölu 51% hlutar ríkisins nú að hámarka söluverðið, að selja dreifðum hópi hlutinn í heilu lagi og að öllum (einstaklingum, fyrirtækjum og félögum) gefist kostur á að bjóða í hlutinn.

Til að tryggja að hámarksverð fáiast fyrir hlutinn er nauðsynlegt að hópur fjárfesta standi sameiginlega að tilboði í allan hlutinn. Hámarksverð fyrir eignarhlut ríkisins í bankanum verður aðeins tryggt með því að selja allan hlutinn í einu lagi. Ekki verður tekið við lægri tilboðum en sem miðast við gengið 2,80000 og skal tilboðsgengið vera með fimm aukastöfum. Tilboð skulu miðast við staðgreiðslu.

Til að tryggja dreifða sölu eru settar reglur um skyldleika og hámark hvers aðila, sem nemur 6% nafnverðs hlutabréfa og skal lágmarks hlutur hvers aðila innan hópsins vera 6 milljónir króna að kaupvirði. Eftir að tilboði hefur verið tekið verður hlut ríkisins skipt og einstakir hlutir síðan framseldir til hvers aðila fyrir sig innan hópsins í samræmi við þann lista um skiptingu sem hópurinn hefur lagt fram.

Með hugtakinu “skyldir aðilar og/eða fjárhagslega tengdir” er átt við:

- Hjón eða sambýlisaðila.
- Skyldmenni í beinan legg, bræður eða systur, systkinabörn, systkini föður eða móður eða tenging milli aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Foreldrar, börn, bræður og/eða systur maka eða sambýlisaðila.
- Samstæða féлага, móðurfélög og dótturfélög.

- Ef einstakur aðili (einstaklingur eða lögaðili) á meira en 35% eignarhlut í lögaðila eða ef einstakur aðili eða skyldir aðilar skv. lið B eiga samanlagt meira en 35% eignarhlut í tveimur lögaðilum eða fleiri, skulu þeir aðilar teljast fjárhagslega tengdir.

Bönkum í meirihlutaeigu ríkisins er óheimilt að mynda hóp með öðrum innlendum bönkum eða sparisjóðum.

Sparisjóðir teljast ekki skyldir aðilar samkvæmt framansögðu.

Nauðsynlegt þykir að ganga úr skugga um það fyrirfram hvort hóparnir uppfylli skilyrði um skyldleika og/eða tengsl aðila um hámark eignarhluts hvers aðila og þeim þá gefinn kostur á að leiðrétta og bæta úr hugsanlegum ágalla. Þetta er gert til að tryggja að ekkert tilboð verði metið ógilt af þessum sökum eftir að búið er að opna tilboðin. Þannig er öllum gefinn kostur á að taka þátt í útboðinu.

Útboðið verður í höndum Framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Þriggja manna hópur mun fara yfir samsetningu hópa, eins og að framan greinir, og verður hann skipaður Brynjólfi Sigurðssyni, prófessor og tveimur fulltrúum Framkvæmdanefndar um einkavæðingu, þeim Hreini Loftssyni og Jóni Sveinssyni.

Unnið verður samkvæmt eftirfarandi tímaáætlun:

Þriðjudagur 21. september:	Útboðið kynnt
Miðvikudagur 22. september:	Auglýsing í dagblöðum
Þriðjudagur 28. september:	Útboðsgögn liggja fyrir hjá Ríkiskaupum
Sunnudagur 17. október:	Auglýsing í dagblöðum
Fimmtudagur 21. október:	Hópar skila þáttökutilkynningum
Mánudagur 25. október:	Aðvörun vegna formsatriða
Föstudagur 29. október:	Lokafrestur til lagfæringa á formsatriðum
Mánudagur 1. nóvember:	Tilboðseyðublöð afhent
Föstudagur 5. nóvember:	Tilboðum skilað
Mánudagur 15. nóvember:	Greiðsla kaupverðs.”

Einkavæðingu FBA lauk í nóvember 1999. Einn hópur skilaði inn þáttökutilkynningu, hópur 26 lífeyrissjóða, fyrirtækja og einstaklinga. Gengið var frá kaupunum á lágmarksgengi útboðsins, 2,8, sem þýddi að ríkið fékk 9,7 milljarða kr. í sinn hlut. Kaupendur bréfanna voru alls tuttugu og sex, 7 lífeyrissjóðir, 10 félög, forstjóri og framkvæmdastjórar FBA og 4 aðrir einstaklingar, auk bankans sjálfs. Kauphlutur hvers og eins er eftirfarandi í stærðarröð:

Lífeyrissjóður verzlunarmanna	6,00%
Lífeyrissjóðurinn Framsýn	6,00%
Þróunarfélag Íslands hf.	5,50%
FBA hf.	4,70%
Partimonde Holdings Anstalt	4,00%
Hannes Smáráson	3,50%
Gunnar Þór Ólafsson	3,00%
Sterkir stofnar ehf.	3,00%
Spectra A.S.	2,60%
Samvinnusjóður Íslands hf.	2,20%
Lífeyrissjóður sjómanna	2,00%
Eiríkur Sigurðsson	1,80%

Samvinnulífeyrissjóðurinn	1,30%
Geir Gunnar Geirsson	1,20%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	1,00%
Bjarni Ármannsson	0,60%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	0,50%
Lífeyrissjóður Vesturlands	0,50%
Sund hf.	0,50%
Svanbjörn Thoroddsen	0,30%
Tómas Kristjánsson	0,30%
Erlendur Magnússon	0,10%
Fjárfestingarfélagið Gaumur hf.	0,10%
Jón Ólafsson & co sf.	0,10%
Oddeyri ehf.	0,10%
Óháði fjárfestingasjóðurinn hf.	0,10%

Sala FBA var langstærsta einkavæðing sem farið hafði fram hér á landi. Ríkið fékk alls 14,3 milljarða kr. fyrir bankann í tveimur áföngum. Þessu til viðbótar fékk ríkið 554 m.kr. í arðgreiðslu frá bankanum á árinu 1999.

Í kjölfar einkavæðingar FBA var bankinn sameinaður Íslandsbanka hf. og úr varð stærsti bankinn landsins á þeim tíma. Með því varð hagræðing í bankakerfinu og stærri banki sem betur gat þjónað atvinnulífinu. Þessi samruni gerðist á markaði en ekki með beinni íhlutun stjórnvalda.

### 2.3. Íslenska menntanetið

Íslenska menntanetið á sér nokkuð langa sögu í samanburði við önnur fyrirtæki sem bjóða upp á Internetþjónustu hér á landi. Það var stofnað 1992, en ræturnar liggja aftur til ársins 1990 er IMBA, tölvumiðstöð skóla, hóf göngu sína á Kópaskeri. Íslenska menntanetið var stofnað af Pétri Þorsteinssyni skólastjóra á Kópaskeri og fljótlega tengdust fjölmargir aðilar netinu og má þar nefna Alþingi, Menntamálaráðuneytið, Kennarasamband Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Fræðsluskrifstofu Norðurlandsudæmis eystra. Einnig vó það þungt að Reykjavíkurborg ákvað að veita öllum grunnskólum borgarinnar aðgang að netinu. Á þessum tíma var hvergi unnt að tengjast Internetinu hérlendis með upphringiaðgangi nema hjá Reiknistofnun Háskóla Íslands. Aðgangur þar var dýrari en svo að það væri á færi allra skóla. Það var því söguleg nauðsyn að tryggja þeim aðgang með öðrum hætti, sem og fylgja aðganginum eftir með markvissri fræðslu fyrir kennara og með heimsóknnum í skóla og menntastofnanir. Gerð var áætlun til þriggja ára. Fyrsta árið var ár tenginga, síðan kom ár kennslu og að síðustu ár notkunar. Eftir þessari áætlun var svo unnið og farið um landið og skólar tengdir og kennurum kennt að tengjast. Samhliða voru haldin námskeið sem öllum stóðu til boða og nú lætur nærri að 25% af kennarastéttinni hafi tekið þátt í námskeiðum um notkun Internets hjá Íslenska menntanetinu.

Í byrjun júlí 1996 keypti Menntamálaráðuneytið þá starfsemi Íslenska menntanetsins sem snýr að mennta- og menningarstofnunum og fól Kennaraháskóla Íslands rekstur þess. Annar rekstur fyrirtækisins var lagður af og því geta einstaklingar og fyrirtæki utan mennta- og menningargeirans ekki lengur snúið sér til Íslenska menntanetsins ef þá vantar tengingu við Internet.

Í ljósi þróunar á fjarskiptamarkaði var ákveðið innan menntamálaráðuneytisins að vinna nýja stefnumótun varðandi uppbyggingu á upplýsingaþjónustu í menntakerfinu á árinu 1999. Niðurstaða stefnumótunarinnar fólst í að fá einkaaðilum rekstur upplýsingaþjónustu fyrir kennslustofnanir og að slík þjónusta yrði keypt að undangengnu útboði. Í upphafi færi útboðið þannig fram að Íslenska menntanetið yrði boðið til sölu gegn því að bjóðendur myndu veita sömu þjónustu áfram og viðhalda skólavef fyrir landið allt.

Á fundi ríkisstjórnarinnar 6. október 1999 var samþykkt minnisblað menntamálaráðherra þess efnis að rekstur Íslenska menntanetsins yrði seldur. Með bréfi dagsett sama dag óskaði menntamálaráðherra eftir því við framkvæmdanefnd um einkavæðingu að hún annaðist söluna fyrir hönd ráðuneytisins. Ákveðið var að leita til Ríkiskaupa varðandi umsjón sölunnar, þ.e. undirbúning sölulýsingar, tillögur um sölufyrirkomulag o.fl.

Að beiðni framkvæmdanefndar um einkavæðingu var KPMG endurskoðun falið að kanna verðmæti eigna Íslenska menntanetsins m.t.t. til fyrirhugaðrar

sölu. Niðurstaða matsins var að söluverð rekstrar og eigna væri á bilinu 11-23 m.kr. sem fælust einkum í viðskiptavild sem fylgdi viðskiptamönnum menntanetsins og samlegðaráhrifum fyrir væntanlegan kaupanda við að tengja þá sambærilegri starfsemi og ná þannig aukinni framlegð af sölu netþjónustunnar. Einnig kom fram að þar sem samfelldur taprekstur hefði verið af starfseminni frá miðju ári 1996 mætti með nokkurri einföldun halda því fram að ásættanlegt kynni að vera að selja tölvubúnaðinn og leggja starfsemina niður fremur en að halda henni áfram að óbreyttu.

Leitað var tilboða í allan hlutinn þ.e. allan rekstur og eignir Íslenska menntanetsins og voru tilboð opnuð 18. nóvember 2003. Tvö tilboð bárust:

	Mkr.
Skýrr hf.	12.103
Hringiðan hf.	3.096

Að undangengnu mati á tilboðum og með tilliti til verðmats KPMG endurskoðunar lagði nefndin til við menntamálaráðherra að tilboði Skýrr hf. yrði tekið. Í framhaldi af kaupunum yfirtók fyrirtækið rekstur menntanetsins og býður nú þjónustu fyrir kennslustofnanir.



#### 2.4. Landsbanki Íslands hf.

Landsbanki Íslands var gerður að hlutafélagi 1. janúar 1998. Samkvæmt lögum nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands getur viðskiptaráðherra heimilað útboð á nýju hlutafé í bönkunum. Samanlagður eignarhlutur annarra aðila en ríkissjóðs má þá ekki vera hærri en 35%.

Þessi heimild var nýtt að hluta haustið 1998. Landsbankinn bauð þá út nýtt hlutafé og bankinn var skráður á Verðbréfaþingi Íslands. Boðið var út hlutafé sem nam 15% af heildarhlutafé bankans. Fjöldi áskrifenda í útboðinu var 12.112 og söluandvirðið 1,7 ma. kr. Gengi í útboði til almennings var 1,90.

Þegar leið á haustið 1999 var orðið ljóst að aðstæður til sölu hlutabréfa voru ákaflega hagstæðar. Gengi Landsbankans hafði verið nokkuð stöðugt fram á sumar 1999 en hækkaði þá verulega. Gengi bankans á Verðbréfaþingi Íslands um miðjan nóvember var 4,14. Mikil eftirspurn var eftir hlutabréfum á þessum tíma.

Við þessar aðstæður, og að fengnum tillögum framkvæmdanefndar um einkavæðingu, lagði viðskiptaráðherra fram frumvarp um heimild til að selja af hlutafé ríkissjóðs í Landsbanka og Búnaðarbanka haustið 1998, 15% hlut í hvorum banka fyrir sig. Í greinargerð með frumvarpinu sagði m.a.:

„Frumvarpið er lagt fram í því skyni að tryggja að a.m.k. 25% af heildarhlutafé Landsbanka og Búnaðarbanka verði í eigu annarra en ríkisins. Í 9. gr. reglna Verðbréfaþings Íslands (VÞÍ) um skráningu verðbréfa á þinginu segir að dreifing eignarhalds hlutabréfaflokks sem sótt er um skráningu á skuli vera þannig að a.m.k. 25% hlutabréfanna og atkvæðisréttar sé í eigu almennra fjárfesta. Þegar stjórn VÞÍ samþykkti að skrá hlutabréf Landsbanka og Búnaðarbanka á aðallista þingsins var veitt undanþága frá þessu skilyrði um dreifða eign. Undanþágan var veitt með hliðsjón af því að viðskiptaráðherra hafði lýst því yfir að það væri liður í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um sölu hlutafjár í bönkunum að dreifing hlutafjár í samræmi við reglur VÞÍ væri tryggð eigi síðar en 1. júní 2000.

Hagstætt árferði á hlutabréfamarkaði gerir það að verkum að ástæða er til að tryggja framangreinda dreifingu hlutafjárins nú þegar. Með dreifðri sölu til almennings í hlutafélagabönkunum tveimur er hvatt til aukins sparnaðar heimilanna, hlutabréfamarkaður eflur og verðmyndun hlutabréfa í bönkunum treyst. Almennungi gefst jafnframt kostur á að nýta sér kaup hlutabréfa í bönkunum til skattafsláttar í samræmi við reglur ríkisskattstjóra. Markmiðin með sölnunni eru í samræmi við stefnuvirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 28. maí 1999.”

Viðskiptaráðherra óskaði með bréfi dags. 28. nóvember 1999 eftir að framkvæmdanefnd um einkavæðingu sæi um sölu á 15% hlut í Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Stefnt skyldi að því að selja 15% hlutafjár í bönkunum í desember 1999 með áherslu á dreifða sölu til almennings.

Framkvæmdanefndin samdi við Landsbanka og Búnaðarbanka um umsjón með sölunni. Salan fór fram í desember 1999. Alls skráðu 55 þúsund manns sig fyrir hlut í Landsbanka og Búnaðarbanka og söluandvirði nam 5,5 ma. kr., þar af 3,3 ma. kr. í Landsbankanum. Umframspurn eftir bréfum í útboðunum var það mikil að hægt hefði verið að selja allan hlut ríkisins í báðum bönkunum í þessum áfanga. Eftirstandandi hlutur ríkisins í Landsbanka og Búnaðarbanka var eftir söluna um 72%.

Engin sala á hlutabréfum Landsbankans átti sér stað á árinu 2000. Hlutur ríkisins minnkaði þó í um 68% í júní það ár vegna hlutafjár aukningar sem til kom vegna kaupa Landsbankans á breska bankanum The Heritable and General Investment Bank. Seljandi var bandaríski bankinn First Union og tók bankinn við hlutabréfum í Landsbankanum sem greiðslu fyrir breska bankann. First Union varð þá næststærsti hluthafi Landsbankans.

Vorið 2000 fóru stjórnendur og bankaráð Landsbanka og Búnaðarbanka að þreifa fyrir sér með samruna þessara banka í huga. Lengi hafði verið álitnið að bankar á Íslandi væru of margir og kostnaður við rekstur bankakerfisins of mikill. Vaxtamunur og kostnaðarhlutföll bankanna voru þannig hærri heldur en samsvarandi hlutföll í helstu samkeppnisríkjum. Hugmyndin að baki samruna bankanna var því að lækka kostnað, skapa ný sóknarfæri og styrkja samkeppnisstöðu bankanna, ekki síst í ljósi samruna Íslandsbanka og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins í apríl 2000.

Í nóvember árið 2000 óskuðu bankaráð Landsbanka og Búnaðarbanka eftir því að samkeppnisráð gæfi forúrskurð um það hvort samruni þessara banka bryti gegn ákvæðum samkeppnislaga. Í desember árið 2000 komst ráðið að þeirri niðurstöðu að fyrirhugaður samruni bankanna myndi leiða til of mikillar samþjöppunar og markaðsráðandi stöðu og raska samkeppni á tilteknum mörkuðum fyrir innlán og útlán, greiðslumiðlunarmörkuðum og á markaði fyrir verðbréfa- og gjaldeyrisviðskipti. Samruninn hefði því skaðleg áhrif á samkeppni og bryti í bága við samkeppnislög.

Að fengnu álitni samkeppnisráðs í máli Landsbanka og Búnaðarbanka var hætt við áform um samruna bankanna og ríkisstjórnin samþykkti að leggja fram frumvarp um heimild til að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Landsbanka og Búnaðarbanka. Í athugasemdum við frumvarpið sagði m.a.:

„Það er stefna ríkisstjórnarinnar að ríkið eigi almennt ekki að sinna atvinnustarfsemi sem einkaaðilar geta stundað með eðlilegum hætti og virk samkeppni er fyrir hendi. Er þetta í samræmi við viðtekin sjónarmið í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við. Ríkis viðskiptabankarnir áttu rætur sínar að rekja til þess tíma þegar takmarkað framboð var á fjármagni og því talið nauðsynlegt að ríkið hlutaðist til um þessa starfsemi og tæki jafnframt áhættuna af henni. Nú er þessi staða ekki lengur fyrir hendi.

Einkarekstur banka er meginreglan í hinum vestræna heimi. Í flestum löndum Evrópu er löng saga ríkisrekinna banka en nú er helst um slíkt að ræða í Þýskalandi og

Austurríki. Um fangsmiklar einkavæðingar hafa verið á Ítalíu og Frakklandi á liðnum árum. Annars staðar á Norðurlöndunum heyrði ríkisrekstur banka til undantekninga þar til fjármálakreppa dundi yfir fyrir um áratug síðan. Þar hafa flestir bankar sem ríkið tók yfir verið seldir aftur. Norska ríkið á þó enn meiri hluta í Den norske Bank en stefnt er að sölu hlutabréfa á þessu ári til að koma eigninni niður í 33%.

Frá því að hlutafélög tóku yfir rekstur ríkisviðskiptabankanna hér á landi árið 1998 hefur komið í ljós að áhyggjur um að bankarnir þyrftu langan tíma til aðlögunar áður en hægt væri að hefja sölu hlutafjár hafa voru ástæðulausar. Rekstur bankanna hefur gengið betur en búist var við og bönkunum hefur vegnað vel á hlutabréfamarkaði. Kjör bankanna á erlendum lána mörkuðum hafa einnig verið góð. Engin ástæða þykir því til að draga sölu bankanna af þessum sökum.”

Frumvarpið var samþykkt á vorþingi 2001. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu hófst þá handa við að undirbúa fyrirhugaða sölu. Fundir voru haldnir með bönkunum, almennir fundir með fjármálafyrirtækjum og öðrum sérfræðingum á verðbréfamarkaði og fengin álitserð frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Framkvæmdanefndin lagði tillögur sínar fyrir ráðherranefnd um einkavæðingu og voru þær samþykktar á ríkisstjórnarfundi þann 18. júní 2001. Samkvæmt ákvörðuninni var áformað að selja umtalsverðan hlut af eignarhlut ríkisins í Landsbankanum til kjölfestufjárfestis að undanegnu forvali og lokuðu útboði. Með umtalsverðum hlut er átt við a.m.k. þriðjung hlutafjár í félaginu. Skilyrði samkvæmt ákvörðuninni er að sala á slíkum hlut leiði til aukinnar samkeppni á íslenskum fjármálamarkaði og auki samkeppnishæfi hans. Ráðgert var að salan færi fram fyrir áramót.

Þann 29. júní var auglýst eftir ráðgjöf vegna sölunnar. Verkefnið fólst í að semja skilmála samkvæmt þeim óskum sem verkkaupi hefur um fyrirkomulag sölunnar, auglýsa forval, taka við erindum í kjölfar þess, gera tillögu um hverjar eiga að taka þátt í lokuðu útboði, semja skilmála og vinnureglur vegna lokaðs útboðs, veita ráðgjöf um lágmarksverð, taka við tilboðum, yfirfara þau og gera tillögur um hvaða tilboði skuli tekið.

Tilboð bárust frá eftirtöldum aðilum þann 20. júlí 2001: Deloitte and Touche, HSBC, ING Barings, KPMG, The Northern Partnership Limited og Price Waterhouse Coopers. Eftir skoðun á tilboðum var ákveðið að velja breska bankann HSBC sem ráðgjafa. Við val á tilboðum var litið til eftirtalinna atriða:

- alþjóðlegrar reynslu á fjármálamarkaði
- reynslu einstakra ráðgjafa
- tillagna um fyrirkomulag ráðgjafarinnar
- tillagna um fyrirkomulag verkefnisins
- tilboðsfjárhæðar
- þekkingar á íslenskum fjármálamarkaði

HSBC vann tillögur að aðgerðaráætlun fyrir sölu Landsbankans fyrir framkvæmdanefndina í ágúst og september 2001, verðmat bankann og vann kynningargögn ásamt Landsbankanum. Ferillinn hófst í byrjun október með því að send voru bréf til valdra banka sem taldir voru uppfylla skilyrði

nefndarinnar og líklegir til að sýna Landsbankanum áhuga jafnframt því að vera álitlegir kostir fyrir bankann og íslenskan fjármálamarkað. Bönkunum var skipt í tvo flokka. Í A-flokki voru sjö bankar frá Norðurlöndunum og Bandaríkjunum sem taldir voru áhugaverðustu kostirnir fyrir Landsbankann. Í B-flokki voru 17 bankar frá Írlandi, Kanada, Danmörku, Þýskalandi, Belgíu, Skotlandi og Svíþjóð sem talið var að hefðu upp á ýmislegt að bjóða fyrir Landsbankann en HSBC mat það svo að þessir bankar væru ólíklegri til að sýna Landsbankanum áhuga.

Í október og nóvember var haft samband við framangreinda banka og þeim gefinn kostur á að fá frekari upplýsingar um Landsbankann jafnframt því sem nokkrir aðrir aðilar sýnda Landsbankanum áhuga. Tveir erlendir bankar lýstu yfir áhuga sínum á frekari viðræðum. Framkvæmdanefndin sendi eftirfarandi tilkynningu inn á Verðbréfaþing Íslands 27. nóvember 2001:

„Kynning fyrir erlenda banka vegna sölu á umtalsverðum hlut, a.m.k. þriðjungi hlutafjár, í Landsbanka Íslands hf.

Frestur sem HSBC, ráðgjafi framkvæmdanefndar um einkavæðingu við einkavæðingu Landsbanka Íslands hf., veitti kjölfestufjársfestum til að tilkynna um áhuga sinn á kaupum á umtalsverðum hlut í Landsbanka Íslands hf. er nú liðinn. Ákveðið hefur verið að halda kynningarfundum með þeim kjölfestufjársfestum sem tilkynntu um áhuga sinn og þeim gefinn kostur á að kynna sér rekstur Landsbankans. Þátttakendur í söluferlinu óskuðu eftir nafnleynd og hefur nefndin fallist á það að höfðu samráði við HSBC. Ekki verða því veittar upplýsingar um nöfn þátttakenda eða fjölda þeirra.”

Fundir með þessum tveimur bönkum voru haldnir í nóvember og desember. Þegar nær dró jólum var orðið ljóst að viðræðurnar yrðu árangurslausar, sér í lagi vegna erfiðra markaðsaðstæðna. Þann 21. desember 2001 sendi framkvæmdanefnd um einkavæðingu svohljóðandi tilkynningu á Verðbréfaþing Íslands:

„HSBC bankinn í London hefur ásamt stjórnendum Landsbankans kynnt Landsbanka Íslands hf. fyrir mögulegum kjölfestufjársfestum á undanförunum vikum. Stefnt hafði verið að því að salan færi fram fyrir lok ársins en vegna erfiðra markaðsskilyrða er ljóst að það mun ekki ganga eftir. Vegna þessa hefur verið ákveðið að fresta frekari sölukynningu þar til síðar.”

Árið 2002 var viðburðaríkt í einkavæðingu bankanna en þá lauk einkavæðingu Landsbankans. Ríkið hafði reynt að fá sterkan kjölfestufjársfesti til liðs við bankann en sakir erfiðra markaðsskilyrða erlendis hafði áformum um það verið slegið á frest. Ekki var útlit fyrir að markaðsaðstæður breyttust til hins betra til skamms tíma. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu kannaði möguleika á því fyrri hluta ársins 2002 að selja hluta af bankanum á innlendum markaði í gegnum viðskiptakerfi Kauphallar Íslands. Viðskiptin eiga sér þá stað á markaðsverði miðað við gengi á hverjum tíma. Salan færi þá fram á markaði í gegnum Landsbankann. Bankinn setti inn sölutilboð í Kauphöllinni og kannaði jafnframt áhuga fagfjársfesta og miðlaði hlutum til þeirra. Það var mat

Landsbankans og annarra markaðsaðila að þessi leið væri mjög ákjósanleg miðað við ríkjandi markaðsaðstæður.

Ráðherranefnd um einkavæðingu samþykkti þessi tilhögun og hófst almennt útboð á 20% hlutafjár í Landsbanka Íslands þann 14. júní 2002. Útboðsgengið var ákveðið 3,50 fyrstu þrjú daga útboðsins en gert var ráð fyrir að útboðið gæti staðið í einn mánuð. Svo fór að útboðið kláraðist á um 15 mínútum. Eignarhlutur ríkisins fór því úr um 68% niður í um 48%.

Eftirfarandi tilkynning um sölu var send Kauphöll Íslands þann 14. júní:

„Sala 20% hlutafjár í Landsbanka Íslands hf. með almennu útboði sem hófst kl. 10:00 í morgun er nú yfirstaðin. Hlutabréfin voru áður í eigu ríkissjóðs. Til sölu voru 1.369.140.724 kr. og var útboðsgengi fest, fyrstu 3 daga útboðstímabils, í 3,50. Söluandvirði þessa 20% hlutar er því 4.791.992.534 kr. Er þetta eitt umfangsmesta einkavæðingarverkefni ríkissjóðs frá upphafi og það stærsta sem framkvæmt er með almennu útboði. Eignarhlutur ríkissjóðs í Landsbankanum er 48,29% eftir þessa sölu.”

Nokkru eftir sölu ríkisins á 20% hlut í Landsbankanum, eða 27. júní, barst framkvæmdanefndinni bréf frá Björgólfi Thor Björgólfssyni, Magnúsi Þorsteinssyni og Björgólfi Guðmundssyni, þar sem óskað var eftir viðræðum við ríkissjóð um kaup á umtalsverðum hlut þess í Landsbankanum. Um formlegt kauptilboð af þeirra hálfu var ekki að ræða.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu gaf út fréttatilkynningu þann 5. júlí þar sem fram kom að ráðherranefnd um einkavæðingu hefði ákveðið að fela framkvæmdanefndinni að taka upp könnunarviðræður við þremmenningana um hugmyndir þeirra. Í fréttatilkynningunni sagði ennfremur:

„Í beinum viðræðum við fjárfesta um kaup á eignarhlut ríkisins í bönkunum verður að gæta að jafnræði aðila. Slíkar viðræður verða því ekki teknar upp án þess að öðrum fjárfestum verði jafnframt gefinn kostur á þátttöku í þess háttar ferli. Þetta hefur þremmenningunum verið kynnt með bréfi framkvæmdanefndar um einkavæðingu í dag. Því hefur verið ákveðið að birta auglýsingu þar sem öðrum sem áhuga kynnu að hafa á kaupum verður gefinn kostur á að gefa slíkt til kynna innan tiltekins tíma.

Með því að taka upp könnunarviðræður við ofangreinda aðila er ríkisstjórnin að framfylgja þeirri stefnu að leita að kjölfestufjárfestum í bönkunum, það er fjárfestum sem vilja eiga umtalsverðan hlut í bönkunum til lengri tíma og hafa möguleika á að veita bönkunum framtíðar sóknarfæri og góða arðsemi.”

Eftirfarandi auglýsing um tilboð í eignarhlut ríkisins í Landsbanka og Búnaðarbanka birtist þann 9. júlí:

„Framkvæmdanefnd um einkavæðingu, fyrir hönd viðskiptaráðherra, óskar eftir tilkynningum frá áhugasömum fjárfestum um kaup á a.m.k. 25% hlut í Landsbanka Íslands hf. og/eða Búnaðarbanka Íslands hf. Leitað er eftir fjárfesti, innlendum eða erlendum, með það að markmiði að efla bankann og samkeppni á íslenskum fjármálamarkaði. Í tilkynningunni skal gera grein fyrir fjárhagsstöðu, þekkingu og

reynslu á fjármálamarkaði, eignarhlut sem viðkomandi óskar eftir kaupum á, hugmyndum um staðgreiðsluverð og áformum varðandi rekstur Landsbanka Ísland hf. og/eða Búnaðarbanka Íslands hf. Viðræðuaðilar skulu uppfylla skilyrði um hæfi eigenda virkra eignarhluta, sbr. ákvæði 10. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði. Einnig er bent á ákvæði samkeppnislaga nr. 8/1993. Tekið er fram að framangreindur hlutur verður einungis seldur í öðrum bankanum nú ef viðunandi tilboð fæst og stefnt að því að hlutur í hinum bankanum verði seldur síðar á árinu.

Nöfn þeirra sem óska eftir viðræðum verða kynnt opinberlega þegar tilkynningarfrestur hefur runnið út og verða óskir um nafnleynd ekki virtar.

Tilkynningum skal skilað fyrir kl. 16.00 fimmtudaginn 25. júlí nk.”

Þann 25. júlí skiluðu eftirtaldir aðilar inn tilkynningum:

- Björgólfur Thor Björgólfsson, Magnús Þorsteinsson og Björgólfur Guðmundsson.
- Þórður Magnússon, f.h. fjárfesta.
- Eignarhaldsfélagið Andvaka, Eignarhaldsfélagið Samvinnuþryggingar, Fiskiðjan Skagfirðingur hf., Kaupfélag Skagfirðinga svf., Ker hf., Samskip hf. og Samvinnulífeyrissjóðurinn.
- Íslandsbanki hf.
- Kaldbakur hf.

Næstu daga fór nefndin yfir tilkynningar og átti fundi með öllum fimm fjárfestahópunum. Þann 31. júlí var síðan ákveðið að ganga til frekari viðræðna við þá þrjá hópa fjárfesta sem í viðræðum við nefndina sýndu meiri áhuga á Landsbankanum en Búnaðarbankanum. Síðar yrði ákveðið um sölu hlutabréfa í Búnaðarbankanum. Við það var miðað að umtalsverður hlutur yrði seldur í báðum bönkunum á þessu ári. Þessir þrír aðilar voru: a) Björgólfur Thor Björgólfsson, Magnús Þorsteinsson og Björgólfur Guðmundsson, b) Kaldbakur hf. og Eignarhaldsfélagið Andvaka, c) Eignarhaldsfélagið Samvinnuþryggingar, Fiskiðjan Skagfirðingur hf., Kaupfélag Skagfirðinga svf., Ker hf., Samskip hf. og Samvinnulífeyrissjóðurinn.

Í framhaldinu var óskað eftir frekari upplýsingum frá fjárfestahópunum þremur. Gerður var samningur við HSBC um að bankinn aðstoðaði nefndina við að meta fjárfestana og yrði nefndinni jafnframt til aðstoðar í fyrirhuguðum samningaviðræðum. HSBC lagði mat sitt á hópana þrjá á grunni þeirra þátta sem tilgreindir voru í auglýsingu nefndarinnar frá 9. júlí en þeir eru: fjárhagsstaða, þekking og reynsla á fjármálamarkaði, eignarhlutur sem viðkomandi óskar eftir kaupum á, hugmyndir um staðgreiðsluverð og áform varðandi rekstur. Framkvæmdanefndin samþykkti mat HSBC.

Þann 9. september var tilkynnt að gengið yrði til viðræðna við Samson eignarhaldsfélag um kaup á umtalsverðum hlut í Landsbankanum, en Samson er félag í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar, Magnúsar Þorsteinssonar og Björgólfs Guðmundssonar.

Í framhaldinu fór forsætisráðuneytið fram á það að Ríkisendurskoðun færi yfir vinnubrögð framkvæmdanefndar um einkavæðingu við undirbúning á sölu hlutabréfa í Landsbankanum. Tilefni beiðnarinnar var að í bréfi Steingríms Ara Arasonar til forsætisráðherra hinn 10. september, þar sem hann segir af sér störfum í framkvæmdanefndinni, hafi komið fram alvarlegar áskanir um vinnubrögð nefndarinnar við undirbúning sölu á hlutabréfum ríkisins í Landsbankanum. Í október birti Ríkisendurskoðun greinargerð um útboð á fjórðungshlut ríkisins í Landsbankanum. Í álit Ríkisendurskoðunar segir að við val á áhugaverðum kaupanda á hlut ríkisins í Landsbanka Íslands voru þær verklagsreglur sem gilda um sölu ríkisfyrirtækja ekki brotnar. Þegar á heildina er litið verði ekki dregin önnur ályktun en að sú niðurstaða að áhugaverðast hafi verið að ganga til beinna viðræðna við Samson ehf. sé sannfærandi og eðlileg miðað við þær forsendur og áherslur sem lagðar voru til grundvallar valinu. Að mati Ríkisendurskoðunar var því ekki tilefni til að gagnrýna þá ákvörðun að ganga til beinna viðræðna við félagið.

Viðræður framkvæmdanefndar um einkavæðingu og Samson hófust í kjölfar tilkynningar nefndarinnar 9. september. Samkomulag náðist við Samson 19. október um kaup á 45,8% hlutabréfa í Landsbankanum. Söluverð er rúmlega 12,3 milljarðar kr. Samkomulagið er gert með fyrirvara um áreiðanleikakönnun beggja aðila. Helstu atriði samkomulagsins eru eftirfarandi:

- Afhending hlutabréfanna og greiðsla verður tvískipt. Annars vegar 33,3% hlutafjár í kjölfar undirritunar kaupsamnings og hins vegar 12,5% að ári liðnu.
- Núvirt meðalgengi hlutabréfa í viðskiptunum er 3,91. Það er 6% yfir 90 daga meðalgengi og 12% hærra en gengi í útboði ríkisins í júní sl.
- Kaupverð verður að fullu greitt í Bandaríkjadöllum og einkum nýtt til greiðslu erlendra skulda ríkissjóðs.

Áformað var að ganga frá kaupsamningi fyrir lok nóvember. Það gekk þó ekki eftir þar sem vinna við kostgæfnisathugun reyndist tímafrekari en ráð var fyrir gert auk þess sem ágreiningur var um nokkur atriði sem snéru að athuguninni.

Viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra skrifuðu undir kaupsamning f.h. íslenska ríkisins við Samson eignarhaldsfélag á gamlársdag 2002. Kaupsamningurinn var gerður á grundvelli samkomulagsins frá 19. október. Í kaupsamningnum eru ákvæði um takmarkaða verðaðlögun, allt að 700 m.kr., ef þróun efnahagsliða verður önnur en gengið var út frá í áætlunum sem lágu til grundvallar við undirritun samkomulags aðila frá 19. október. Ekki verður ljóst fyrir en á síðari hluta árs 2003 hvort þessi atriði hafa áhrif á endanlegt kaupverð.

Aðalfundur Landsbankans var haldinn 14. febrúar 2003. Þá tóku nýir eigendur formlega við sínu hlutverki og nýtt bankaráð var kjörið. Áður hafði Fjármálaeftirlitið samþykkt Samson ehf. sem eigendur virks eignarhlutar í Landsbankanum.

Eftir þessa sölu átti ríkissjóður aðeins 2,5% hlutabréfa í Landsbanka Íslands. Að tillögu framkvæmdanefndar tók ráðherranefnd um einkavæðingu þá ákvörðun að selja þennan eftirstandandi hlut í gegnum Kauphöll Íslands fljótlega að loknum aðalfundi Landsbankans. Almennt útboð fór fram 25. febrúar 2003. Til sölu voru um 170 m.kr. og var útboðsgengi 3,73. Söluandvirði þessa 2,5% hlutar er því um 640 m.kr. Með þessari sölu lauk einkavæðingu Landsbanka Íslands hf.

## **2.5. Búnaðarbanki Íslands hf.**

Búnaðarbanki Íslands var gerður að hlutafélagi 1. janúar 1998. Heimild í lögum nr. 50/1997 um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands um að hækka hlutafé bankans og selja til annarra en ríkisins var nýtt að hluta haustið 1998. Almennt útboð var haldið í desember 1998 og bankinn var skráður á Verðbréfaþingi Íslands í kjölfarið. Fjöldi áskrifenda í útboðinu var rúmlega 93 þúsund manns og söluandvirðið um einn milljarður. Hluthöfum fækkaði síðan verulega og voru orðnir um þrjátíu þúsund ári síðar. Gengi í útboðinu var 2,15 en ári síðar var gengi bankans komið í 4,5.

Í síðasta kafla var greint frá ástæðum þess að farið var út í sölu á Landsbanka og Búnaðarbanka í desember 1999. Salan gekk mjög vel og nam söluandvirðið um 2,2 ma.kr. Eftirstandandi hlutur ríkisins í bankanum nam þá um 72%.

Eins og rakið hefur verið hér að framan lagðist samkeppnisráð gegn fyrirhuguðum samruna Landsbanka og Búnaðarbanka árið 2000. Ráðherranefnd um einkavæðingu tók ákvörðun í kjölfarið um að láta sölu bankanna ekki fylgjast að og var ákveðið að leita að kjölfestufjárfesti í Landsbankanum. Heimild fékkst hins vegar vorið 2001 fyrir viðskiptaráðherra til að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Búnaðarbankanum.

Eignarhlutur ríkisins í Búnaðarbankanum lækkaði úr 72% niður í um 55% á árunum 2001 og 2002 án þess að til sölu kæmi. Það kom til út af samruna Búnaðarbankans við eignarleigufyrirtækið Lýsingu annars vegar og fjárfestingarfélagið Gildingu hins vegar en báðir þessir samrunar voru fjármagnaðir með hlutafjárukningu.

Þann 9. júlí 2002 var síðan auglýst eftir áhugasömum fjárfestum um kaup á a.m.k. 25% hlut í Landsbanka og Búnaðarbanka eins og áður er rakið. Ákveðið var að hefja fyrst viðræður um sölu á Landsbankanum en þegar tilkynnt var um að gengið yrði til viðræðna við Samson ehf. þann 9. september var jafnframt greint frá því að undirbúningur að sölu Búnaðarbankans hæfist.

Staðið var að vali á viðræðuaðila um kaup á hlut í Búnaðarbanka með sama hætti og gert var í Landsbanka. HSBC lagði mat á bjóðendur í ljósi fyrirfram tiltekinni viðmiða og lagði síðan tillögur sínar fyrir framkvæmdanefnd um einkavæðingu.



Þann 5. nóvember var eftirfarandi tilkynning send Kauphöll Íslands:

„Ráðherranefnd um einkavæðingu hefur ákveðið að gengið verði til viðræðna við hóp fjárfesta sem samanstendur af Eignarhaldsfélaginu Andvöku, Eignarhaldsfélaginu Samvinnutryggingum, Vátryggingafélagi Íslands hf., Kaupfélagi Skagfirðinga svf., Keri hf. og Samvinnulífeyrissjóðnum auk einnar eða fleiri erlendra fjármálastofnana um kaup á umtalsverðum hlut í Búnaðarbanka Íslands hf. Ákvörðun þessi byggir á forsendum framkvæmdanefndar um einkavæðingu og mati HSBC á þeim gögnum sem borist hafa frá þeim tveimur aðilum sem nefndin hefur átt í viðræðum við að undanfögnu. Ráðgert er að viðræður hefjist nú þegar. Áform um að ljúka við sölu hlutabréfanna á þessu ári eru óbreytt.“

Samkomulag náðist við Eglu ehf., Samvinnulífeyrissjóðinn og Vátryggingafélag Íslands þann 15. nóvember um kaup þessara aðila á 45,8% hlutabréfa í Búnaðarbankanum. Söluverð var rúmlega 11,9 milljarðar kr. Samkomulagið var gert með fyrirvara um áreiðanleikakönnun beggja aðila. Helstu atriði samkomulagsins eru eftirfarandi:

- Afhending hlutabréfanna og greiðsla verður tvískipt. Annars vegar 27,48% hlutafjár í kjölfar undirritunar kaupsamnings og hins vegar 18,32% eigi síðar en 20. desember 2003.
- Núvirt meðalgengi hlutabréfa í viðskiptunum er 4,81.

Egla ehf. er í eigu Eignarhaldsfélagsins Samvinnutryggingar og Kers hf. auk þess sem ein eða fleiri erlendar fjármálastofnanir munu eiga aðild að félaginu.

Ráðgert hafði verið að ganga frá kaupsamningi fyrir áramót en það gekk ekki eftir. Viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra skrifuðu f.h. ríkisins undir kaupsamning við fjárfestahópinn þann 16. janúar. Þá var upplýst að erlenda fjármálastofnunin í Eglu væri þýski bankinn Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA.

Ráðherranefnd um einkavæðingu tók ákvörðun um að selja eftirstandandi hlut ríkissjóðs í Búnaðarbankanum í almennu útboði. Hlutturinn, 9,11%, var seldur í gegnum viðskiptakerfi Kauphallar Íslands þann 7. mars á genginu 5,05. Söluandvirðið var um 2,5 ma. kr. Þar með lauk einkavæðingu Búnaðarbanka Íslands hf. og jafnframt eignaraðild ríkisins að fyrirtækjum í bankarekstri.

## 2.6. *Internet á Íslandi hf.*

Internet á Íslandi hf. er hlutafélag sem stofnað var árið 1995 af félögum í Samtökum um upplýsinga- og rannsóknarnet á Íslandi (SURÍS). Tilgangur félagsins var rekstur internetssambanda við útlönd og innanlands fyrir viðskiptavinum sína. Í stofnsamþykktum félagsins stóð:

Tilgangur félagsins er að annast alþjóðlega tölvunetsþjónustu byggða á Internet stöðlum, einkum fyrir mennta- og rannsóknastofnanir; að eiga hlutdeild að alþjóðlegum tölvunetum; að stuðla að sem hagkvæmasti uppbyggingu tölvunets á landsvísu fyrir viðskiptamenn sína; að stunda rannsóknir og þróun á sviði tölvunetssamskipta og skyld starfsemi.

Á undanförunum árum höfðu aðstæður í fyrirtækinu breyst töluvert m.a. með tilkomu aukinnar samkeppni á markaðnum. Nú var svo komið að fyrirtækið stóð frammi fyrir ákvörðunum í rekstrinum til að auka samkeppnishæfi þess. Helstu samkeppnisaðilar fyrirtækisins voru Landssími Íslands hf. og Íslandssími hf. Þær forsendur sem í upphafi voru fyrir aðild ríkissjóðs og ýmissa rannsóknarstofnana höfðu gjörbreyst og nú var svo komið að unnt var að bjóða út þá þjónustu sem Internet á Íslandi hf. veitti.

Í fjárlögum 1999 heimilaði Alþingi fjármálaráðherra að selja hlut ríkissjóðs í Internet á Íslandi hf. Byggðist sú ákvörðun á því að ekki var lengur talin þörf fyrir eignaraðild ríkissjóðs að félaginu. Starfsemi Internets á Íslandi hf. hafði þróast með þeim hætti að fjölmargar ríkisstofnanir áttu hlut í félaginu. Í framhaldi af því að fjármálaráðherra fól framkvæmdanefnd um einkavæðingu að annast sölu á hlut ríkissjóðs sendi nefndin bréf til þessara aðila til að kanna hug til sölu á þeirra hlut. Send voru bréf til eftirtalinna aðila:

- Norræna eldfjallastöðin
- Sjúkrahús Reykjavíkur
- Iðntæknistofnun
- Háskóli Íslands
- Hafrannsóknastofnun
- Fiskifélag Íslands
- Skrifstofa Alþingis

Niðurstaðan var sú að flestir þessara aðila tóku þátt í útboði á hlutabréfunum. Ríkiskaupum var falið að vinna að framkvæmd útboðsins og skyldi auglýst eftir tilboðum í allan hlut ríkissjóðs og fleiri stofnana. Samtals var um að ræða 21,3% hlut í fyrirtækinu.

Leitað var til endurskoðunarstofunnar Deloitte & Touche hf. varðandi verðmat á hlutabréfum í félaginu. Niðurstaða sérfræðinganna um verðmæti út frá núvirtu frjálsu sjóðstreymi var að líklegt gengi væri á bilinu 3,07-8,05 m.v. mismunandi ávöxtunarkröfu.

Allnokkur umræða fór fram milli nefndarinnar og Háskóla Íslands um sölu á hlutabréfum Háskólans í fyrirtækinu alls um 27,6% hlut í félaginu. Lagði framkvæmdanefnd um einkavæðingu áherslu á að skólinn seldi sinn hlut í félaginu samhliða öðrum ríkisaðilum til að sem best verð fengist fyrir hlutinn og að tryggt væri að sala hlutarins yrði framkvæmd í samræmi við reglur sem gilda um sölu á hlutabréfum í eigu ríkisins. Í upphafi var það sjónarmið Háskólans að bréfin yrðu ekki seld að sinni en síðan urðu þau sinnaskipti, á meðan nefndin undirbjó sölu á öðrum hlutum, að skólinn seldi sín hlutabréf til Íslandssíma hf. Fór salan fram á genginu 20. Taldi nefndin þessi vinnubrögð Háskóla Íslands í málinu ámælisverð og brot á reglum um sölu hlutabréfa og kom þeim sjónarmiðum á framfæri við ráðherranefnd um einkavæðingu. Hins vegar taldi nefndin að þriðji aðili, þ.e. Íslandssími hf., ætti ekki að bera skaða af t.a.m. ef salan yrði látin ganga til baka og lagði því til að ekki yrði frekar aðhafst í málinu.

Þann 30. mars sl. voru opnuð tilboð í sölu Ríkiskaupa nr. 12069 á hlutabréfum ríkissjóðs og fleiri aðila í Internet á Íslandi hf., alls að nafnvirði kr. 3.213.000. Eitt tilboð barst í hlutabréfin á genginu 20,5 eða sem nemur kr. 65.866.000 að kaupvirði. Tilboðið var frá Íslandssíma hf. Að undangenginni umfjöllun um niðurstöðu útboðsins lagði nefndin til, m.a. með hliðsjón af verðmati Deloitte & Touche, að gengið yrði að tilboðinu. Fjármálaráðherra féllst á tillögu nefndarinnar og staðfesti með bréfi dags. 7. apríl að gengið skyldi frá sölunni með þessum hætti.

## 2.7. Kísiliðjan hf.

Kísiliðjan hf. við Mývatn var stofnuð 13. ágúst árið 1966 með samningi íslenska ríkisins og bandaríska fyrirtækisins John-Manville Corporation. Eigendur verksmiðjunnar í ársbyrjun 2001 voru íslenska ríkið með 51% hlutafjár, Celite corporation, dótturfyrirtæki World Minerals með 48,56% og átján sveitarfélög á norðurlandi með 0,44% hlut. Starfsemi verksmiðjunnar grundvallast á vinnslu kísilgúr úr setlaugum í Mývatni en framleiðsla með þessum hætti er einstæð í heiminum.

Misjöfn afkoma hefur verið af rekstri verksmiðjunnar um árabíl og í lok síðusta áratugar var ljóst að afkoma verksmiðjunnar var óviðunandi. Meðal þess sem haft hefur áhrif á afkomuna eru jarðhræringar og óvissa um námuleyfi í Mývatni. Nokkur umræða hefur um áhrif námugraftarins á lífríki vatnsins og hefur nokkrum sinnum verið unnið ítarlegt umhverfismat til að sjá slíkt fyrir. Verksmiðjan er mikilvæg fyrir atvinnulíf í Mývatnssveit og hefur komið fram að 75 manns hafi atvinnu beint og óbeint af starfrækslu verksmiðjunnar.

Óvissa um rekstrarstöðu Kísiliðjunnar hf. kallað á hugmyndir um framtíðarskipulag rekstrarins og eigendastefnu íslenska ríkisins. Það var samhljóða mat eigenda verksmiðjunnar að framtíðarhorfur í rekstri væru tvísýnar bæði hvað varðaði frekara námuleyfi í Mývatni og eins væru aðstæður á markaði fyrir kísilgúr óvissar. Afstaða meðeiganda hafði í þessu sambandi úrslitaáhrif varðandi mögulegar leiðir til aðgerða af hálfu ríkisins. Stjórnvöld lögðu mikla áherslu á að kannaðir yrðu möguleikar til að finna fjárfesta sem tekið gætu við rekstri verksmiðjunnar og stuðlað að áframhaldandi atvinnu á svæðinu.

Á sama tíma höfðu komið fram hugmyndir af hálfu fyrirtækisins Allied EFA hf. um að hefja rekstur tilraunaverksmiðju til að þróa aðferð til framleiðslu á kísildufti og höfðu forsvarsmenn félagsins átt viðræður við iðnaðarráðuneytið þess efnis. Allied EFA hf. var stofnað árið 1998 af EFA hf. (Eignarhaldsfélagi Alþýðubankans hf.) og bandaríska fyrirtækinu Allied Resource Corporation í þeim tilgangi að fjárfesta í ýmiskonar iðnaði. Úr varð að hafnar voru þríhliða viðræður milli Allied EFA hf., World Minerals og íslenska ríkisins á árinu 1999 um hugsanlega staðsetningu verksmiðjunnar en þær reyndust árangurslausar einkum vegna þess að World Minerals vildi ekki selja sinn hlut.

Haustið 2000 voru þessar viðræður hins vegar teknar upp að nýju og að þessu sinni enduðu þær með samningi um sölu á hlut World Minerals og íslenska ríkisins í Kísiliðjunni hf. til Allied EFA hf. Samningar vou undirritaðir í febrúar 2001 með fyrirvara um samþykki Alþingis. Frumvarp iðnaðarráðherra um heimild fyrir sölunni var síðan samþykkt á Alþingi síðar um vorið.

Samkvæmt samningnum áformar kaupandi að reisa kísilduftverksmiðju við Mývatn í kjölfar þess að framleiðsla kísilgúr verði hætt, væntanlega árið 2006.

Þetta þýðir að námugrefti í Mývatni verður hætt en innviðir verksmiðjunnar nýttir til annars konar starfsemi. Stefnt er að því að með þessari lausn verði atvinnumöguleikar á svæðinu stöðugir. Kaupverð á hlutabréfum ríkisins í verksmiðjunni var um 62 m.kr. sem greitt var með skuldabréfi til fimmtán ára.

## 2.8. Stofnfiskur hf.

Stofnfiskur hf. var stofnaður 6. mars 1991. Upphaflegir eigendur voru Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði fyrir hönd ríkissjóðs og Silfurlax hf. Hluttur ríkissjóðs var 75%. Megintilgangur félagsins var að vinna að kynbótum á hafbeitarlaxi m.a. fyrir Silfurlax hf. Við rekstrarstöðvun þess fyrirtækis árið 1995 urðu miklar breytingar á rekstrarumhverfi Stofnfisks hf. Við breytingarnar jókst áhersla á vísinda- og þekkingarhluta starfseminnar, einkum á sviði erfðafræði. Á undanförunum árum hefur fyrirtækið tryggt sess sinn sem leiðandi fyrirtæki á þessu sviði.

Starfsemi Stofnfisks hf. hefur verið skilgreind með eftirfarandi hætti:

- Hrognaframleiðsla
- Kynbætur og ráðgjöf, innlend og erlend
- Önnur starfsemi:
  - Framleiðsla á matfiski
  - Þjónusturannsóknir
  - Fiskiræktarstarfsemi

Árið 1999 fór fram fyrri áfangi sölu á hlutabréfum ríkisins í Stofnfiski hf. Fyrir þá sölu átti ríkið 93% heildarhlutafjár í félaginu. Um var að ræða sölu til starfsmanna og útboð á nýju hlutafé í félaginu. Seldist nýtt hlutafé í því útboði á genginu 2,7 eftir að lágmarksverð hafði verið skilgreint 1,4. Í kjölfar sölunnar lýsti ríkið því yfir að það hygðist selja öll hlutabréf sín í félaginu innan tiltekins tíma.

Hinn 15. ágúst 2001 ritaði landbúnaðarráðuneytið framkvæmdanefnd um einkavæðingu bréf þar sem óskað var eftir að allur eftirstandandi hluttur ríkissjóðs í Stofnfiski yrði seldur rúmlega 32% heildarhlutafjár í félaginu. Ákvörðunin var í samræmi við fyrri yfirlýsingar um fyrirhugaða sölu fyrirtækisins. Í kjölfarið ákvað framkvæmdanefnd um einkavæðingu að fela Ríkiskaupum umsjón sölunnar í samráði við nefndina.

Ákveðið var að við söluna skyldi notast við tilboðsfyrirkomulag og að upplýsingar til handa væntanlegum bjóðendum myndu takmarkast við útboðslýsingu sem gefin var út í útboðinu 1999. Helstu skilmálar sölunnar voru eftirfarandi:

1. Óskað var eftir tilboðum í 32,71% hlut Ríkissjóðs Íslands í fyrirtækinu Stofnfiskur hf., hlutabréf að nafnvirði kr. 35.000.000,-
2. Til upplýsinga voru birt með sölulýsingunni hlutar úr útboðslýsingu vegna hlutafjárukningar frá árinu 1999 og hlutar úr útboðslýsingu vegna hlutafjárútboðs í júní 2001. Þessi gögn voru eingöngu birt til upplýsinga og birt án ábyrgðar á mögulegum breytingum frá birtingu útboðslýsinganna.

3. Bjóðendur skyldu með tilboðum sínum láta fylgja með tilboðstryggingu annaðhvort í formi ávísunar, sem skyldi stílaud á Ríkiskaup, eða í formi bankaábyrgðar að upphæð sem næmi alls 10% tilboðsfjárhæðar.
4. Hlutabréf skyldu framseld kaupanda innan tveggja vikna frá töku tilboðs. Kaupverð skyldi staðgreitt við framsal hlutabréfa.
5. Stefnt var að sölu hlutabréfa í Stofnfiski hf. til hæstbjóðanda.
6. Ríkissjóður Íslands áskildi sér rétt til að hafna öllum tilboðum sem bærust. Fyrir lá að ekki yrði tekið tilboðum á lægra gengi en kr. 6,00 fyrir hverja krónu nafnverðs.
7. Hver bjóðandi skyldi bjóða í 1/3 þess hlutafjár sem til sölu var, þ.e. kr. 11.666.700 að nafnverði. Hver bjóðandi gat sent inn fleiri en eitt tilboð. Heimilt var að skilyrða tilboð þannig að þau giltu einungis ef gengið yrði að tilboðum bjóðanda í tvo eða þrjá hluti.

Tilboð í útboðinu voru opnuð 2. október 2001. Þrjú tilboð bárust á genginu 9,1, 7,72 og 6,12. Meðalgengi tilboða var 7,65. Öll tilboð voru því talsvert yfir skilgreindu lágmarksgengi. Heildarfjárhæð tilboða var kr. 35.000.000 að nafnvirði og kr. 267.634.098 að söluvirði. Öll tilboðin voru frá Pétri Guðmundarsyni, hrl. fyrir hönd umbjóðenda. Að undangenginni yfirferð á tilboðunum lagði framkvæmdanefnd um einkavæðingu til við landbúnaðarráðherra að gengið yrði að tilboðunum.

Um mikla hækkun á verði hlutabréfa í félaginu var að ræða með breytingum á eignarhaldi. Í janúar 1999 þegar fram fór útboð á nýju hlutafé í Stofnfiski hf. ásamt sölu til starfsmanna var tilgreint að ekki yrði gengið að lægri tilboðum en á genginu 1,4. Niðurstaða útboðsins var sú að eftirspurn var mun meiri en framboð, meðalgengi tilboða var 2,17 og heildarsöluvirði rúmlega 105 m.kr. Í júní 2001 var þáverandi hluthöfum félagsins boðið að taka þátt í hlutafjárukningu á genginu 6,0 og seldist allur hluturinn. Sala ríkissjóðs haustið 2001 á öllum hlut sínum í félaginu er eðlilegt framhald á þessu ferli og kom það fram í fréttatilkynningu nefndarinnar að það verð sem selt var á í því útboði hafi verið mjög hagstætt ríkissjóði.

## 2.9. Landssími Íslands hf., sept. 2001

Símaþjónusta á Íslandi hefur frá upphafi verið í rekstri ríkisins. Lengst af var það almenn skoðun að svo fjármagnsfræk starfsemi gæti ekki verið í höndum annarra en ríkisins. Litið var á símaþjónustu sem náttúrulega einkasölu en í því fólst að ekki væri hægt að koma á samkeppni vegna markaðsaðstæðna.

Allmörg ár eru frá því að umræða um einkarekstur síma- og pósthjónustu hófst. Lítill skriður komst þó á málið fyrr en með aðild Íslands að samningi um Evrópska efnahagssvæðið. Í aðdraganda þess ferils skipaði þáverandi samgönguráðherra nefnd til að endurskoða lög um stjórn og starfrækslu Póst- og símamálastofnunar. Í skipunarbréfi nefndarinnar var lögð áhersla á að henni væri ætlað að endurskoða lög um stofnunina og taka í því sambandi mið af breytingum sem orðið hefðu og væntanlegar væru á réttarstöðu pósth- og símastjórna í nágrannaríkjum okkar.

Á fyrstu árum tíunda áratugarins var veruleg þróun í átt til aukins frjálsræðis og takmörkunar ríkisafskipta af pósth- og fjarskiptaþjónustu í Evrópu. Ráðist var í breytingar á rekstrarformi opinberra símafyrirtækja í flestum löndum Evrópu. Mislangt hafði þó verið gengið í þeim eignum. Í nokkrum löndum var sala á eignarhlut ríkisins hafin en í öðrum var látið nægja að breyta rekstrarformi. Hvort sem ríkið seldi hlutabréf sín eða ekki var áhersla fyrst og fremst lögð á að undirbúa fyrirtækin undir aukna samkeppni en stjórnvöld í löndum EES höfðu á þessum tíma skuldbundið sig til að nema úr gildi einkarétt ríkisins á fjarskiptaþjónustu og innleiða samkeppni. Það sama átti við hér á landi. Tillögur fyrrgreindrar nefndar miðuðu að því að breyta rekstrarformi Póst- og símamálastofnunar í hlutafélag en ekki var gert ráð fyrir sölu hlutabréfanna. Á 120. löggjafarþingi lagði samgönguráðherra fram frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar. Frumvarpið var samþykkt sem lög nr. 103/1996.

Hlutafélagið Póstur og sími hóf störf í ársbyrjun 1997. Á sama tíma var stjórnsýsluhlutverk stofnunarinnar fært til Póst- og fjarskiptastofnunar. Í ársbyrjun 1998 var rekstur pósth- og símaþjónustu aðskilinn í tvö hlutafélög og Landssími Íslands hf. og Íslandspóstur hf. hófu starfsemi.

Umræða um sölu hlutabréfa í Landssíma Íslands hf. hófst fljótlega eftir formbreytingu og aðskilnað frá póstinum. Það var þó nokkuð ljóst að stjórnvöld hygðust ekki hefja sölu hlutabréfa á því kjörtímabili enda hafði það verið stefnan þegar frumvarpið var til umfjöllunar á Alþingi. Eftir þingkosningar 1999 var hins vegar farið að ræða sölu hlutabréfanna og í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar var kveðið á um að hafinn skyldi undirbúningur að sölu Landssímans. Í stefnuyfirlýsingunni sagði enn fremur að við sölu Símans yrði þess gætt að tryggja góða þjónustu á sem hagstæðustu verði við byggðir landsins og einnig að tryggja virka samkeppni á fjarskiptamarkaði. Í febrúar 2000 kynnti samgönguráðherra svo í ríkisstjórn hugmyndir sínar um



undirbúning sölu hlutafjár í Landssímanum. Með samþykki ríkisstjórnarinnar skrifaði ráðherra svo framkvæmdanefnd um einkavæðingu og fól nefndinni að gera tillögur um hvernig standa skyldi að sölu hlutafjár í Símanum. Lagði ráðherra áherslu á að nefndin skoðaði sérstaklega m.a. kauprétt starfsmanna, sölu til almennings, kosti og galla þess að selja einum aðila umtalsverðan hlut í fyrirtækinu og meta hagkvæmni þess að skilja að einstaka þætti í starfsemi fyrirtækisins, svo sem almenna fjarskiptanetið. Vegna undirbúnings einkavæðingar Landssíma Íslands hf. tóku Jón Birgir Jónsson, ráðuneytisstjóri í samgönguráðuneyti og Jakob Falur Garðarsson, aðstoðarmaður samgönguráðherra, sæti í nefndinni. Tengiliður nefndarinnar við Landssíma Íslands hf. var Friðrik Pálsson, stjórnarformaður fyrirtækisins.

Eftir að samgönguráðherra hafði falið nefndinni að gera tillögur um hvernig standa skyldi að sölu hlutabréfa í Símanum ákvað nefndin að tillögur hennar skyldu settar fram í skýrslu þar sem fjallað væri um atriði sem taka þyrfti tillit til við sölu á hlutabréfum ríkisins í félaginu. Þá tók nefndin þátt í stefnumótun varðandi ýmis atriði er lúta að starfsemi fyrirtækja á fjarskiptamarkaði í samráði við samgönguráðuneytið og eftirlitsstofnanir á fjarskiptamarkaði.

Í ítarlegri skýrslu nefndarinnar sem skilað var til samgönguráðherra í lok janúar 2001 var farið yfir atriði sem hún taldi að taka þyrfti afstöðu til áður en til sölu á hlutabréfum kæmi. Í skýrslunni er lýsing á stöðu Landssímans á fjarskiptamarkaði, á fjarskiptakerfi fyrirtækisins og greining á þjónustu. Lagalegt umhverfi á fjarskiptamarkaði hefur tekið miklum breytingum á undanförunum árum og er í skýrslunni gerð ítarleg grein fyrir stöðu fjarskiptafyrirtækja og almennings á fjarskiptamarkaði með tilliti til lagalegs umhverfis. Þá er einnig gerð grein fyrir samningum sem snúa að Landssímanum og haft geta áhrif á stöðu fyrirtækisins við einkavæðingu þess. Samkeppni fyrirtækja á fjarskiptamarkaði eru gerð skil. Allnokkur umræða var á þessum tíma um nauðsyn þess að skipta fyrirtækinu fyrir einkavæðingu og var í skýrslunni farið yfir kosti og galla þess með ítarlegum hætti.

Í tillögum sínum lagði nefndin til að hefja bæri sölu á hlut ríkisins í Landssíma Íslands hf. sem fyrst. Nefndin lagði til áfangaskiptingu sölunnar sem var lýst með eftirfarandi hætti í tillögum hennar:

- Áfangi 1.** Sem fyrr verði höfuðáhersla lögð á sölu til almennings í fyrsta áfanga. Lagt er til að sala til almennings og starfsmanna í fyrsta áfanga verði 14% heildarhlutafjár í fyrirtækinu. Þá er mælt með því að smærri og meðalstórum fjárfestum verði gefinn möguleiki á að bjóða í stærri hluti (allt að 2-3% hverjum) með tilboðssölu samhliða sölu til almennings í fyrsta áfanga. Fyrsti áfangi fari fram vorið 2001 og samhliða fari fram skráning hlutabréfanna á Verðbréfaþingi Íslands.
- Áfangi 2.** Í öðrum áfanga verði leitað eftir kjölfestufjárfesta með það að markmiði að efla íslenska fjarskiptamarkaðinn, styrkja fyrirtækið og auka verðmæti þess við seinni sölu. Gerð er tillaga um að þessi hlutur verði 25% og að salan fari fram á síðari hluta árs 2001 en jafnframt er gert ráð fyrir að þessi hlutur geti stækkað í allt að 30 - 35% í þriðja áfanga sölunnar. Að loknum öðrum áfanga einkavæðingar eigi ríkið 51% hlutabréfanna en einkaaðilar 49%.

**Áfangi 3** Lögð verði áhersla á dreifða sölu til almennings og fjárfesta í þriðja áfanga sölunnar. Umtalsverður hluti í fyrirtækinu verði boðinn til sölu á erlendum mörkuðum samhliða íslenskum markaði og gæti sú sala hafist á árinu 2002. Taka verður tillit til aðstæðna sem verða ríkjandi á hlutabréfamarkaði þegar að ákvörðun um framkvæmd og tímasetningu þriðja áfanga kemur.

Eftir yfirferð málsins í ráðherranefnd um einkavæðingu var málið kynnt í ríkisstjórn sem samþykkti 26. janúar 2001 fyrirbyggjandi tillögu um fyrirkomulag sölu hlutabréfanna. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu var jafnframt falið að vinna áfram að málinu. Í því fólst m.a. að kalla til aðstoðar ráðgjafa til að vinna að framkvæmd einstakra þátta í ferlinu.

Samönguráðherra lagði í byrjun maí 2001 fyrir Alþingi frumvarp til laga um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf. Lögin voru samþykkt á Alþingi 19. maí 2001 og heimiluðu sölu á öllu hlutafé félagsins.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu ákvað að leita til innlendra og erlendra ráðgjafa um tilboð í afmarkaða verkþætti vegna framkvæmdar fyrsta og annars áfanga sölu hlutabréfanna. Gögn voru send öllum þeim ráðgjafar- og fjármálafyrirtækjum sem höfðu áður leitað til nefndarinnar og sýnt áhuga á að koma að vinnu við einkavæðingu. Þá var birt auglýsing í Morgunblaðinu þar sem vakin er athygli á þessum verkefnum þannig að allir sem uppfylla sett skilyrði gætu gert tilboð. Fram kom í gögnum að framkvæmdanefnd um einkavæðingu stefndi að því að ráða bæði innlenda og erlenda ráðgjafa til aðstoðar við einkavæðingu Landssíma Íslands hf. Var það til að tryggja að sem víðtækust þekking væri til staðar við framkvæmdina og að ekki sæti aðeins einn ráðgjafi að vinnu við einkavæðingu Símans. Áskilið var að samstarf yrði á milli þeirra innlendu og erlendu ráðgjafa sem samið væri við.

Ákveðið var að skipta ráðgjöfinni í þrjá verkþætti. Þeim var lýst með eftirfarandi hætti í útboðslýsingu sem send var til ráðgjafafyrirtækja:

- *Verðmat.* Gerð verðmats á hlutabréfum ríkisins í Landssíma Íslands hf. Verðmatið fari fram samkvæmt hefðbundnum aðferðum og miðist m.a. við núvirt tekjustreymi, eignamat og samanburð á kennitölum m.v. sambærileg fyrirtæki. Í skýrslu sem skilað verði um verðmatið komi fram ítarleg greining á forsendum varðmats, álit á verði hlutabréfa í einstökum áföngum sölunnar ef það er mismunandi, næmigreining og annað sem máli skiptir við ákvörðun seljanda hlutabréfanna um verðlagningu. Inni í verkefninu er einnig Due dilligence úttekt á fyrirtækinu og greinargerð þar um.
- *Skráning og sala hlutabréfa innanlands.* Í 1. áfanga sölunnar verður lögð áhersla á sölu hlutabréfa til almennings og starfsmanna Landssíma Íslands hf. Áformað er að selja 14% heildarhlutafjár í fyrirtækinu til þessara hópa. Jafnframt verði fjárfestum gefinn möguleiki á að bjóða í stærri hluti, á bilinu 2-3% hverjum, allt að 10% heildarhlutafjár. Í þessum verkþætti felst að annast skráningu á Verðbréfaþing Íslands og hafa umsjón með sölu til starfsmanna og almennings. Einnig að auglýsa eftir tilboðum og kanna réttmæti þeirra samkvæmt þeim reglum sem settar verða um útboðið. Kaupverð hlutabréfa til almennings og í tilboðssölu

verður staðgreitt en starfsmönnum munu bjóðast greiðslukjör líkt og áður hefur gilt um sölu hlutabréfa til starfsmanna einkavæddra fyrirtækja.

- *Sala til kjölfestuhluthafa.* Áformað er að selja 25% heildarhlutafjár til kjölfestufjárfestis eftir forval og lokað útboð. Ráðgert er að salan fari fram á síðari hluta árs 2001. Nánari tímasetning og skilmálar verði ákveðnir í samráði við þá ráðgjafa sem valdir verða. Verkefnið felst í að semja skilmála samkvæmt þeim óskum sem verkkaupi hefur um fyrirkomulag sölunnar, auglýsa forval, taka við erindum í kjölfar þess, gera tillögu um hverjir eiga að taka þátt í lokuðu útboði, semja skilmála og vinnureglur vegna lokaðs útboðs, taka við tilboðum, yfirfara þau og gera tillögur um hvaða tilboði skuli tekið. Verkkaupi mun sjálfur annast frágang skjala vegna sölu til kjölfestufjárfestis.

Í tilboðum sínum áttu bjóðendur að gera ítarlega grein fyrir reynslu sinni af sambærilegum verkefnum. Þá áttu þeir að gera grein fyrir tillögum sínum að fyrirkomulagi við lausn á hverjum verkþætti sem boðið var í.

Mikill áhugi reyndist á verkefninu og alls stóðu 17 ráðgjafafyrirtæki, innlend og erlend, að 14 tilboðum. Samkvæmt einkunnagjöf við mat á tilboðum var tilboð PricewaterhouseCoopers (PwC) hagstæðast í verkþætti 1 og 3 en tilboð Búnaðarbanka Íslands hf. í áfanga 2. Gengið var til samninga við þessi fyrirtækin á grundvelli tilboða þeirra.

Þegar ráðgjafar höfðu verið valdir og gengið frá samningum hófst sjálfur undirbúningur sölu hlutabréfanna. Ákveðið var að stefna að því að sala til almennings, starfsmanna Landssímans og tilboðssala til stofnanafjársfesta færi fram fyrir miðjan júní 2001. Samhliða því færi fram skráning á Verðbréfaþing Íslands. Sala til kjölfestufjársfesta færi fram fyrir lok ársins. Til að þessi tímaáætlun stæði þurfti að vinna rösklega að undirbúningi.

Við einkavæðingu fyrirtækja ríkisins hefur ávallt verið stefnan að skrá félögin á Verðbréfaþing Íslands. Það hefur verið raunin við einkavæðingu að fyrirtæki hækka jafnan í verði eftir að þau eru komin á markað og hefur það verið ríkjandi viðhorf þeirra sem ráða sölufyrirkomulagi við einkavæðingu að eðlilegt sé að almenningur kaupir í fyrsta áfanga þegar verðið er lægst. Samhliða sölu til almennings var því talið nauðsynlegt að skrá félagið á verðbréfaþing til að tryggja eðlileg viðskipti á eftirmarkaði. Í ljósi þessarar almennu stefnu var ákveðið að í fyrsta áfanga sölu hlutabréfa í Landssíma Íslands hf. yrði lögð áhersla á sölu til almennings og fjársfesta á borð við lífeyrissjóði.

Sú aðferðafræði að selja fyrst til almennings en síðar til kjölfestufjárfestis var gagnrýnd og talið að eðlilegra hefði verið að selja kjölfestufjársfesti fyrst þannig að almennir hluthafar hefðu vitneskju um hver réði stefnu fyrirtækisins til frambúðar þegar þeir keyptu hlut í félaginu. Á þetta félst nefndin ekki með hliðsjón af fyrrnefndum rökum. Það lá fyrir að kjölfestufjársfestir og það verð sem hann greiddi fyrir hlut í félaginu tæki mið af framtíðarverðmætaaukningu hlutabréfanna og að áherslur slíks aðila myndu skila sér í ávinningi ríkisins og annarra hluthafa.

Úttekt á rekstri Landssíma Íslands hf. og verðmat á hlutabréfum fyrirtækisins fór fram með hefðbundnum hætti og í samræmi við verklagsreglur um framkvæmd einkavæðingar sem samþykktar voru í ríkisstjórn 9. febrúar 1996. Þar segir í 3. tl.:

*Áður en viðkomandi ráðuneyti tekur ákvörðun um formbreytingu eða sölu fyrirtækis fer fram ítarleg úttekt á rekstri fyrirtækis og rekstrarumhverfi þess og hvernig einkavæðing hefur áhrif á þessa þætti. Slík úttekt skal vera á vegum einkavæðingarnefndar. Markaðsvirði fyrirtækisins skal metið í úttektinni. Við mat á markaðsvirði skal áætlað framtíðartekjuflæði núvirt. Öðrum aðferðum skal einnig beitt til samanburðar. Úttektin á að tryggja fullnægjandi upplýsingar um stöðu fyrirtækis áður en sala er ákveðin.*

Við verðmatið var fyrst og fremst stuðst við aðferð sem miðar að því að núvirða áætlað sjóðstreymi félagsins til framtíðar. Til grundvallar því er lögð langtímaáætlun fyrirtækisins og áætlun um almenna þróun á þeim markaði sem það starfar á.

Verðmatið var unnið af sérfræðingum PwC í London og Reykjavík. Vinna við verðmatið hófst í byrjun apríl og var verðmatsskýrslu skilað til framkvæmdanefndar um einkavæðingu síðari hluta maí. Endurskoðaðri skýrslu var skilað í ágúst eftir að sölu hafði verið frestað um vorið.

Auk verðmatsins skilaði PwC ítarlegri skýrslu um athugun sína á Landssíma Íslands hf., svokallaða áreiðanleikakönnun. Í því felst að allar skuldbindingar, réttindi og skyldur félagsins eru kannaðar og lagt mat á stöðu þess. Skýrslan var uppfærð í lok sumars með sama hætti og verðmatið.

Niðurstaða verðmats PwC var að verðmæti eigin fjár Landssímans væri á bilinu 42.973 m.kr. til 47.154 m.kr. Meðaltal þess væri 45.064 m.kr. Þetta jafngilti að gengi hlutabréfa samkvæmt verðmatinu væri 6,08 til 6,68 og meðaltalið 6,38. Ákveðið var að verðleggja hlutabréfin í útboðinu miðað við u.þ.b. 10% afslátt frá meðalgenginu, á genginu 5,75. Var þessi afsláttur talinn hæfilegur til að tryggja almenningi, sem tæki þátt í útboðinu, þann ávinning sem væri hæfilegur. Engin fordæmi væru fyrir að ganga lengra í afslætti hér á landi og þar sem verið væri að selja eigur ríkisins væri einnig óvarlegt að ganga lengra en þetta. Í verðmati PwC var gætt varfærni við forsendur helstu áætlana þannig að gera mátti ráð fyrir að markaðurinn myndi meta verðmæti herra en gert var í verðmatinu.

Eins og fyrr er greint frá var stefnt að sölu til almennings og tilboðssölu til stofnanafjárfesta vorið 2001. Ráðgert var að sala færi fram um miðjan júní. Viðamikil undirbúningsvinna var innan Símans og hjá Búnaðarbanka Íslands hf. auk þeirrar vinnu sem unnin var á vegum PwC.

Þegar nær dró var hins vegar ljóst að tími til alls nauðsynlegs undirbúnings var nokkuð knappur og því ákveðið að fresta sölu til haustsins. Allt frá því tillögur framkvæmdanefndar um einkavæðingu komu fram í janúar 2001 var ljóst að tími til undirbúnings sölu vorið 2001 væri stuttur. Allt þyrfti að ganga að óskum ef af sölu ætti að verða. Söluheimild Alþingis og verðmat lá fyrir auk þess sem undirbúningur skráningar á Verðbréfaþing Íslands og áskriftarsölu var langt á veg kominn. Ýmsir aðrir þættir voru ekki eins hagstæðir. Mikil óvissa var á fjármálamarkaði um þessar mundir, gengi krónunnar var óstöðugt og lítil viðskipti á hlutabréfamarkaði. Þá hafði ESA ekki enn afgreitt mál er þar var til meðferðar og varðaði ríkisstuðning í tengslum við stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar. Niðurstaða ESA gat allt eins orðið sú að ekki hefði verið nógu langt gengið þegar ákveðið hafði verið sumarið 2000 að hækka verð þeirra eigna sem ríkið lagði félaginu til við formbreytingu. Þá var ýmislegt í innra starfi fyrirtækisins með þeim hætti að bæta þurfti úr. Má sérstaklega nefna áætlunargerð og kaup á hlutabréfum í ýmsum félögum. Auk alls þessa var talið að frekari kynning á sölunni væri æskileg.

Við undirbúning fyrsta áfanga sölunnar leitaði framkvæmdanefnd um einkavæðingu til Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um ráðgjöf vegna tímasetninga. Í áliti Hagfræðistofnunar dags. 7. maí 2001 kom fram að í ljósi almennrar efnahagsþróunar, m.a. falls króunnar og þróunar hlutabréfamarkaðar, væru tvær leiðir færar. Annars vegar kæmi til greina að fresta sölunni eða hins vegar að auka sveigjanleika varðandi sölufyrirkomulag. Frestun gæti gefið meiri tíma til undirbúnings en fæli einnig í sér áhættu á að hægt gæti á öllu sölufurlinu. Fram kom í greiningu Hagfræðistofnunar að þrátt fyrir óróa í gengismálum væri Landssíminn eftirsóknarverður kostur fyrir langtímafjárfesta sem ættu ekki að láta skammtímaóróa hafa áhrif á sig.

Í ljósi framangreinds lagði framkvæmdanefnd um einkavæðingu til að áskriftarsölu, sölu til starfsmanna Símans og tilboðssölu væri frestað til haustsins og færi fram 19. til 21. september. Áfram yrði þó unnið að undirbúningi sölu til kjölfestufjárfestis og hefði þessi breyting ekki hafa áhrif þar á. Ráðherranefnd um einkavæðingu samþykkti þessa breyttu tímasetningu.

Sú stefna var mörkuð að eftir fyrstu tvo áfanga sölu hlutafjár í Landssímanum ætti ríkið rúman meirihluta félagsins eða 51%. Þegar kjölfestufjárfestir hefði svo nýtt sér kauprétt á 10% til viðbótar færi eignarhlutur ríkisins undir helming. Við nánari útfærslu var ákveðið að starfsmönnum og almenningi stæði til boða að kaupa 16%, í tilboðssölu skyldi selja 8% og 25% í kjölfestusölu með kauprétti á 10% til viðbótar. Nafnverð og lágmarkssöluverð í þessum fyrsta hluta sölunnar var eins og sýnt er í töflunni hér að neðan í milljónum króna:

Áskriftir	%	Nafnverð	Söluverð
Almennur hluti og starfsmenn	16	1.125.831	6.473.529
Tilboðshluti	8	562.915	3.236.764
<b>Samtals</b>	<b>24</b>	<b>1.688.746</b>	<b>9.710.294</b>

Frá upphafi var gert ráð fyrir að starfsmönnum Landssímans stæði til boða að kaupa hlutabréf á sambærilegum kjörum og starfsmönnum annarra fyrirtækja sem hafa verið einkavædd á undanförunum árum. Þannig væri þeim boðið að greiða 10% við kaup en dreifa svo greiðslum á þrjú ár, án vaxta og verðtryggingar.

Ákveðið var að sala til almennings og sala til starfsmanna yrði samtals 14% af heildarhlutafé félagsins. Miðað við þá skilmála sem ákveðnir voru gátu starfsmenn keypt u.þ.b. 1% af heildarhlutafé félagsins og almenningur um 13%.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu tók til skoðunar að bjóða almenningi að dreifa greiðslum á allt að eitt ár. Lausafjárstaða bankakerfisins var slæm um þessar mundir þannig að ekki var aðgengilegt fyrir kaupendur hlutafjár að leita eftir fjármögnun hjá bönkum nema gegn háum vöxtum. Þá mátti gera ráð fyrir að einhverjir kaupendur ætluðu sér að selja önnur hlutabréf til að fjármagna kaup á hlutabréfum í Landssímanum. Í ljósi þess hversu þungur hlutabréfamarkaður var þótti líklegt að það gæti tekið einhvern tíma fyrir fjárfesta að losa önnur bréf. Ákveðið var í samstarfi við Búnaðarbanka Íslands að bjóða almenningi greiðsludreifingu.

Tilboðssalan var útfærð þannig að hverjum og einum var heimilt að bjóða í allt að 150 m.kr. að nafnvirði eða um 2% af heildarhlutafé í félaginu. Staðgreiða skyldi kaup í tilboðshluta sölunnar.

Sala til almennings og starfsmanna og tilboðssala gekk ekki eins og vonir stóðu til. Þegar niðurstaða lá fyrir eftir áskriftartímamann 19. til 21. september höfðu 2.588 skráð sig fyrir hlut. Skipting þeirra var með eftirfarandi hætti:

Áskriftir	Fjöldi	Nafnverð	Söluverð
Almennur hluti	1956	184.382	1.060.200
Starfsmenn	613	27.601	158.709
Tilboðshluti	19	152.294	879.203
Samtals	2588	364.279	2.098.113

Samkvæmt þessu seldist aðeins um fimmtungur þess hlutafjár sem boðið var til sölu. Kaupendur höfðu skráð sig fyrir um 5% hlutafjár í félaginu.

Margar ástæður hafa verið nefndar fyrir því að ekki tókst betur til með söluna en þetta. Þrjár ástæður voru fyrirferðarmestar í umræðunni. Í fyrsta lagi er að nefna þá hörmulegu atburði sem voru nokkrum dögum áður í Bandaríkjunum þegar gerðar voru hryðjuverkaárásir í New York og Washington. Við þessa atburði dró mjög úr viðskiptum á fjármálamörkuðum alls staðar í heiminum. Áhrif þessara atburða voru miklu mun meiri en gera mátti sér í hugarlund. Í öðru lagi kom upp umræða um að verð hlutabréfa í Símanum væri of hátt. Umræðan var með þeim hætti að hún fældi almenning sannanlega frá kaupum.

Í þriðja lagi var og hafði verið um nokkurn tíma erfitt ástand á innlendum fjármálamarkaði sem m.a. orsakaðist af ótryggu gengi krónunnar.

Þegar leitað var eftir samþykki stjórnar Verðbréfaþings Íslands á skráningu hlutabréfa Landssímans á Aðallista þingsins var það gert að skilyrði að það þyrfti að selja a.m.k. 15% hlutafjár. Það gekk ekki eftir. Var því nokkru síðar leitað eftir skráningu á Tilboðsmarkað þingsins og var það samþykkt. Tilgangur þeirrar skráningar var að þó ekki hefði tekist að fá skráningu með þeim hætti sem stefnt var að þá var tryggt að fram að því að þessi 15% næðust færu viðskipti fram á opnum viðurkenndum markaði. Það var samdóma álit stjórnenda Símans og framkvæmdanefndar um einkavæðingu að það væri ákjósanlegt fyrir hluthafa félagsins að haga málum með þeim hætti.

Samhliða sölu hlutabréfa til almennings og starfsmanna og tilboðssölu innanlands var verið unnið að sölu til kjölfestufjársfestis og hafði PwC umsjón með því sölufarli. Ákveðið var að halda áfram því ferli þrátt fyrir að sala til almennings hefði ekki verið í samræmi við væntingar. Ástæða þessa var að önnur sjónarmið gilda að mörgu leyti um stærri tilboðssölur en almenn útboð.

Viðamikilið kynningarstarf fór fram á Landssíma Íslands á meðal mögulegra fjárfesta. PwC annaðist þá kynningu og naut m.a. til þess skrifstofa fyrirtækisins um allan heim. Þá var haft samband við og sent kynningarefni á alla þá sem kynnu að hafa áhuga á fyrirtækinu. Haldnir voru tíu kynningarfundir fyrir fjárfesta í Reykjavík og London þar sem starfsemi fyrirtækisins var kynnt. Á þeim fundum voru auk fulltrúa PwC stjórnendur Landssímans og fulltrúi framkvæmdanefndar um einkavæðingu.

Þegar frestur til að skila þátttökutilkynningum rann út höfðu borist 17 tilkynningar til PwC. Þessar tilkynningar voru frá eftirfarandi fyrirtækjum: TeleDanmark í Danmörku, Telenor í Noregi, Telesonique í Sviss, Detecon (dótturfyrirtæki Deutsche Telekom) í Þýskalandi, Maltacom plc. á Möltu, Western Wireless Corp. og Norðurljós samskiptafélag hf. í Bandaríkjunum og á Íslandi, Opin kerfi hf. á Íslandi, Hringiðan hf. á Íslandi, Guðmundur Franklín Jónsson í Bandaríkjunum, Schrodgers Ventures í Bretlandi, Alacre í Bandaríkjunum, Apax Partners í Bretlandi, Soros Privat Equity Partners í Bretlandi, Spectrum Equity Partners í Bretlandi, JP Morgan Partners í Bretlandi, Providence Equity í Bretlandi og Fay Ritchwhite/Berkshire Partners í Sviss.

Þó að skýrt væri að kjölfestufjársfestir þyrfti vera með umfangsmikinn símarekstur á sínum vegum var fjárfestum heimilt að skila inn þátttökutilkynningum án þess að þeir uppfylltu strangt til tekið þau skilyrði. Það lá fyrir að þegar kæmi að síðari stigum ferilsins þyrftu þeir að hafa gengið svo frá málum að skilyrði væru uppfyllt og gæti það m.a. verið með þeim hætti að stofnað yrði félag með símafyrirtækjum eða öðrum sem uppfylltu öll skilyrði.

Að undangengu umfangsmiklu ferli var komið að því að skila inn lokatilboðum og rann frestur til þess út í dagslok 7. desember 2001. Tvö tilboð bárust. Tilboðin voru frá TeleDanmark (TDC) og Providence. Þau fólu í sér þrjá efnisþætti eins og gert var ráð fyrir í forskrift söluferilsins, þ.e.a.s. verð, lýsingu á áformum um áherslur í rekstri og mögulega kosti samlegðaráhrifa í samstarfi Símans við önnur símafyrtæki. Eftir að tilboðin bárust var farið yfir innihald þeirra í samráði við PwC. Til viðbótar við tilboðin bárust nefndinni bréf frá báðum aðilum og á grundvelli þeirra og upphaflegra tilboða var ákveðið að ganga til viðræðna við TDC. Ákveðið var að viðræðurnar hæfust í janúar. Viðræður fóru að mestu fram við TDC en einnig Providence á grundvelli tillagna þeirra. Þessar viðræður leiddu hins vegar ekki til niðurstöðu eins og ítarlega er gerð grein fyrir í viðauka skýrslunnar.

Á öllum þeim fundum sem framkvæmdanefnd um einkavæðingu hélt með mögulegum fjárfestum og í öllum þeim samtölum sem PwC átti við þá sem sýndu kaupum á fyrirtækinu áhuga, kom fram að stjórnvöld á Íslandi myndu ekki selja hlutabréf í Landssímanum á gengi sem væri lægra en 5,75 enda lægi fyrir ítarlegt verðmat fyrirtækisins sem styddi það. Ríkið væri ekki nauðbeygt til að selja og því komi ekki til greina að víkja frá þessari verðlagningu. Ef ekki seldist á ásættanlegu verði myndi ríkið áfram eiga hlutabréfin þar til aðstæður yrðu betri á markaði.

Við lok kjörtímabilsins á ríkið því nánast öll hlutabréf í Landssíma Íslands hf. þrátt fyrir að unnin hafi verið viðamikill undirbúningur fyrir einkavæðingu fyrirtækisins. Þessi undirbúningur mun án efa nýtast þegar tækifæri gefst til sölu á hlutabréfum í fyrirtækinu en fyrir liggur vilji stjórnvalda þess efnis. Rekstur fyrirtækisins hefur gengið vel og hafa m.a. verið gerðar umfangsmiklar skipulagsbreytingar í starfseminni ásamt því að ný stjórn og stjórnendur hafa komið að borðinu. Afkoma fyrirtækisins hefur verið góð með tilliti til annarra fyrirtækja á markaði og mun betri en sambærilegra fjarskiptafyrirtækja m.a. í Evrópu. Hluti af skýringunni verður að teljast að fyrirtæki á íslenskum fjarskiptamarkaði hafa ekki þurft að standa í miklum fjárfestingum og greiða há leyfisgjöld vegna svokallaðrar þriðju kynslóðar farsíma en ítarleg umfjöllun er um þriðju kynslóð farsíma í skýrslu nefndarinnar um Landssíma Íslands hf. sem gefin var út í janúar 2001.

Gera verður ráð fyrir að sölu á hlutabréfum í Landssímanum verði framhaldið innan fárra ára enda má greina merki um batnandi markaðsaðstæður á fjarskiptamarkaði bæði hér á landi og erlendis.



## 2.10. Steinullarverksmiðjan hf.

Með lögum nr. 61/1981 var ríkisstjórninni veitt heimild til að taka þátt í stofnun Steinullarverksmiðjunnar hf. á Sauðárkróki. Stofnsamningur fyrir Steinullarverksmiðjuna hf. var undirritaður 2. desember 1982 og lagði íslenska ríkið fram 40% hlutfjár en Steinullarfélagið hf. 60%. Á árinu 1983 ákváðu Kaupfélag Skagfirðinga, Samband íslenskra samvinnufélaga og OY Partek A/B í Finnlandi að gerast hluthafar í félaginu. Steinullarverksmiðjan hóf starfsemi árið 1985. Hluthafar í verksmiðjunnar voru því eftirtaldir:

- Ríkissjóður	30,11%
- Paroc Group	27,68%
- bæjarsjóður Sauðárkróks	23,98%
- GLD heildverslun	12,38%
- Kaupfélag Skagfirðinga	4,92%
- aðrir	0,93%

Fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra fóru sameiginlega með eignarhlut ríkisins í verksmiðjunni.

Rekstur Steinullarverksmiðjunnar var erfiður í byrjun. Erfiðleikarnir stöfuðu annars vegar af tæknilegum ástæðum og hins vegar af mikilli skuldsetningu fyrirtækisins í erlendri mynt á tímum óðaverðbólgu. Fljótlega tókst að leysa tæknileg vandamál við framleiðsluna og afurðir fyrirtækisins urðu fyllilega samkeppnishæfar við afurðir frá öðrum framleiðendum. Með tímanum tókst að byggja upp markað í Færeyjum, Bretlandi og víðar, en útflutningur hefur gert það að verkum að afkastageta hefur verið að mestu fullnýtt frá því starfsemin hófst.

Á árinu 1989 tóku eigendur, lánadrottmar og starfsmenn höndum saman um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækisins. Hlutfé var aukið um 90 milljónir króna og jók finnska fyrirtækið Partek (nú Paroc Group) eignarhlut sinn úr 8% í 27,7%. Jafnframt var samið um nokkra lækkun vaxta og lengingu á endurgreiðslutíma lána. Ástæður þess að víðtæk samstaða náðist um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækisins var að tekjur fyrirtækisins fóru vaxandi, fyrirtækið hafði náð góðum tókum á framleiðslunni og afurðir reyndust fyllilega standast þær kröfur sem markaðurinn gerði. Í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu var gert sérstak hluthafasamkomulag á milli stærstu eigenda þess, þ.e. ríkissjóðs, Partek, bæjarsjóðs Sauðárkróks, Sambands íslenskra samvinnufélaga og Kaupfélags Skagfirðinga. Síðar eignuðust Byko og Húsasmiðjan hf. hlut Sambands íslenskra samvinnufélaga og stofnuðu þessir aðilar fyrirtækið GLD heildverslun um eignarhluti sína.

Þær langtímaáætlanir sem lagðar voru til grundvallar fjárhagslegri endurskipulagningu árið 1989 gengu eftir. Fyrirtækinu hefur tekist að þróa nýjar vöruhegundir bæði fyrir innanlandsmarkað og til útflutnings. Í þeim

efnum hefur fyrirtækið notið góðs af samstarfi við Partek á sviði tækni- og vöruþróunar. Markaðsstaða fyrirtækisins er traust og mikil umsvif í byggingariðnaði hér á landi á síðustu árum hafa leitt til þess að efnahagur fyrirtækisins er sterkur. Fyrirtækið hefur staðið vel að viðhaldi og endurnýjun framleiðslubúnaðar og haustið 2001 var tekinn í notkun nýr og fullkominn pökkunar búnaður.

Í ágúst 2001 samþykkti byggðaráð Skagafjarðar að óska eftir formlegum viðræðum við aðra ráðandi hluthafa í Steinullarverksmiðjunni hf. um sölu á hlutabréfum sveitarsjóðs í félaginu. Þann 5. október sl. var haldinn fundur fulltrúa stærstu hluthafa Steinullarverksmiðjunar hf. og var tilefni hans að ræða ósk sveitarfélagsins um sölu á hlut þess. Á fundinum kom fram að sveitarfélagið stefndi að því að selja allan hlut sinn og var af hálfu þess lögð áhersla á að sem best sátt ríkti milli aðila hluthafasamkomulagsins frá 1989 um framkvæmd söllunnar. Var niðurstaða fundarins sú að sveitarfélagið legði fram nánari hugmyndir um sölu bréfanna og tæki í framhaldi af því upp viðræður við einstaka hluthafa.

Í lok nóvember 2001 gerði sveitarfélagið aðilum hluthafasamkomulagsins skriflegt tilboð um að kaupa hlut þess á genginu 3,05. Byggðist tilboðið á mati sérfræðinga á virði Steinullarverksmiðjunnar hf., en matið var á bilinu 794,6 milljónir króna til 842,4 milljónir króna. Það svarar til gengis á bilinu 2,88 til 3,05 fyrir hvern hlut. Í bréfinu kom fram að stefna sveitarfélagsins væri að selja bréfin fyrir lok ársins og var þess óskað að svör bærust fyrir 5. desember.

Af hálfu ríkisins var tilboði um kaup á hlut sveitarfélagsins hafnað. Í síðari hluta desembermánaðar gerðu GLD heildverslun og Kaupfélag Skagfirðinga sameiginlegt tilboð í 52% hlut sveitarfélagsins og Paroc Group í fyrirtækinu. Ef tilboðinu hefði verið tekið hefði hlutur GLD heildverslunar og Kaupfélags Skagfirðinga orðið tæp 70%. Þegar eftir að ríkinu varð kunnugt um að slíkt tilboð hefði komið fram var óskað eftir fundi með aðilum hluthafasamkomulagsins til að ræða þær breyttu forsendur sem upp væru komnar og framtíðareignarhald á félaginu. Á fundinum lýstu fulltrúar ríkisins því yfir að þar sem fyrir lægi að Paroc hefði breytt um afstöðu og vildi nú selja sinn hlut í fyrirtækinu þá vildi ríkið jafnframt taka til athugunar að selja sinn hlut. Jafnframt var því lýst yfir af hálfu ríkisins að þeir vildu láta á það reyna hvort hægt væri að ná samstöðu um að bjóða bréf ríkisins, sveitarfélagsins og jafnvel Parocs til sölu með sameiginlegu útboði. Af hálfu sveitarfélagsins og Paroc var þeirri leið hafnað.

Þann 18. febrúar sl. bárust ríkinu, Paroc Group og sveitarfélaginu Skagafjörður kautilboð í eignarhluti ofangreindra aðila í Steinullarverksmiðjunni hf. frá Húsasmiðjunni hf., BYKO hf. og Kaupfélagi Skagfirðinga. Þann 1. mars sl. náðist samkomulag á grundvelli sameiginlegs gagntilboðs ríkisins, Paroc Group og sveitarfélagsins Skagafjörður um sölu á hlutum þessara aðila í Steinullarverksmiðjunni hf. til þeirra þriggja fyrirtækja sem stóðu að

kauptilboðinu þann 18. febrúar. Samkvæmt samkomulaginu var gengi hlutabréfanna 2,65 og koma kr. 220.124.476 í hlut ríkisins. Í samkomulaginu er einnig kveðið á um að greiddur verði kr. 39.950.000 í arð fyrir árið 2001 sem skiptist í samræmi við núverandi hlutafjáreign. Miðað við þá fjárhæð nemur hlutur ríkisins í þeirri greiðslu rúmum 12 milljónum króna. Heildarfjárhæðin sem kom í hlut ríkisins verði af þessum viðskiptum nam því rúmlega 232 milljónir króna.

Í samkomulaginu kom fram að tiltekin skilyrði yrðu að vera uppfyllt áður en endanlega yrði gengið frá samningum m.a. er vörðuðu samþykki samkeppnisyfirvalda. Þá var það hluti af samkomulaginu að minni hluthöfum í Steinullarverksmiðjunni hf., sem eiga samanlagt tæplega 1%, yrði gert sambærilegt tilboð um kaup á þeirra hlutabréfum í fyrirtækinu.

### 2.11. Íslenska járnblendifélagið hf.

Íslenska járnblendifélagið hf. var stofnað 28. apríl 1978 af ríkisstjórn Íslands og bandaríska fyrirtækinu Union Carbide Corporation og var liður í þeirri stefnu íslensku ríkisstjórnarinnar að auka fjölbreytni í atvinnulífi landsmanna, m.a. með því að virkja vatnsorku landsins og skjóta þannig stoðum undir atvinnugreinar sem voru þurftarfrekar á raforku. Rúmu ári eftir stofnun félagsins dró Union Carbide sig út úr samstarfinu en þess í stað kom norska stórfyrirtækið Elkem. Í desember 1976 skrifuðu íslenska ríkið og Elkem undir samning um byggingu járnblendiverksmiðju á Grundartanga í Hvalfirði. Hluttur ríkisins var 55% en Elkem 45%. Í september 1984 seldi Elkem þriðjung hlutafjár síns til Sumitomo Corporation í Japan. Jafnframt lögðu upphaflegir eigendur fram aukið hlutafé.

Íslenska járnblendifélagið starfar við framleiðslu á kísiljárn (FeSi) sem aðallega er notað til stálframleiðslu. Kísiljárn sem framleitt er á Grundartanga inniheldur 75% kísil (Si), um 22% járn (Fe) og afgangurinn er ál, kalsín og önnur snefilefni. Árleg afkastageta verksmiðjunnar er rúm 70.000 tonn af 75% kísiljárn og er það að mestu leyti selt um sölukerfi Elkem. Undanfarin ár hefur afkastageta verksmiðjunnar verið fullnýtt.

Eftir sölu á 26,5% hlut ríkisins í Íslenska járnblendifélaginu árið 1998 átti ríkið eftir 10,49% í félaginu. Stærsti eigandinn í félaginu, Elkem, hafði samkvæmt samkomulagi við ríkið forkaupsrétt á þessum hlut. Rekstur hefur gengið illa síðustu ár og hefur verksmiðjan verið rekin með umtalsverðu tapi. Gengi hlutabréfa í félaginu hafði lækkað mjög og var á tímabili undir nafnvirði.

Af fyrrgreindum ástæðum var ekki hafinn undirbúningur á sölu á eftirstandandi hlut ríkisins þrátt fyrir að fyrir lægi heimild og að fyrir lægi sú stefnumótun að ríkið myndi draga sig út úr rekstri verksmiðjunnar.

Haustið 2002 fóru í gang viðræður milli helstu eigenda verksmiðjunnar um breytingar á eignarhaldi. Á þeim tíma var skipting hlutafjár eftirfarandi:

Elkem	72,61%
Íslenska ríkið	10,49%
Sumitomo Corporation	3,4%
Aðrir minni fjárfestar	13,5%

Markmið íslenska ríkisins í viðræðunum var að treysta starfsemi verksmiðjunnar með því að selja hlut sinn í félaginu til stærsta hluthafans sem myndi þannig hafa algjör yfirráð yfir félaginu og geta gert viðeigandi ráðstafanir. Einnig var markmiðið að bjóða öðrum hluthöfum sambærileg kjör og ríkinu. Niðurstaða viðræðnanna var sú að gerður var samningur milli Elkem, íslenska ríkisins og Sumitomo Corporation um kaup Elkem á öllu hlutafé hinna síðarnefna í Íslenska járnblendifélaginu hf. Kaupverð bréfa ríkisins var rúmlega 131,5 mkr. eða á genginu 1,15. Eitt af skilyrðum samningsins var að Elkem

myndi gera tilboð í alla aðra útistandandi hluti. Eftir söluna hefur ríkið alfarið dregið sig út úr eignarhaldi á Íslenska járnblendifélaginu hf.

## 2.12. Íslenskir aðalverktakar hf.

Íslenskir aðalverktakar hf. (ÍAV) voru stofnaðir 31. maí 1997 með yfirtöku ákveðinna eigna og skuldbindinga, ásamt öllum verksamningum Íslenskra aðalverktaka sf., sem þá höfðu starfað sem verktakar á varnarsvæðum hérlendis allt frá 1954. Á því ári tóku Íslenskir aðalverktakar sf. við aðalverktöku fyrir Varnarliðið af bandaríska fyrirtækinu Metcalfe, Hamilton, Smith & Beck og varð sammingsaðili við Varnarliðið. Þann 1. júlí 1957 tóku Íslenskir aðalverktakar sf. einnig yfir verkefni sem Sameinaðir verktakar höfðu unnið sem undirverktakar allt frá árinu 1951. Samþykktum ÍAV sf. var breytt 27. júní 1957 á þann veg að eignaraðilar urðu Sameinaðir verktakar hf. með 50% hlut, íslenska ríkið með 25% hlut og Reginn hf. með 25% hlut. Sömu eignarhlutföll giltu fram til ársins 1990 en það ár gerðu eigendur með sér samkomulag um að hlutur íslenska ríkisins ykist í 52% en hlutur Sameinaðra verktaka hf. yrði 32% og Regins hf. 16%. Þau eignarhlutföll héldust óbreytt til ársins 1997 er hið nýja fyrirtæki Íslenskir aðalverktakar hf. var stofnað. Í framhaldi af því var eignarhluta Sameinaðra verktaka hf. í Íslenskum aðalverktökum hf. dreift til einstakra hluthafa Sameinaðra verktaka hf. í hlutfalli við hlutafjáreign hvers og eins.

Í framhaldi af í samningum íslenskra og bandarískra stjórnvalda í ársbyrjun 1996 var tekin ákvörðun um að afnema það fyrirkomulag að íslensk stjórnvöld tilnefndu verktaka til að semja um framkvæmdir á varnarsvæðum og að stefnt yrði að frjálsum útboðum verkefna í framtíðinni. Jafnframt var ákveðinn aðlögunartími vegna þessara breytinga. Sérreittindi Íslenskra aðalverktaka hf. vegna verktöku innan varnarsvæða voru samkvæmt því afnumin í áföngum, og að fullu og öllu í árslok 2003.

Félagið sinnir almennum verkefnum á sviði byggingariðnaðar um allt land og starfar bæði á útboðsmarkaði en byggir auk þess fyrir eigin reikning til sölu bæði íbúðir og atvinnuhúsnaði. Félagið er öflugur þátttakandi í stóriðjuframkvæmdum og hefur nýlega skilað Landsvirkjun Vatnsfellsvirkjun, fullbúinni, en félagið byggði síðustu stækkun álversins í Straumsvík og var stór aðili að byggingu álvers Norðuráls á Grundartanga

Í desember 1998 fór fram fyrsti áfangi sölu á hlutabréfum ríkisins í Íslenskum aðalverktökum hf. Þegar seld voru 10,7% af heildarhlutfé með tilboðsfyrirkomulagi. Lágmarksgengi í útboðinu var 1,75 og seldust ekki öll hlutabréf sem í boði voru. Eftir söluna var eignarhlutur ríkissjóðs í félaginu 39,86%.

Á fundi ríkisstjórnarinnar 11. febrúar 2003 var fjallað um tillögur framkvæmdanefndar um einkavæðingar um verkefni næstu mánaða. Meðal annarra tillagna nefndarinnar var að hafinn yrði undirbúningur að sölu á öllum eftirstandandi hlut ríkisins í Íslenskum aðalverktökum hf. Tillögur nefndarinnar voru byggðar á fyrri yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar um að til stæði að ríkið

hyrfi alfarið út úr fyrirtækinu. Gengi hlutabréfa í félaginu hafði hækkað umtalsvert undanfarna mánuði eða frá u.þ.b. 2,7 í júní 2002 í 3,4-3,5 í byrjun febrúar 2003. Það var því ljóst að út frá fjárhagslegum hagsmunum ríkisins virtist hagstætt að hefja sölu á þessum tíma og einnig hafði verið vart við vaxandi áhuga á félaginu á hlutabréfamarkaði. Á fyrrnefndum fundi ríkisstjórnarinnar voru tillögur nefndarinnar samþykktar og nefndinni falið að vinna að framkvæmd verkefnisins.

Á vormánuðum 2001 höfðu áður verið uppi hugmyndir um að hefja sölu á hlut ríkisins í Íslenskum aðalverktökum hf. og var leitað til verðbréfafyrirtækja vegna umsjónar og ráðgjafar við fyrirhugaða sölu. Að undangengnu útboði og mati á tilboðum var ákveðið að ganga að tilboði Landsbanka Íslands hf. í verkið og var í framhaldinu unnið að formlegum samningum. Vegna aðstæðna á markaði var ákveðið að fresta sölunni áður en samningurinn var undirritaður. Þar sem gengið hafði verið formlega að tilboði Landsbankans í verkefnið og það tilkynnt öðrum bjóðendum með bréfi, taldi nefndin ljóst að samkomulag hafi verið komið á milli nefndarinnar og bankans um umsjón sölunnar og var því ákveðið að endurskoða fyrri samning og fela Landsbanka Íslands hf. umsjón verkefnisins. Við vinnu nefndarinnar að verkefninu tók Sturla Sigurjónsson, skrifstofustjóri varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, sæti í nefndinni.

Við val á sölufyrirkomulagi taldi nefndin rétt að að líta til þeirrar starfsemi sem félagið stundar. Þrátt fyrir að félagið sé almenningshlutafélag og skráð í Kauphöll Íslands taldi nefndin ljóst að um áhættusama starfsemi væri að ræða. Á undanförunum árum hefur verið mótuð tiltekin stefna um það að leita frekar til stærri fjárfesta þegar um slíkt fyrirtæki er að ræða. Má í því sambandi nefna sölu á hlutabréfum ríkisins í Stofnfiski hf., Intís hf., Áburðarverksmiðjunni hf., Hólalax hf. o.fl. Þá má nefna að árið 1998 var farin sú leið við fyrri sölu í ÍAV að leita tilboða í stærri hluti. Því lagði nefndin til að leitað yrði tilboða í allan hlut ríkisins í einu lagi til eins fjárfestis eða hóps fjárfesta.

Í byrjun mars 2003 birti umsjónaraðili sölunnar í samstarfi við framkvæmdanefnd um einkavæðingu, f.h. utanríkisráðherra, auglýsingu í Morgunblaðinu þar sem lýst var eftir áhugasömum fjárfestum til að kaupa allan hlut ríkisins í Íslenskum aðalverktökum hf. Ákveðið var að fyrirkomulag sölufेरilsins yrði þannig að áhugasömum aðilum yrði boðið að mæta á kynningarfund með umsjónaraðilum sölunnar, nefndinni og stjórnendum félagsins. Síðar kom í ljós að stjórnendur félagsins ásamt starfsmönnum höfðu hug á að mynda hóp fjárfesta og taka þátt í útboðinu þannig að ljóst var að þeir gátu þar með ekki tekið þátt í kynningum. Ákveðið var að stjórnarformaður félagsins, sem ekki var hluti af hópi starfsmanna myndi þá hlaupa í skarðið og kynna félagið. Reyndist vera umtalsverður áhuga á félaginu og óskuðu 9 hópar fjárfesta eftir kynningarfundum.

Áhugasömum fjárfestum var gert að leggja fram tilboð eigi síðan en 21. mars 2003 þar sem fram kæmu skilmerkilegar upplýsingar sem mynduðu grundvöll fyrir vali á viðræðuaðila vegna kaupanna. Í auglýsingu vegna sölunnar höfðu verið tilgreind eftirfarandi atriði sem valið af hálfu nefndarinnar myndi byggjast á:

- Verð.
- Lýsing og mat á áhrifum sölu til viðkomandi tilboðsgjafa á samkeppni á íslenskum verktakamarkaði.
- Fjárhagslegur styrkur og lýsing á fjármögnun.
- Framtíðarsýn hvað varðar rekstur fyrirtækisins og starfsmannamál.
- Stjórnunarleg reynsla og þekking á þeim markaði sem félagið starfar á.

Framangreindum atriðum var í auglýsingunni raðað í mikilvægisröð til að veita nægjanlegar leiðbeiningar til handa bjóðendum um áherslur nefndarinnar. Til að tryggja enn frekar gagnsæi í ferlinu var vægi einstakra þátta ákveðið á fundi nefndarinnar í kjölfar birtingar á auglýsingu og byggðist það á tillögum frá umsjónaraðila sölunnar.

Frestur til að skila inn tilboðum í hlutinn rann út 21. mars 2003 og voru nöfn tilboðsgjafa birt opinberlega í samræmi við skilmála sölunnar. Eftirfarandi tilboðsgjafar skiluðu inn tilboðum:

- Jarðboranir hf.
- JB Byggingafélag ehf. og Trésmiðja Snorra Hjaltasonar ehf.
- Joco ehf.
- Eignarhaldsfélagið AV ehf.

Í kjölfar opunar tilboða tilkynnti umsjónaraðili sölunnar, Landsbanki Íslands hf., um hugsanlega hagsmunaárekstra vegna tengsla bankans við bjóðendur. Bað bankinn um að verða leystur undan samningi við nefndina varðandi frekari framgang sölunnar. Var þessi ósk bankans samþykkt af nefndinni og þurfti því að leita annarra leiða við mat á tilboðum. Ákveðið var að leita til Verðbréfastofunnar hf. um mat á tilboðum út frá þeim forsendum sem tilgreindar voru í skilmálum sölunnar. Niðurstaða Verðbréfastofunnar hf. var sú að út frá þessum forsendum ætti að ganga fyrst til viðræðna við Eignarhaldsfélag AV ehf. á grundvelli tilboðs þeirra. Þessi niðurstaða var rædd í framkvæmdanefnd um einkavæðingu og lögð fyrir ráðherranefnd um einkavæðingu sem staðfesti niðurstöðuna. Var þessi ákvörðun kynnt opinberlega 25. apríl 2003.

Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra og Geir H. Haarde, fjármálaráðherra, undirrituðu svo kaupsamning f.h. íslenska ríkisins við Eignarhaldsfélagið AV ehf. (EAV) um kaup EAV á 39,86% í Íslenskum aðalverktökum hf. 2. maí 2003. Kaupsamningurinn var gerður á grundvelli skilmála sölunnar og tilboðs félagsins. Helstu atriði kaupsamningsins voru eftirfarandi:



- Um var að ræða hluti í Íslenskum aðalverktökum hf. að nafnverði kr. 558.007.874.-
- Greiðsla og afhending hlutanna færi fram 16. maí nk.
- Umsamið kaupgengi var 3,69 fyrir hvern hlut.
- Kaupverð hlutanna var kr. 2.059.049.055. –

Samkvæmt samningnum skuldbatt EAV sig til að eiga hlutabréfin í a.m.k. 12 mánuði frá undirritun samningsins. Eigendur EAV eru stjórnendur og starfsmenn Íslenskra aðalverktaka hf.

Eftir þessi viðskipti hefur ríkið dregið sig alfarið út úr eignarhaldi á hlutabréfum í Íslenskum aðalverktökum hf.

### 2.13. Sementsverksmiðjan hf.

Í byrjun mars 2003 lagði iðnaðarráðherra fram frumvarp á Alþingi sem heimilaði sölu á öllum eignarhlut ríkisins í Sementsverksmiðjunni hf. Áður hafði staða verksmiðjunnar og leiðir til sölu verið ræddar á fundum framkvæmdanefndar um einkavæðingu og fulltrúa iðnaðarráðuneytisins og verksmiðjunnar. Yfirlýstur tilgangur sölunnar var að leita eftir fjárfestum til að auka rekstrarfé verksmiðjunnar og nýta þannig þau tækifæri sem eru fyrir hendi á íslenskum sementsmarkaði. Með þessu móti yrði samkeppnisstaða verksmiðjunnar tryggð og samkeppni myndi haldast á sementsmarkaði.

Sementsverksmiðjan hf. er gamalgróið fyrirtæki í íslenskum iðnaði. Bygging verksmiðjunnar hófst árið 1955. Árið 1958 var ofn verksmiðjunnar gangsettur og framleiðsla hófst á sementi. Fyrirtækið hefur því framleitt íslenskt sement í 45 ár.

Sementsverksmiðjan notar nær eingöngu íslenskt vinnuafl, hráefni og orku ef frá er dregin notkun á kolum og olíu. Óhætt er að fullyrða að verksmiðjan hafi þjónað íslenskum byggingariðnaði vel í öll þessi ár og gegnt mikilvægu hlutverki. Fyrirtækið hefur verið í nánú samstarfi við steypustöðvar og byggingaraðila ásamt Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins.

Mikil þróun hefur átt sér stað við framleiðslu á sementi hjá Sementsverksmiðjunni. Afköst hafa verið aukin, steypugæði bætt og vöruúrval aukið. Sjálfvirkni í framleiðsluferlinu hefur einnig verið aukin. Þannig hefur framleiðni verið aukin hjá fyrirtækinu jafnt og þétt og til marks um það má nefna að upp úr 1980 voru 185 starfsmenn hjá fyrirtækinu en í dag eru þeir um 70. Nú er hægt að framleiða meira sement sem uppfyllir alþjóðlegar gæðakröfur með færri fólki en áður.

Framleiðslutæki verksmiðjunnar eru í góðu ástandi. Verksmiðjunni hefur verið vel við haldið og metnaður verið lagður í að tæknivæða framleiðsluferlið. Árið 2000 gerði F. L. Smith úttekt á ástandi framleiðslutækja verksmiðjunnar en F. L. Smith eru uppaflegir hönnuðir hennar. Niðurstaðan var sú að framleiðslutæki væru í góðu ástandi. Árið 2001 ákváðu stjórnendur fyrirtækisins að taka þátt í samanburðarathugun (benchmarking) á milli sementsfyrirtækja í Evrópu. Útkoma fyrirtækisins var mjög góð í þeirri könnun. Það er því ljóst að verksmiðjan uppfyllir alþjóðlegar gæðakröfur og hefur á að skipa góðu starfsfólki.

Á síðustu árum hefur Sementsverksmiðjan tekið að sér að eyða og þar með endurnýta nær allan olíuúrgang sem fellur til í landinu. Jafnframt hefur verið farið út í að eyða ýmsum öðrum eignum svo sem leysiefnum og framköllunarvökva. Hægt er að hita ofn Sementsverksmiðjunnar í 1450°C sem veldur því að efnin brotna niður og valda ekki mengun eða hættu fyrir umhverfið. Flestar sementsverksmiðjur á Vesturlöndum eru að taka að sér

eyðingu og endurnýtingu úrgangs. Við áframhaldandi framleiðslu sements hér á landi má því búast við að hlutverk verksmiðjunnar við endurvinnslu úrgangsefni verði mikilvægara í framtíðinni. Má í því sambandi nefna að ekki verður leyft í nánustu framtíð að farga t.d. hjólbörðum og baggaplasti eins og nú er gert með urðun. Í þessu eru fólgin tækifæri fyrir verksmiðjuna.

Innkoma nýs söluaðila á íslenskum sementsmarkaði, Aalborg Portland, hefur haft mikil áhrif á starfsumhverfi Sementsverksmiðjunnar hf. Sementsverð hefur lækkað um 25% og markaðshlutdeild verksmiðjunnar minnkað. Leitað hefur verið leiða til að mæta skerðingu á tekjum með hagræðingu í rekstri, m.a. með fækkun starfsmanna og endurskoðun helstu samninga um aðföng. Þetta hefur þó ekki dugað til og hefur verksmiðjan verið rekin með tapi undanfarin misseri. Rétt er að geta þess að mikill ágreiningur ríkir milli samkeppnisaðila um verðlagningu á sementi og hefur málið verið til meðferðar bæði hjá Samkeppnisstofnun og Eftirlitsstofnun ESA.

Í kjölfar frumvarps um sölu á Sementsverksmiðjunni hf. leitaði iðnaðarráðuneytið eftir því við framkvæmdanefnd um einkavæðingu að mótaðar yrðu tillögur um fyrirkomulag sölu á öllu hlutafé ríkisins í Sementsverksmiðjunni hf. alls 450 mkr. að nafnvirði. Við framkvæmd verkefnisins tók Benedikt Árnason, skrifstofustjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, sæti í nefndinni. Ákveðið var að leita til MP verðbréfa varðandi umsjón sölunnar. Meðal verkefna fyrirtækisins skv. samningi voru eftirfarandi:

- Samskipti við þá aðila sem lýsa yfir áhuga á að taka þátt í söluférlinu.
- Samskipti við stjórnendur og forsvarsmenn Sementsverksmiðjunnar hf.
- Verðmat á verksmiðjunni.
- Skipulagning og umsjón með kynningarfundum sem haldnir verða í tengslum við söluna.
- Eftirfylgni gagnvart tilboðsgjöfum og stjórnendum Sementsverksmiðjunnar hf. m.a. vegna upplýsingagjafar.
- Þátttaka í viðræðum við fjárfesta, stjórnvöld og eftirlitsstofnanir eftir því sem þörf krefur.
- Mat á tilboðum og tilboðsgjöfum í samstarfi við FNE.
- Framkvæmd sölunnar.
- Gerð kaupsamnings

Í samvinnu við framkvæmdanefnd um einkavæðingu, f.h. iðnaðarráðherra, birtu MP verðbréf auglýsingu í Morgunblaðinu 12. mars þar sem farið var yfir helstu skilmála sölunnar ásamt tímasetningum. Ákveðið var að fyrirkomulag sölunnar yrði þannig að stefnt yrði að því að valinn yrði einn aðili til viðræðna við nefndina. Skyldu áhugasamir fjárfestar skila til nefndarinnar tilboðum eða greinargerð þar sem fram kæmu upplýsingar sem yrðu grundvöllur ákvörðunar um val á viðræðuaðila. Áður en tilboðum yrði skilað var ákveðið að þeir sem áhuga hefðu gætu óskað eftir kynningarfundum með umsjónaraðilum sölunnar og

stjórnendum verksmiðjunnar. Slíkir fundir voru þó ekki skilyrði fyrir því að viðkomandi fjárfestar mættu skila inn tilboðum.

Í auglýsingu nefndarinnar voru tilgreind þau atriði sem ráða myndu vali á viðræðuaðila og var þeim raðað í mikilvægisröð.

1. Hugmyndir um verð.
2. Lýsing og mat á áhrifum sölu til viðkomandi tilboðsgjafa á samkeppni á íslenskum byggingamarkaði.
3. Fjárhagslegur styrkur og lýsing á fjármögnun.
4. Framtíðarsýn hvað varðar rekstur fyrirtækisins og starfsmannamál.
5. Stjórnunarleg reynsla og þekking á þeim markaði sem verksmiðjan starfar á.

Frestur til að skila inn tilboðum í 100% hlut ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni hf. alls að nafnverði 450.000.000 kr., rann út 28. apríl 2003. Í samræmi við skilmála sölunnar voru nöfn tilboðsgjafa birt opinberlega. Eftirfarandi tilboðsgjafar skiluðu inn tilboðum:

- 
- Framtak fjárfestingarbanki hf., BM Vallá ehf., Björgun ehf. og Steypustöðin ehf.
- GJ fjármálaráðgjöf s.f., f.h. Ramis ehf., Benedikts Jónmundssonar, Gunnars Sigurðssonar og Jóns Sigurðssonar.
- Gunnar Leifur Stefánsson, f.h. Verkplansins ehf., Háahnjúks ehf., Knarrar ehf., Trésmiðjunnar Kjalar ehf., Café 67 ehf., Kistils ehf. og Fasteignasölunnar Miðborgar ehf.
- Jóhann Halldórsson, hrl., f.h. Húsasunds ehf., Uniland Cementera S.A. og óstofnaðs hlutafélags Jóns Ólafs Halldórssonar og Steingrims Erlingssonar.
- Loftorka hf., Eykt hf. og Sparisjóður Mýrasýslu.

Að undangengnu mati á tilboðum á forsendum sem tilgreindar voru í söluskilmálum skrifaði umsjónaraðili sölunnar minnisblað til framkvæmdanefndar um einkavæðingu þar sem fram kom að tilboð Framtaks fjárfestingarbanka hf., BM Vallá ehf., Björgunar ehf. og Steypustöðvarinnar ehf. væri það sem best uppfyllti markmið seljenda. Á grundvelli matsins gerði framkvæmdanefndin tillögu til ráðherranefndar um einkavæðingu um að gengið yrði til viðræðna við umræddan hóp. Var tillaga nefndarinnar samþykkt af ráðherranefndinni 11. apríl.

Í byrjun maí 2003 stóðu enn yfir viðræður framkvæmdanefndar um einkavæðingu og Framtaks fjárfestingarbanka hf. o.fl. aðila.

### 3. Viðaukar

#### 3.1. Greinargerð um undirbúning og framkvæmd sölu á hlutabréfum ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf.

##### I.

Allt frá upphafi símaþjónustu á Íslandi hefur hún verið í rekstri ríkisins. Lengst af var það almenn skoðun að svo fjármagnsfrek starfsemi gæti ekki verið í höndum annarra en ríkisins og einnig var um að ræða það sem kallað var náttúruleg einkasala en í því fólst að ekki væri hægt að koma á samkeppni vegna markaðsaðstæðna. Sími var fyrst lagður milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur 1890 og 1905 hóf innanbæjarsími í Reykjavík starfsemi sína. Upphaf ríkissímafyrirtækis hér á landi má rekja aftur til 1906 þegar sæstrengur var lagður milli Íslands og meginlands Evrópu. Allt frá þeim tíma hefur ríkið haft með veitingu þessarar þjónustu. Lengst af var rekstur pósthjónustu á vegum sömu stofnunar, Póst- og símamálastofnunar.

All mörg ár eru frá því að umræða um einkarekstur síma- og pósthjónustu hófst. Lítil skriður komst þó á málið fyrr en með aðild Íslands að samningi um Evrópska efnahagssvæðið. Í aðdraganda þess ferils skipaði þáverandi samgönguráðherra nefnd til að endurskoða lög um stjórn og starfrækslu Póst- og símamálastofnunar. Í skipunarbréfi nefndarinnar var lögð áhersla á að henni væri ætlað að endurskoða lög um stofnunina og taka í því sambandi mið af breytingum sem orðið hefðu og væntanlegar væru á réttarstöðu póst- og símastjórna í nágrennaríkjum okkar.

Á fyrstu árum tíunda áratugarins var veruleg þróun í átt til aukins frjálsræðis og takmörkunar ríkisafskipta af póst- og fjarskiptaþjónustu í Evrópu. Ráðist var í breytingar á rekstrarformi opinberra símafyrirtækja í flestum löndum Evrópu. Mislangt hafði þó verið gengið í þeim efnum. Í nokkrum löndum var sala á eignarhlut ríkisins hafin en í öðrum var látið nægja að breyta rekstrarformi. Hvort sem ríkið seldi hlutabréf sín eða ekki var áhresla fyrst og fremst lögð á að undirbúa fyrirtækin undir aukna samkeppni en stjórnvöld í löndum EES höfðu á þessum tíma skuldbundið sig til að nema úr gildi einkarétt ríkisins á fjarskiptaþjónustu og innleiða samkeppni. Það sama átti við hér á landi. Tillögur fyrrgreindrar nefndar miðuðu að því að breyta rekstrarformi Póst- og símamálastofnunar í hlutafélag en ekki var gert ráð fyrir sölu hlutabréfanna. Á 120. löggjafarþingi lagði samgönguráðherra fram frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar. Frumvarpið var samþykkt sem lög nr. 103/1996.

Hlutafélagið Póstur og sími hóf störf í ársbyrjun 1997. Á sama tíma var stjórnsýsluhlutverk stofnunarinnar fært til Póst- og fjarskiptastofnunar. Í ársbyrjun 1998 var rekstur póst- og símaþjónustu aðskilinn í tvö hlutafélög og Landssími Íslands hf. og Íslandspóstur hf. hófu starfsemi.

##### II.

Umræða um sölu hlutabréfa í Landssíma Íslands hf. hófst fljótlega eftir formbreytingu og aðskilnað frá póstinum. Það var þó nokkuð ljóst að stjórnvöld hygðust ekki hefja sölu hlutabréfa á því kjörtímabili enda hafði það verið stefnan þegar frumvarpið var til umfjöllunar á Alþingi. Eftir þingkosningar 1999 var hins vegar farið að ræða sölu hlutabréfanna og í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar var kveðið á um að hafinn skyldi undirbúningur að sölu Landssímans. Í stefnuyfirlýsingunni sagði ennfremur að við sölu Símans verði þess gætt að tryggja góða þjónustu á sem hagstæðustu verði við byggðir landsins og einnig að tryggja virka samkeppni á fjarskiptamarkaði. Í febrúar 2000 kynnti samgönguráðherra svo í ríkisstjórn hugmyndir sínar um undirbúning sölu hlutafjár í Landssímanum. Með samþykki ríkisstjórnarinnar skrifaði ráðherra svo framkvæmdanefnd um einkavæðingu og fól nefndinni að gera tillögur um hvernig standa skyldi að sölu hlutafjár í Símanum. Lagði ráðherra áherslu á að nefndin skoðaði sérstaklega m.a. kauprétt starfsmanna, sölu til almennings, kosti og galla þess að selja einum aðila umtalsverðan hlut í fyrirtækinu og meta hagkvæmni þess að skilja að einstaka þætti í starfsemi fyrirtækisins, svo sem almenna fjarskiptanetið.

Í framkvæmdanefnd um einkavæðingu eiga sæti Ólafur Davíðsson ráðuneytisstjóri, formaður, Jón Sveinsson hrl., Steingrímur Ari Arason hagfræðingur og Sævar Þór Sigurgeirsson löggiltur endurskoðandi. Hreinn Loftsson, hrl. var formaður nefndarinnar þar til 10. febrúar sl. og stýrði því verkum lengst af við undirbúning sölu hlutabréfa Landssíma Íslands hf. Starfsmenn nefndarinnar eru Skarphéðinn B. Steinarsson, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu og Guðmundur Ólason, stjórnsýslufræðingur í fjármálaráðuneytinu. Vegna undirbúnings einkavæðingar Landssíma Íslands hf. tóku Jón Birgir Jónsson, ráðuneytisstjóri í samgönguráðuneyti og Jakob Falur Garðarsson, aðstoðarmaður samgönguráðherra, sæti í nefndinni. Tengiliður nefndarinnar við Landssíma Íslands hf. var Friðrik Pálsson, stjórnarformaður fyrirtækisins. Þessi hópur hefur haldið utan um vinnu nefndarinnar við einkavæðingu Landssíma Íslands.

Eftir að samgönguráðherra hafði falið nefndinni að gera tillögur um hvernig standa skyldi að sölu hlutabréfa í Símanum ákvað nefndin að tillögur hennar skyldu settar fram í skýrslu þar sem fjallað væri um atriði sem taka þyrfti tillit til við sölu á hlutabréfum ríkisins í félaginu. Þá tók nefndin þátt í stefnumótun varðandi ýmis atriði er lúta að starfsemi fyrirtækja á fjarskiptamarkaði í samráði við samgönguráðuneytið og eftirlitsstofnanir á fjarskiptamarkaði.

Í ítarlegri skýrslu nefndarinnar sem skilað var til samgönguráðherra í lok janúar 2001 var farið yfir atriði sem hún taldi að taka þyrfti afstöðu til áður en til sölu á hlutabréfum kemur. Í skýrslunni er lýsing á stöðu Landssímans á fjarskiptamarkaði, á fjarskiptakerfi fyrirtækisins og greining á þjónustu. Lagalegt umhverfi á fjarskiptamarkaði hefur tekið miklum breytingum á undanförunum árum og er í skýrslunni gerð ítarleg grein fyrir stöðu fjarskiptafyrirtækja og almennings á fjarskiptamarkaði með tilliti til lagalegs umhverfis. Þá er einnig gerð grein fyrir samningum sem snúa að

Landssímanum og haft geta áhrif á stöðu fyrirtækisins við einkavæðingu þess. Samkeppni fyrirtækja á fjarskiptamarkaði eru gerð skil. Þá er umfjöllun um kosti og galla þess að skipta fyrirtækinu fyrir einkavæðingu.

Í tillögum sínum lagði nefndin til að hefja bæri sölu á hlut ríkisins í Landssíma Íslands hf. sem fyrst. Nefndin lagði til áfangaskiptingu sölnnar sem var lýst með eftirfarandi hætti í tillögum hennar:

**Áfangi 1.** Sem fyrr verði höfuðáhersla lögð á sölu til almennings í fyrsta áfanga. Salan verði útfærð með svipuðum hætti og við sölu á hlutabréfum í Búnaðarbanka og Landsbanka í árslok 1999. Nefndin telur ekki ástæðu til að gera upp á milli viðskiptavina Landssímans og annarra landsmanna við söluna. Þá eru ýmis rök og venja fyrir því að starfsmönnum sé boðið að kaupa hlutabréf í fyrsta áfanga sölu. Verð til almennings og starfsmanna miðist við matsverð sem fundið verði með aðstoð sérfræðinga á fjármálamarkaði. Lagt er til að sala til almennings og starfsmanna í fyrsta áfanga verði 14% heildarhlutafjár í fyrirtækinu. Þá er mælt með því að smærri og meðalstórum fjárfestum verði gefinn möguleiki á að bjóða í stærra hluti (allt að 2-3% hverjum) með tilboðssölu samhliða sölu til almennings í fyrsta áfanga. Þessi aðferð hefur verið notuð í undanförunum einkavæðingar-verkefnum og gefist vel. Lagt er til að þessi hlutur verði 10%. Fyrsti áfangi fari fram vorið 2001 og samhliða fari fram skráning hlutabréfanna á Verðbréfafingi Íslands.

**Áfangi 2.** Í öðrum áfanga verði leitað eftir kjölfestufjárfesta með það að markmiði að efla íslenska fjarskiptamarkaðinn, styrkja fyrirtækið og auka verðmæti þess við seinni sölu. Slíkur fjárfestir yrði valinn með samkeppni, t.d. með lokuðu útboði að loknu forvali. Nokkur erlend símafyrirtæki hafa lýst áhuga sínum á kaupum í Landssímanum. Gerð er tillaga um að þessi hlutur verði 25% og að salan fari fram á síðari hluta árs 2001 en jafnframt er gert ráð fyrir að þessi hlutur geti stækkað í allt að 30 - 35% í þriðja áfanga sölnnar. Að loknum öðrum áfanga einkavæðingar eigi ríkið 51% hlutabréfanna en einkaaðilar 49%.

**Áfangi 3** Lögð verði áhersla á dreifða sölu til almennings og fjárfesta í þriðja áfanga sölnnar. Umtalsverður hluti í fyrirtækinu verði boðinn til sölu á erlendum mörkuðum samhliða íslenskum markaði og gæti sú sala hafist á árinu 2002. Taka verður tillit til aðstæðna sem verða ríkjandi á hlutabréfamarkaði þegar að ákvörðun um framkvæmd og tímasetningu þriðja áfanga kemur. Einnig þarf að taka ákvörðun um stærð og umfang sölnnar og hvort hlutabréfum í félaginu (15-20%) verður haldið eftir til sölu síðar.

Eftir yfirferð málsins í ráðherranefnd um einkavæðingu var málið kynnt í ríkisstjórn sem samþykkti 26. janúar 2001 fyrirbyggjandi tillögu um fyrirkomulag sölu hlutabréfanna. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu var jafnframt falið að vinna áfram að málinu. Í því fólst m.a. að kalla til aðstoðar ráðgjafa til að vinna að framkvæmd einstakra þátta í ferlinu.

Samönguráðherra lagði í byrjun maí 2001 fyrir Alþingi frumvarp til laga um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf. Lögin voru samþykkt á Alþingi 19. maí 2001 og heimiluðu sölu á öllu hlutafé félagsins.

### III.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu ákvað að leita til innlendra og erlendra ráðgjafa um tilboð í afmarkaði verkþætti vegna framkvæmdar fyrsta og annars áfanga sölu hlutabréfanna. Gögn voru send öllum þeim ráðgjafar- og fjármálafyrirtækjum sem höfðu áður leitað til nefndarinnar og sýnt áhuga á að koma að vinnu við einkavæðingu. Þá var birt auglýsing í Morgunblaðinu þar sem vakin er athygli á þessum verkefnum þannig að allir sem uppfylla sett skilyrði gætu gert tilboð. Fram kom í gögnum að framkvæmdanefnd um einkavæðingu stefndi að því að ráða bæði innlenda og erlenda ráðgjafa til aðstoðar við einkavæðingu Landssíma Íslands hf. Var það til að tryggja að sem víðtækust þekking væri til staðar við framkvæmdina og að ekki sæti aðeins einn ráðgjafi að vinnu við einkavæðingu Símans. Áskilið var að samstarf yrði á milli þeirra innlendu og erlendu ráðgjafa sem samið væri við.

Ákveðið var að skipta ráðgjöfinni í þrjá verkþætti. Þeim var lýst með eftirfarandi hætti í útboðslýsingu sem send var til ráðgjafafyrirtækja:

1. *Verðmat.* Gerð verðmats á hlutabréfum ríkisins í Landssíma Íslands hf. Verðmatið fari fram samkvæmt hefðbundnum aðferðum og miðist m.a. við núvirt tekjustreymi, eignamat og samanburð á kennitölum m.v. sambærileg fyrirtæki. Í skýrslu sem skilað verði um verðmatið komi fram ítarleg greining á forsendum varðmats, álit á verði hlutabréfa í einstökum áföngum sölunnar ef það er mismunandi, næmigreining og annað sem máli skiptir við ákvörðun seljanda hlutabréfanna um verðlagningu. Inni í verkefninu er einnig Due dilligence úttekt á fyrirtækinu og greinargerð þar um.
2. *Skráning og sala hlutabréfa innanlands.* Í 1. áfanga sölunnar verður lögð áhersla á sölu hlutabréfa til almennings og starfsmanna Landssíma Íslands hf. Áformað er að selja 14% heildarhlutafjár í fyrirtækinu til þessara hópa. Jafnframt verði fjárfestum gefinn möguleiki á að bjóða í stærri hluti, á bilinu 2-3% hverjum, allt að 10% heildarhlutafjár. Í þessum verkþætti felst að annast skráningu á Verðbréfaþing Íslands og hafa umsjón með sölu til starfsmanna og almennings. Einnig að auglýsa eftir tilboðum og kanna réttmæti þeirra samkvæmt þeim reglum sem settar verða um útboðið. Kaupverð hlutabréfa til almennings og í tilboðssölu verður staðgreitt en starfsmönnum munu bjóðast greiðslukjör líkt og áður hefur gilt um sölu hlutabréfa til starfsmanna einkavæddra fyrirtækja.
3. *Sala til kjölfestuhluthafa.* Áformað er að selja 25% heildarhlutafjár til kjölfestufjárfestis eftir forval og lokað útboð. Ráðgert er að salan fari fram á síðari hluta árs 2001. Nánari tímasetning og skilmálar verði ákveðnir í samráði við þá ráðgjafa sem valdir verða. Verkefnið felst í að semja skilmála samkvæmt þeim óskum sem verkkaupi hefur um fyrirkomulag sölunnar, auglýsa forval, taka við erindum í kjölfar þess, gera tillögu um hverjir eiga að taka þátt í lokuðu útboði, semja skilmála og vinnureglur vegna lokaðs útboðs, taka við tilboðum, yfirfara þau og gera tillögur um hvaða tilboði skuli tekið. Verkkaupi mun sjálfur annast frágang skjala vegna sölu til kjölfestufjárfestis.



Í tilboðum sínum áttu bjóðendur að gera ítarlega grein fyrir reynslu sinni af sambærilegum verkefnum. Þá áttu þeir að gera grein fyrir tillögum sínum að fyrirkomulagi við lausn á hverjum verkþætti sem boðið var í. Tilgreint var að við mat á tilboðum yrði gefin einkunn fyrir einstaka liði og mun tillaga að lausn gilda 20%, reynsla, þekking og vinnuáætlun 30% og verðtilboð 50%. Val ráðgjafa í einstökum verkþáttum myndi byggjast á niðurstöðu þessa mats.

Mikill áhugi reyndist á verkefninu og alls stóðu 17 ráðgjafafyrirtæki, innlend og erlend, að 14 tilboðum. Samkvæmt einkunnagjöf við mat á tilboðum var tilboð PricewaterhouseCoopers (PwC) hagstæðast í verkþætti 1 og 3 en tilboð Búnaðarbanka Íslands hf. í áfanga 2. Gengið var til samninga við þessi fyrirtækin á grundvelli tilboða þeirra.

#### IV.

Þegar ráðgjafar höfðu verið valdir og gengið frá samningum við þá hófst sjálfur undirbúningur sölu hlutabréfanna. Ákveðið var að stefna að því að sala til almennings, starfsmanna Landssímans og tilboðssala til stofnanafjórfa færi fram fyrir miðjan júní 2001. Samhliða því færi fram skráning á Verðbréfaþing Íslands. Sala til kjölfestufjórfa færi fram fyrir lok ársins. Til að þessi tímaáætlun stæði þurfti að vinna rösklega að undirbúningi.

Við einkavæðingu fyrirtækja ríkisins hefur ávallt verið stefnan að skrá félögin á Verðbréfaþing Íslands. Það hefur verið raunin við einkavæðingu að fyrirtæki hækka jafnan í verði eftir að þau eru komin á markað og hefur það verið ríkjandi viðhorf þeirra sem ráða sölufyrirkomulagi við einkavæðingu að eðlilegt sé að almenningur kaupir í fyrsta áfanga þegar verðið er lægst. Samhliða sölu til almennings var því talið nauðsynlegt að skrá félagið á verðbréfaþing til að tryggja eðlileg viðskipti á eftirmarkaði. Í ljósi þessarar almennu stefnu var ákveðið að í fyrsta áfanga sölu hlutabréfa í Landssíma Íslands hf. yrði lögð áhersla á sölu til almennings og fjórfa á borð við lífeyrissjóði.

Sú aðferðafræði að selja fyrst til almennings en síðar til kjölfestufjórfa hefur verið gagnrýnd og talið að eðlilegra hefði verið að selja kjölfestufjórfa fyrst þannig að almennir hluthafar hefðu vitneskju um hver réði stefnu fyrirtækisins til frambúðar þegar þeir keyptu hlut í félaginu. Á þetta felst nefndin ekki með hliðsjón af fyrrnefndum rökum. Það lá fyrir að kjölfestufjórfa og það verð sem hann greiddi fyrir hlut í félaginu tæki mið af framtíðarverðmætaaukningu hlutabréfanna og að áherslur slíks aðila myndu skila sér í ávinningi ríkisins og annarra hluthafa.

Ríkið yrði stærsti hluthafi félagsins eftir fyrstu tvo áfanga einkavæðingar þess. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu er enn á þessari sömu skoðun.

#### V.

Úttekt á rekstri Landssíma Íslands hf. og verðmat á hlutabréfum fyrirtækisins fór fram með hefðbundnum hætti og í samræmi við verklagsreglur um framkvæmd einkavæðingar sem samþykktar voru í ríkisstjórn 9. febrúar 1996. Þar segir í 3. tl.:

*Áður en viðkomandi ráðuneyti tekur ákvörðun um formbreytingu eða sölu fyrirtækis fer fram ítarleg úttekt á rekstri fyrirtækis og rekstrarumhverfi þess og*

*hvernig einkavæðing hefur áhrif á þessa þætti. Slík úttekt skal vera á vegum einkavæðingarnefndar. Markaðsvirði fyrirtækisins skal metið í úttektinni. Við mat á markaðsvirði skal áætlað framtíðartekjuflæði núvirt. Öðrum aðferðum skal einnig beitt til samanburðar. Úttektin á að tryggja fullnægjandi upplýsingar um stöðu fyrirtækis áður en sala er ákveðin.*

Við verðmatið var fyrst og fremst stuðst við aðferð sem miðar að því að núvirða áætlað sjóðstreymi félagsins til framtíðar. Til grundvallar því er lögð langtímaáætlun fyrirtækisins og áætlun um almenna þróun á þeim markaði sem það starfar á.

Verðmatið var unnið af sérfræðingum PwC í London og Reykjavík. Vinna við verðmatið hófst í byrjun apríl og var verðmatsskýrslu skilað til framkvæmdanefndar um einkavæðingu síðari hluta maí. Endurskoðaðri skýrslu var skilað í ágúst eftir að sölu hafði verið frestað um vorið.

Auk verðmatsins skilaði PwC ítarlegri skýrslu um athugun sína á Landssíma Íslands hf., svokallaða due-diligence athugun. Í því felst að allar skuldbindingar, réttindi og skyldur félagsins eru kannaðar og lagt mat á stöðu þess. Skýrslan var uppfærð í lok sumars með sama hætti og verðmatið.

Niðurstaða verðmats PwC var að verðmæti eigin fjár Landssímans væri á bilinu 42.973 m.kr. til 47.154 m.kr. Meðaltal þess væri 45.064 m.kr. Þetta jafngilti að gengi hlutabréfa samkvæmt verðmatinu væri 6,08 til 6,68 og meðaltalið 6,38. Ákveðið var að verðleggja hlutabréfin í útboðinu miðað u.þ.b. 10% afslátt frá meðalgenginu, á genginu 5,75. Var þessi afsláttur talinn hæfilegur til að tryggja almenningi sem tæki þátt í útboðinu þann ávinning sem væri hæfilegur. Engin fordæmi væru fyrir að ganga lengra í afslætti hér á landi og þar sem verið væri að selja eigur ríkisins væri einnig óvarlegt að ganga lengra en þetta. Í verðmati PwC var gætt varfærni við forsendur helstu áætlana þannig að gera mátti ráð fyrir að markaðurinn myndi meta verðmæti hærra en gert var í verðmatinu.

## VI.

Eins og fyrr er greint frá var stefnt að sölu til almennings og tilboðssölu til stofnanafjárfesta vorið 2001. Ráðgert var að sala færi fram um miðjan júní. Viðamikil undirbúningsvinna var innan Símans og hjá Búnaðarbanka Íslands hf. auk þeirrar vinnu sem unnin var á vegum PwC.

Þegar nær dró var hins vegar ljóst að tími til alls nauðsynlegs undirbúnings var nokkuð knappur og því ákveðið að fresta sölu til haustsins. Allt frá því tillögur framkvæmdanefndar um einkavæðingu komu fram í janúar 2001 var ljóst að tími til undirbúnings sölu vorið 2001 væri stuttur. Allt þyrfti að ganga að óskum ef af sölu ætti að verða. Söluheimild Alþingis og verðmat lá fyrir auk þess sem undirbúningur skráningar á Verðbréfaþing Íslands og áskriftarsölu var langt á veg kominn. Ýmsir aðrir þættir voru ekki eins hagstæðir. Mikil óvissa var á fjármálamarkaði um þessar mundir, gengi krónunnar var óstöðugt og lítil viðskipti á hlutabréfamarkaði. Þá hafði ESA ekki enn afgreitt mál er þar var til meðferðar og varðar ríkisstuðning í tengslum við stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar. Niðurstaða ESA gat allt eins orðið sú að ekki hafi verið nógu langt gengið þegar ákveðið var sumarið 2000 að hækka verð þeirra eigna sem ríkið lagði félaginu til við formbreytingu. Þá var ýmislegt

í innra starfi fyrirtækisins með þeim hætti að bæta þurfti úr. Má sérstaklega nefna áætlunargerð og kaup á hlutabréfum í ýmsum félögum. Auk alls þessa var talið að frekari kynning á sölunni væri æskileg.

Við undirbúning fyrsta áfanga sölunnar leitaði framkvæmdanefnd um einkavæðingu til Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um ráðgjöf vegna tímasetninga. Í álit Hagfræðistofnunar dags. 7. maí 2001 kom fram að í ljósi almennrar efnahagsþróunar m.a. falli króunnar og þróun hlutabréfamarkaðar, væru tvær leiðir færar. Annars vegar að fresta sölunni eða auka sveigjanleika í sambandi við sölufyrirkomulag. Frestun gæti gefið meiri tíma til undirbúnings en fæli einnig í sér áhættu þar sem seinkun fæli í sér áhættu á að hægt gæti á öllu sölufurlinu. Fram kom í greiningu Hagfræðistofnunar að þrátt fyrir óróa í gengismálum væri Landssíminn eftirsóknarverður kostur fyrir langtímafjárfesta sem ættu ekki að láta skammtímaóróa hafa áhrif á sig.

Í ljósi framangreinds lagði framkvæmdanefnd um einkavæðingu til að áskriftarsölu, sölu til starfsmanna Símans og tilboðssölu væri frestað til haustsins og færi fram 19. til 21. september. Þá gæfist betri tími til að kynna framtíðaráform fyrirtækisins og söluna fyrir almenningi. Áfram yrði þó unnið að undirbúningi sölu til kjölfestufjárfestis og hefði þessi breyting ekki hafa áhrif þar á. Ráðherranefnd um einkavæðingu samþykkti þessa breyttu tímasetningu.

## VII.

Sú stefna var mörkuð að eftir fyrstu tvo áfanga sölu hlutafjár í Landssímanum ætti ríkið rúman meirihluta félagsins eða 51%. Þegar kjölfestufjárfestir hefði svo nýtt sér kauprétt á 10% til viðbótar færi eignarhlutur ríkisins undir helming. Við nánari útfærslu var ákveðið að starfsmönnum og almenningi stæði til boða að kaupa 16%, í tilboðssölu skyldi selja 8% og 25% í kjölfestusölu með kauprétti á 10% til viðbótar. Nafnverð og lágmarkssöluverð í þessum fyrsta hluta sölunnar var eins og sýnt er í töflunni hér að neðan:

Áskriftir	%	Nafnverð	Söluverð
Almennur hluti og starfsmenn	16	1.125.831.275	6.473.529.831
Tilboðshluti	8	562.915.638	3.236.764.919
<b>Samtals</b>	<b>24</b>	<b>1.688.746.913</b>	<b>9.710.294.750</b>

Frá upphafi var gert ráð fyrir að starfsmönnum Landssímans stæði til boða að kaupa hlutabréf á sambærilegum kjörum og starfsmönnum annarra fyrirtækja sem hafa verið einkavædd á undanförunum árum. Þannig væri þeim boðið að greiða 10% við kaup en dreifa svo greiðslum á þrjú ár, án vaxta og verðtryggingar. Hlutabréfin væru höfð að handveði þar til þau væru að fullu greidd. Með sama hætti var gert ráð fyrir að sala til starfsmanna fyrirtækisins færi fram samhliða sölu til almennings. Nokkuð var rætt um það í undirbúningi sölu hlutabréfanna að fyrirtækið keypti sjálft hlutabréf sem það byði starfsmönnum til kaups í kaupréttarkerfi sem verið hafði í þróun hjá félaginu. Hefði verið um nýbreytni að ræða ef svo hefði verið. Ekkert varð þó af því að bjóða hlutabréf í kaupréttarkerfi að þessu sinni en að því stefnt að gera það

síðar og að fyrirtækinu stæði þá til boða að kaupa hlutafé af ríkinu til að standa að slíkum samningum við starfsmenn.

Ákveðið var að sala til almennings og sala til starfsmanna yrði samtals 14% af heildarhlutafé félagsins. Miðað við þá skilmála sem ákveðnir voru gátu starfsmenn keypt u.þ.b. 1% af heildarhlutafé félagsins og almenningur um 13%.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu tók til skoðunar að bjóða almenningi að dreifa greiðslum á allt að eitt ár. Lausafjárstaða bankakerfisins var slæm um þessar mundir þannig að ekki var aðgengilegt fyrir kaupendur hlutafjár að leita eftir fjármögnun hjá bönkum nema gegn háum vöxtum. Þá mátti gera ráð fyrir að einhverjir kaupendur ætluðu sér að selja önnur hlutabréf til að fjármagna kaup á hlutabréfum í Landssímanum. Í ljósi þess hversu þungur hlutabréfamarkaður var þótti líklegt að það gæti tekið einhvern tíma fyrir fjárfesta að losa önnur bréf. Ákveðið var í samstarfi við Búnaðarbanka Íslands að bjóða almenningi greiðsludreifingu.

Tilboðssalan var útfærð þannig að hverjum og einum var heimilt að bjóða í allt að 150 m.kr. að nafnvirði eða um 2% af heildarhlutafé í félaginu. Staðgreiða skyldi kaup í tilboðshluta sölunnar.

Nánar er fjallað um skilmála og fyrirkomulag fyrsta áfanga sölunnar í útboðs- og skráningarlýsingu félagsins.

## VIII.

Sala til almennings og starfsmanna og tilboðssala gekk ekki eins og vonir stóðu til. Þegar niðurstaða lá fyrir eftir áskriftartímamann 19. til 21. september höfðu 2.588 skráð sig fyrir hlut. Skipting þeirra var með eftirfarandi hætti:

Áskriftir	Fjöldi	Nafnvirði	Söluvirði	Staðgreitt	Greiðsludreifing	Samtals
Almennur hluti	1.956	184.382.738	1.060.200.744	894.011.974	166.188.770	1.060.200.744
Starfsmenn	613	27.601.660	158.709.545		158.709.545	158.709.545
Tilboðshluti	19	152.294.869	879.203.483	879.203.483		879.203.483
<b>Samtals</b>	<b>2.588</b>	<b>364.279.267</b>	<b>2.098.113.772</b>	<b>1.773.215.457</b>	<b>324.898.315</b>	<b>2.098.113.772</b>

Samkvæmt þessu var árangur sölunnar þannig að aðeins seldist um fimmtungur þess hlutafjár sem boðið var til sölu. Kaupendur höfðu skráð sig fyrir um 5% hlutafjár í félaginu.

Margar ástæður hafa verið nefndar fyrir því að ekki tókst betur til með sölu en þetta. Þrjár ástæður voru fyrirferðarmestar í umræðunni. Í fyrsta lagi er að nefna þá hörmulegu atburði sem voru nokkrum dögum áður í Bandaríkjunum þegar gerðar voru hryðjuverkaárásir í New York og Washington. Við þessa atburði dró mjög úr viðskiptum á fjármálamörkuðum alls staðar í heiminum. Áhrif þessara atburða voru miklu mun meiri en gera mátti sér í hugarlund. Í öðru lagi kom upp umræða um að verð hlutabréfa í Símanum væri of hátt. Umræðan var með þeim hætti að hún fældi almenning sannanlega frá kaupum. Í þriðja lagi var og hafði verið um nokkurn tíma erfitt ástand á innlendum fjármálamarkaði sem m.a. orsakaðist af ótryggu gengi krónunnar.

Þegar hryðjuverkin voru afstaðin í Bandaríkjunum kom til umræðu hjá framkvæmdanefnd um einkavæðingu að fresta sölu hlutabréfanna. Það var hins

ákveðið að gera það ekki. Ástæður þess voru að salan hafði verið vandlega undirbúin og allt til reiðu að hefja hana. Ýmis merki voru um að hlutabréfamarkaður hér á landi væri að taka við sér og almennt talið að svo umfangsmikil einkavæðing sem hér var á ferðinni myndi hafa jákvæð áhrif þar á enda um stórt og öflugt fyrirtæki að ræða sem verið var að selja. Enginn gerði sér grein fyrir þeim afleiðingum sem atburðirnir í Bandaríkjunum myndu hafa á sölu. Samhliða undirbúningi fyrsta áfanga var hafinn undirbúningur að söluferli vegna væntanlegs kjölfestufjórðings. Ljóst var að ef fyrsta áfanga hefði verið frestað hefði annaðhvort komið til frestunar á fyrirhugaðri sölu til kjölfestufjórðings eða sá áfangi hefði farið fram á undan fyrsta áfanga. Að mati nefndarinnar var það mjög óheppileg þróun þar sem vilji stóð til þess að veita almenningi og stofnanafjórðingum fyrst tækifæri til að fjárfesta í félaginu. Í fyrrnefndu álit Hagfræðistofnunar kom fram sú skoðun sérfræðinga að mikilvægt væri í samningum við erlenda aðila að trúverðugt markaðsvirði hefði myndast á innlendum markaði og það minnkaði líkurnar á því að stjórnvöldum yrði legið á hálsi að láta þjóðareignir til útlendinga fyrir lítið. Jafnframt töldu sérfræðingarnir að verðmæti fyrirtækisins myndi aukast við innkomu kjölfestufjórðings og því væri mikilvægt að víxla ekki á milli fyrsta áfanga og annars áfanga og að gefa nægan tíma til verðmyndunar.

Umræða um að hlutabréfin í Símanum væru of hátt verðlögð var áberandi á þessum tíma. Fóru þar fremst í flokki greiningardeildir fjármálafyrirtækja, lífeyrissjóðir, aðilar sem sýnt höfðu áhuga á að kaupa stóra hluti í Símanum og stjórnarandstaðan á Alþingi. Eins og rakið er að framan var staðið að verðmati með þeim hætti sem reglur gera ráð fyrir. Þegar verðmat PwC lá fyrir var leitað til Búnaðarbanka Íslands hf. um yfirferð á verðmatinu. Samkvæmt skýrslu bankans var ekki gerð athugasemd við þá aðferðafræði sem notuð var við verðmatið. Nokkrar ábendingar komu en þær höfðu ekki afgerandi áhrif á niðurstöðuna. Með þetta tvennt í farteskinu var nefndinni ómögulegt að lækka verð hlutabréfanna til að mæta væntingum á hlutabréfamarkaði. Hlutfé Símans var til sölu á því verði sem ákveðið var með þeim aðferðum sem viðurkenndar eru og reglur hafa verið mótaðar um hjá ríkinu. Ef hlutfjárkaupendur hefðu ekki áhuga á þessum kaupum þá var ekki um annað að ræða fyrir ríkið en halda áfram að eiga fyrirtækið.

Þegar leitað var eftir samþykki stjórnar Verðbréfaþings Íslands á skráningu hlutabréfa Landssímans á Aðallista þingsins var það gert að skilyrði að það þyrfti að selja a.m.k. 15% hlutfjár. Það gekk ekki eftir. Var því nokkru síðar leitað eftir skráningu á Tilboðsmarkað þingsins og var það samþykkt. Tilgangur þeirrar skráningar var að þó ekki hefði tekist að fá skráningu með þeim hætti sem stefnt var að þá var tryggt að fram að því að þessi 15% næðust færu viðskipti fram á opnum viðurkenndum markaði. Það var samdóma álit stjórnenda Símans og framkvæmdanefndar um einkavæðingu að það væri ákjósanlegt fyrir hluthafa félagsins að haga málum með þeim hætti.

Vegna niðurstöðu í útboðinu kusu margir þeirra sem skráðu sig fyrir hlutfé í Símanum að standa ekki við áskriftirnar. Lýsti nefndin því yfir í kjölfarið að ekki yrði gengið hart fram í innheimtu greiðslna þar sem forsendur væru að ákveðnu marki breyttar. Í uppgjöri sem barst frá Búnaðarbankanum í janúar sl.

kemur fram hvernig endanleg skil voru. Í töflunni hér að neðan er það nánar sundurliðað:

Greiðslustaða 08.01.2002	Söluverð		
	Greitt	Ógreitt	Samtals
Alm. hluti, staðgreiðsla	287.206.198	606.805.776	894.011.974
Greiðsludreifing	40.786.923	284.111.392	324.898.315
Tilboðshluti	588.453.483	290.750.000	879.203.483
<b>Samtals</b>	<b>916.446.604</b>	<b>1.181.667.168</b>	<b>2.098.113.772</b>

Það sem greitt hefur verið jafngildir því að 2,26% hlutfjár Landssíma Íslands hf. sé í eigu annarra en ríkisins.

## IX.

Samhliða sölu hlutabréfa til almennings og starfsmanna og tilboðssölu innanlands hefur verið unnið að sölu til kjölfestufjárfestis. PwC hefur annast umsjón með því sölufarli.

Ákveðið var að söluferrillinn yrði með eftirfarandi hætti:

Skilgreining á hvernig fjárfesti væri verið að leita að sem væri ákjósanlegur fyrir Símann og fjarskiptamarkaðinn hér á landi. Ákvörðun um réttindi og skyldur sem kjölfestufjárfesti stæðu til boða hjá Símanum.

Útbúið stutt kynningarrit um Landssímann þar sem farið var í stuttu máli yfir rekstur fyrirtækisins, rekstrarumhverfi á Íslandi og fyrirkomulag sölunnar. Bæklingnum var dreift til allra þeirra sem PwC taldi koma til greina sem kjölfestufjárfestar í Símanum. Þá var birt í júlí 2001 auglýsing í Financial Times þar sem allir þeir sem höfðu áhuga voru hvattir til að gefa sig fram við PwC.

Á grundvelli kynningarritsins áttu áhugasamir að senda inn tilkynningu til PwC eigi síðar en 24. september 2001.

Þeir sem uppfylltu skilyrði og undirrituðu nauðsynlegar trúnaðaryfirlýsingar gafst kostur á að fá svokallaða upplýsingaskýrslu. Í henni var með ítarlegum hætti farið yfir rekstur Símans í fortíð, nútíð og framtíð. Þá var farið yfir rekstrarumhverfi fyrirtækisins. Skýrslan var útbúin af PwC í samvinnu við Símann og framkvæmdanefnd um einkavæðingu.

Á grundvelli upplýsingaskýrslunnar áttu þeir sem áhuga höfðu á að skila inn til PwC síðari hluta október 2001 því sem kallað var óbindandi verðtilboði.

Af þeim sem skiluðu óbindandi verðtilboði yrði takmörkuðum fjölda áhugasamra aðila boðið að fá frekari upplýsingar um Landssíma Íslands í gegnum kynningar, heimsóknir og kostngæfnisathuganir (due diligence). Á grundvelli þeirra athugana gætu þeir svo gert bindandi lokatilboð.

Gengið yrði til samninga við þann sem biði best.

Það var mat stjórnvalda að í því fælist verulegur ávinningur fyrir Landssímann og jafnframt fjarskiptamarkaðinn hér á landi að öflugur kjölfestufjárfestir fengist að fyrirtækinu. Með því móti væri rekstur félagsins styrktur með aukinni þekkingu og styrk. Fjarskiptamarkaðurinn á Íslandi er lítill samanborið við önnur lönd og æskilegt að tengjast erlendum fyrirtækjum í sams konar

rekstri með beinum hætti. Ákveðið var að setja þrjú skilyrði fyrir því að koma til greina sem kjölfestufjórðing. Þessi skilyrði voru:

Að vera með í viðskiptum a.m.k. eina milljón viðskiptavina í fastlínu- eða farsímakerfi.

Velta af símarekstri væri ekki undir einum milljarði Bandaríkjadala.

Engin eignaraðild í fastlínu- eða farsímarekstri á Íslandi.

Til að auka áhuga fjárfesta og tryggja að sá fjárfestir sem yrði kjölfestufjórðing í Landssímanum myndi einbeita sér að stjórnun fyrirtækisins var ákveðið að gefa fyrirheit um að svo lengi sem kjölfestufjórðingurinn og ríkið ættu meirihluta hlutafjár í félaginu myndi ríkið haga atkvæðagreiðslu sinni á hluthafafundum með þeim hætti að kjölfestufjórðingurinn hefði meirihluta stjórnarmanna. Þetta átti þó að vera háð skilyrðum sem sett yrðu fram í samningi aðila. Þar átti m.a. að kveða á um skyldur fjórðingisins gagnvart félaginu varðandi þekkingu og samlegðaráhrif með öðrum rekstri sínum. Ef þessum skyldum yrði ekki mætt eða ef kjölfestufjórðingurinn stæði ekki við þær almennu skyldur sem lagðar væru á félagið af yfirvöldum fjarskiptamála eða samkeppnismála myndi þessi stuðningur í stjórnarkjöri falla niður. Þá var það einnig skýrt að ríkið hygðist halda áfram sölu hlutabréfa þannig að það kæmi að því fyrr en seinna að þessi sameiginlegi meirihluti yrði ekki til staðar öðruvísi en þannig að kjölfestufjórðingurinn keypti sjálfur hlutabréf á markaði.

Með þeim skilyrðum sem sett voru um rekstrarumfang kjölfestufjórðingis var ætlunin að tryggja nauðsynlegan styrk til að standa undir þeim væntingum sem gerðar voru til hans. Þá var af samkeppnisástæðum útilokað að fyrirtæki sem þegar væri með starfsemi hér á landi kæmist í þá stöðu að verða kjölfestufjórðingur í Símmum. Einkavæðing á að leiða til aukinnar samkeppni en ekki til þess að úr henni dragi.

## X.

Viðamikili kynningarstarf fór fram á Landssíma Íslands á meðal mögulegra fjárfesta. PwC annaðist þá kynningu og naut m.a. til þess skrifstofa fyrirtækisins um allan heim. Þá var haft samband við og sent kynningarefni á alla þá sem kunnu að hafa áhuga á fyrirtækinu. Haldnir voru tíu kynningarfundir fyrir fjárfesta í Reykjavík og London þar sem starfsemi fyrirtækisins var kynnt. Á þeim fundum voru auk fulltrúa PwC stjórnendur Landssímans og fulltrúi framkvæmdanefndar um einkavæðingu.

Þegar frestur til að skila þátttökutilkynningum rann út höfðu borist 17 tilkynningar til PwC. Þessar tilkynningar voru frá eftirfarandi fyrirtækjum: TeleDanmark í Danmörku, Telenor í Noregi, Telesonique í Sviss, Detecon (dótturfyrirtæki Deutsche Telekom) í Þýskalandi, Maltacom plc. á Möltu, Western Wireless Corp. og Norðurljós samskiptafélag hf. í Bandaríkjunum og á Íslandi, Opin kerfi hf. á Íslandi, Hringiðan hf. á Íslandi, Guðmundur Franklín Jónsson í Bandaríkjunum, Schroders Ventures í Bretlandi, Alacre í Bandaríkjunum, Apex Partners í Bretlandi, Soros Privat Equity Partners í Bretlandi, Spectrum Equity Partners í Bretlandi, JP Morgan Partners í Bretlandi, Providence Equity í Bretlandi og Fay Ritchwhite/Berkshire Partners í Sviss.

Þó að það skilyrði væri skýrt að kjölfestufjórðingir þyrfti vera með umfangsmikinn símarekstur á sínum vegum var fjórðingum heimilt að skila inn þátttökutilkynningum án þess að þeir uppfylltu strangt til tekið þau skilyrði. Það lá fyrir að þegar kæmi að síðari stigum ferilsins þyrftu þeir að hafa gengið svo frá málum að skilyrði væru uppfyllt og gæti það m.a. verið með þeim hætti að stofnað yrði félag með símafyrirtækjum eða öðrum sem uppfylltu öll skilyrði.

Eftir yfirferð PwC var ákveðið að bjóða 11 fjórðingum að fá upplýsingaskýrslu til að undirbúa óbindandi tilboð. Eftir undirritun trúnaðaryfirlýsinga var þeim send skýrslan. Eftirtaldir fengu senda skýrslu: TeleDanmark, Telenor, Maltacom, Telesonique, Detecon, Apax Partners, Fay Ritchwhite/Berkshire Partners, Opín kerfi, Providence Equity, Schrodgers Ventures og Spectrum Equity.

Á grundvelli upplýsingaskýrslunnar sendu sjö inn óbindandi tilboð eða önnur viðbrögð við frekari framgangi söluferlisins. Þeir voru: TeleDanmark, Telenor, Maltacom, Opín kerfi, Providence Equity, Schrodgers Ventures og Hringiðan.

Að fengnum tillögum PwC ákvað framkvæmdanefnd um einkavæðingu að bjóða þremur að fá aðgang að frekari upplýsingum til taka þátt í næsta áfanga ferilsins sem kallaður var bindandi lokatilboð. Þessir fjórðingar voru: TeleDanmark, Providence Equity og Maltacom. Samkvæmt upplýsingum PwC höfðu þessir aðilar þrír allir gert grein fyrir áformum sínum og samstarfi við aðra með þeim hætti að það var talið fullvíst að þeir uppfylltu þau skilyrði sem sett höfðu verið um að gerast kjölfestufjórðingar í Landssímanum.

Frestur til að skila inn lokatilboðum rann út í dagslok 7. desember 2001. Tvo tilboð bárust. Tilboðin voru frá TeleDanmark (TDC) og Providence. Tilboðin fólu í sér þrjá efnisþætti eins og gert var ráð fyrir í forskrift söluferilsins, þ.e.a.s. verð, lýsingu á áformum um áherslur í rekstri og mögulega kosti samlegðaráhrifa í samstarfi Símans við önnur símafyrirtæki. Eftir að tilboðin bárust var farið yfir innihald þeirra í samráði við PwC. Til viðbótar við tilboðin bárust nefndinni bréf frá báðum aðilum og á grundvelli þeirra og upphaflegra tilboða var ákveðið að ganga til viðræðna við TDC. Ákveðið var að viðræðurnar hæfust í janúar.

Tilboð TDC tiltók annars vegar við það verð sem að óbreyttu átti að greiða fyrir hlutabréfin og hins vegar ítarlega upptalningu á atriðum sem bjóðandinn taldi að þyrfti að ræða frekar eða fá skýringar stjórnvalda á. Þegar tilboð eru gerð í viðskiptum sem þessum er sjaldnast um að ræða bein og fyrirvaralaus tilboð eins og þekkist í smærri og einfaldari viðskiptum.

## XI.

Fyrsti viðræðufundur við TDC fór fram í London 8. og 9. janúar. Viðræðurnar voru vandlega undirbúnar af PwC og fóru fram undir stjórn ráðgjafarfyrirtækisins. Í lok fundarins var ljóst að nokkuð bæri á milli í verði þegar tillit var tekið til þeirra atriða sem sett voru fram í tilboði TDC. Fulltrúar framkvæmdanefndar um einkavæðingu voru ekki reiðubúnir að ganga til móts við allar óskir TDC um þætti sem stjórnvöld gátu haft áhrif á og snéru að fyrirtækinu og rekstrarumhverfi þess. Farið var vandlega yfir forsendur



verðmats beggja aðila. TDC taldi að til að hækka það verð sem fyrirtækið var reiðubúið til að greiða fyrir bréfin yrðu forsendur að breytast frekar og vísaði þá til útkomu ársins 2001 og rekstraráætlana komandi ára. Það lá þá þegar fyrir að breytingar yrðu á þeim tölum frá því sem áður var gert ráð fyrir og komið hafði fram í þeim gögnum sem TDC hafði haft aðgang að. Ákveðið var að ræðast næst við þegar þessar tölur væru tilbúnar en vera fram að því í sambandi með milligöngu PwC.

Lítið þokaðist í viðræðum PwC við TDC og fór svo að ákveðið var í byrjun febrúar að kanna aðra möguleika. Var TDC tilkynnt um það. Tilgangurinn með þessu var annars vegar að geta útilokað aðra möguleika með því að ræða við þá aðila sem sýnt höfðu áhuga á kaupum í Landssímanu þ.e. Providence og hugsanlega fleiri. Hins vegar var tilgangurinn að ítreka við TDC það sem áður hafði komið fram á fundum nefndarinnar með þeim að ef ekki yrði gengið að skilmálum stjórnvalda í tengslum við verð yrði ekkert af sölu hlutabréfanna að þessu sinni.

Á öllum þeim fundum sem framkvæmdanefnd um einkavæðingu hefur haldið með mögulegum fjárfestum og í öllum þeim samtölum sem PwC hefur átt við þá sem sýnt hafa kaupum á fyrirtækinu áhuga, hefur komið fram að stjórnvöld á Íslandi muni ekki selja hlutabréf í Landssímanum á gengi sem er lægra en 5,75 enda liggi fyrir ítarlegt verðmat fyrirtækisins sem styðji það. Ríkið sé ekki nauðbeygt til að selja og því komi ekki til greina að víkja frá þessari verðlagningu. Ef ekki seljist á ásættanlegu verði muni ríkið áfram eiga hlutabréfin þar til aðstæður batna á markaði.

## XII.

Allt frá því að framkvæmdanefnd um einkavæðingu kaus að ganga til viðræðna við TDC og þar til ákveðið var að skoða aðra möguleika lá fyrir að Providence Equity hafði áhuga á að kanna með viðræðum við framkvæmdanefnd um einkavæðingu hvort ná mætti saman um kaup þeirra á kjölfestuhlutnum. Þegar TDC hafði verið tilkynnt um breytt fyrirkomulag viðræðna voru haldnir fundir með Providence þar sem farið var yfir hugmyndir um kaup á hlutabréfum ríkisins í Símanum. Fram hafði komið að fyrirtækið var tilbúið að kaupa stærri hlut en boðinn hafði verið til kaups og helst meirihluta hlutafjár.

Eftir ítarlega yfirferð með Providence var ljóst að ekki myndi nást niðurstaða sem báðir aðilar gætu sætt sig við. Hugmyndir Providence voru m.a. að kaupa um fjórðung nú þegar og eiga svo kauprétt á hlutabréfum síðar á herra gengi. Þegar tölurnar voru núvirtar var hins vegar ljóst að nokkuð bar á milli. Lauk því þeim viðræðum.

Boðað var til fundar með TDC 22. febrúar og var á þeim fundi kynntar helstu stærðir í afkomutölum ársins 2001 og endurskoðaðri áætlun 2002. Á fundinum kom fram að nokkuð bæri enn á milli. Ákveðið var að eiga símafund nokkru síðar og fara frekar yfir málin enda fyrirhugaður stjórnarfundur hjá TDC sem færi frekar yfir þetta mál.

Í gær, 28. febrúar 2001, kom svo fram að ekki gæti orðið af samningum milli ríkisins og TDC og var viðræðum því slitið með formlegum hætti.

*Reykjavík, 1. mars 2002*

### 3.2. Verklagsreglur um einkavæðingu

Verklagsreglur um framkvæmd einkavæðingar, samþykktar af ríkisstjórn Íslands 9. febrúar 1996.

Í því skyni að samræma vinnubrögð og tryggja faglegan undirbúning að sölu ríkisfyrirtækja var á fundi ríkisstjórnarinnar hinn 9. febrúar 1996 fallist á svohljóðandi reglur um verklag við framkvæmd einkavæðingar.

#### 1. Yfirstjórn.

Yfirstjórn einkavæðingar er í höndum ríkisstjórnar og fjögurra manna ráðherranefndar á hennar vegum. Í ráðherranefndinni eiga sæti forsætisráðherra, utanríkisráðherra, fjármálaráðherra og iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Á vegum ráðherranefndar starfar framkvæmdanefnd (framkvæmdanefnd um einkavæðingu) sem annast undirbúning og samræmingu verkefna á sviði einkavæðingar. Skal nefndin hafa yfirumsjón með breytingu ríkisfyrirtækja í hlutafélög, sölu ríkisfyrirtækja, ríkiseigna, sölu eignarhluta ríkisins í öðrum fyrirtækjum svo og útboðum á verkefnum og þjónustu á vegum ríkisins og ríkisstofnana. Í framkvæmdanefndinni sitja fulltrúar framangreindra ráðherra. Þegar til umfjöllunar eru einstök einkavæðingarverkefni kemur fulltrúi viðkomandi ráðuneytis inn í nefndina. Með framkvæmdanefndinni starfa 2 - 3 starfsmenn fjármálaráðuneytisins.

#### 2. Samræming.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu skal sjá til þess að fyllsta samræmis sé gætt við einkavæðingu, t.d. við breytingu ríkisfyrirtækis í hlutafélag, hvað varðar réttindamál starfsmanna og við sölu.

#### 3. Úttekt.

Áður en viðkomandi ráðuneyti tekur ákvörðun um formbreytingu eða sölu fyrirtækis fer fram ítarleg úttekt á rekstri fyrirtækis og rekstrarumhverfi þess og hvernig einkavæðing hefur áhrif á þessa þætti. Slík úttekt skal vera á vegum einkavæðinganeftdar. Markaðsvirði fyrirtækisins skal metið í úttektinni. Við mat á markaðsvirði skal áætlað framtíðartekjuflæði núvirt. Öðrum aðferðum skal einnig beitt til samanburðar. Úttektin á að tryggja fullnægjandi upplýsingar um stöðu fyrirtækis áður en sala er ákveðin.

#### 4. Auglýsingar.

Fyrirtæki, sem til stendur að selja, skulu ávallt auglýst almenningi til kaups þannig að öllum sem áhuga hafa sé tryggður jafn réttur til að bjóða í þau.

#### 5. Söluaðferð.

Viðkomandi ráðuneyti ákveður að fengnum tillögum framkvæmdanefndar um einkavæðingu, hvaða söluaðferð skuli viðhöfð hverju sinni, þ.e. hvort fyrirtæki

skuli selt samkvæmt almennu hlutafjárútboði eða hvort leita skuli tilboða í fyrirtækið.

#### 6. Sala.

Við sölu á fyrirtæki samkvæmt tilboði skal meta tilboð til staðgreiðsluverðs miðað við ávöxtunarkröfu í síðasta útboði spariskírteina. Þá skal meta sérstaklega þær tryggingar sem tilboðsgjafi leggur fram til tryggingar greiðslu. Taka skal því tilboði sem gefur öruggustu greiðslurnar og hæsta staðgreiðsluverðið sbr. þó 8. tölulið. Hafna skal öllum tilboðum ef þau eru talin ófullnægjandi.

Við sölu á fyrirtækjum samkvæmt almennu hlutafjárútboði skal gengi hvers hlutabréfs vera fastákveðið. Ef eftirspurn reynist meiri en framboð skulu hlutabréf seld í þeirri tímaröð sem staðfestar óskir um kaup bárust, sbr. þó 8. tölulið.

#### 7. Verðbréfafyrirtæki.

Úttekt á fyrirtækjum, sbr. 3. tölul., ráðgjöf og umsjón með sölu, sbr. 5. og 6. tölul., skal unnin af löggiltum verðbréfafyrirtækjum ásamt þeim ráðgjöfum sem þau kalla til. Verðbréfafyrirtæki skulu valin af viðkomandi ráðuneyti að fengnum tillögum framkvæmdanefndar um einkavæðingu að undangengnu útboði, sem nefndin annast, þar sem þjónusta og verð er skilgreint.

#### 8. Takmarkanir á sölu til einstakra aðila.

Heimilt er að setja hámark á hlutafjárkaup hvers aðila, eða fjárhagslega tengdra aðila, til að dreifa eignarhaldi að fyrirtækjum sem seld eru samkvæmt almennu hlutafjárútboði. Heimilt er að hafna tilboði frá aðilum ef sala til þeirra er líkleg til að draga úr virkri samkeppni á þeim markaði sem fyrirtækið starfar svo og ef sala með þeim hætti samræmist ekki settum markmiðum þannig að líklegt sé að atvinnugreinin bíði skaða af. Erlendir aðilar eiga rétt á að kaupa fyrirtæki innan ramma laga um fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi.

#### 9. Sérrettindi ríkisfyrirtækja.

Afnema skal öll lögboðin sérrettindi fyrirtækis áður en það það er selt. Engir samningar sem kveða á um sérrettindi fyrirtækis til að annast þjónustu við ríkisstofnanir skulu fylgja sölu. Á sama hátt skal afnema allar kvaðir um að fyrirtæki veiti þjónustu á niðurgreiddu verði eða endurgjaldslaust. Samkeppnisráð og Samkeppnisstofnun hefur eftirlit með einkavæddum fyrirtækjum í samræmi við samkeppnislög.

#### 10. Frávik.

Viðkomandi ráðuneyti getur að fenginni tillögu framkvæmdanefndar um einkavæðingu samþykkt frávik frá ofangreindum reglum, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Greina skal frá öllum slíkum frávikum í ríkisstjórn áður en þau koma til framkvæmda svo og opinberlega að lokinni þeirri umfjöllun.

### 11. Upplýsingar.

Viðkomandi ráðuneyti skal veita upplýsingar til fjölmiðla og annarra aðila um stöðu einkavæðingarverkefna á þeirra sviði eins skjótt og kostur er. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu skal annast almenna kynningu á einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar. Framkvæmdanefnd skal gefa út ársskýrslu um einkavæðingu, þar sem greint er frá fyrirtækjum sem ríkissjóður hefur selt og hvernig staðið var að sölu þeirra. Í skýrslunni skal jafnframt getið áforma um breytingu ríkisfyrirtækja í hlutafélög, sbr. 2. og 3. tölulið.

### 12. Gildissvið.

Reglur þessar koma í stað samnefndra reglna frá 12. október 1993 og taka til allra fyrirtækja sem ríkissjóður selur eða hyggst selja að hluta eða að fullu. Reglurnar taka einnig til eignarhluta í fyrirtækjum sem ríkissjóður selur eða hyggst selja. Viðkomandi ráðuneyti og framkvæmdanefnd um einkavæðingu bera ábyrgð á að farið sé að verklagsreglum þessum.

### 3.3. Sala á hlutabréfum ríkissjóðs kjörtímabilið 1999-2003

Fyrirtæki	Ár	%	Samtals	Uppreiknað á verðlagi 2003
Hólalax hf.	1999	33,00	9	11
FBA	1999	51,00	9.710	11.610
Íslenska menntanetið hf.	1999	100,00	12	14
Búnaðarbanki Íslands hf.	1999	13,00	2.234	2.671
Landsbanki Íslands hf.	1999	13,00	3.283	3.925
Intís hf.	2000	22,00	64	73
Kísiliðjan hf.	2001	51,00	62	66
Stofnfiskur	2001	33,00	267	285
Landssími Íslands hf.	2001	2,69	1.087	1.160
Steinullarverksmiðjan hf.	2002	30,11	220	224
Landsbanki Íslands hf.	2002	20,00	4.736	4.823
Íslenska járnblendifélagið hf.	2002	10,49	132	134
Landsbanki Íslands hf.	2002	45,80	12.300	12.527
Búnaðarbanki Íslands hf.	2003	45,80	11.900	11.900
Landsbanki Íslands hf.	2003	2,50	674	674
Búnaðarbanki Íslands hf.	2003	9,11	2.491	2.491
Íslenskir aðalverktakar hf.	2003	39,86	2.059	2.059
<b>Samtals:</b>			49.181	54.647